

**SKOÐUN** Ólafur Darri Ólafsson hvetur alla sem geta að gerast heimsforeldrar. **18**



**MENNING** Berglind M. Tómasdóttir æfir tónverk í Hörpu fyrir opnum tjöldum. **28**



**LÍFIÐ** Ástríður 2 tilnefnd til Evrópsku sjónvarpsverðlaunanna. **46**



**SPORT** Aron Kristjánsson er að gera flotta hluti með Kolding í Danmörku. **40**







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
**12. september 2014**
214. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**LÍFIÐ**



### Kunni ekki leikreglurnar

Elísabet Ronaldsdóttir klippari er nýkomin heim frá LA, þar sem hún klippti kvikmyndina John Wick með Keanu Reeves í aðalhlutverki.

**FRÉTTIR**

**Ekki ríkisins að borga** Varaformaður fjárlaganefndar telur ekki ríkisins að niðurgreiða ráðgjöf til bænda. **4**

**Óttast slys** Feðgar frá Vatnsleysuströnd segja ekkert gert til að lagfæra hólf þar sem kindur eru hafðar og óttast slys á Reykjanesbraut. **10**

**Obama gegn ISIS** Bandaríkaforseti boðar hernaðaraðgerðir gegn samtökunum Íslamska ríkið. **16**




**18**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | | SV | 15 |
| Akureyri | 13° | | S | 5 |
| Egilsstaðir | 15° | | SV | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | | SV | 6 |
| Reykjavík | 10° | | SV | 8 |

**Allhvasst NV-til** SV-átt, víða 8-13 m/s en að 18 m/s NV-til. Víða rigning einkum S- og V-lands. Dálítil væta NA-til síðdegis. Hiti 8-17 stig, hlýjast NA-til. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Stjórnarflokkarnir deila um hækkun matarskatts

Hver þingmaður Framsóknar á fætur öðrum lýsir sig andsnúinn hækkun á neðra þrepi virðisaukaskattskerfisins. Við breytinguna hækkar verð á matvælum. Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir andstöðuna koma á óvart.

**EFNAHAGSMÁL** Mikil andstaða er innan Framsóknarflokksins við hækkun neðra þreps virðisaukaskattskerfisins úr sjö prósentum í tólf. Við breytinguna mun verð á matvælum hækka.

„Framsóknarflokkurinn í heild var með fyrirvara á málinu,“ segir Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknar, í samtali við Fréttablaðið. Málið eigi eftir að fá þinglega meðferð þannig að óvíst er hvernig það endi.

Höskuldur Þórhallsson, flokksbróðir Ásmundar, efast um að forsendur frumvarpsins um áhrif skattbreytinganna til góðs standist.

„Ég held að það verði að sýna betur fram á að afleiðingarnar verði jafn jákvæðar og fullyrt er. Það er ekki í anda þess sem við höfum verið að gera að hækka matarskatt,“ segir Höskuldur.

Að sögn Höskuldar vonast hann til að það myndist samstaða um að breyta þessu með einhverjum hætti. „Ég sat í fjárlaganefnd í fjögur ár og margoft rákum við okkur á það að forsendur stóðust ekki. Að sjálfsögðu vonast ég til að þetta verði dregið til baka.“

Haraldur Einarsson, þingmaður Framsóknar, er einnig efins.

„Þetta virðist vera að koma illa við fólk með lágar tekjur. Við munum berjast fyrir því að þetta komi ekki illa við það,“ segir Haraldur og bætir við að tryggja þurfi að ráðstöfunartekjur þeirra efnaminni skerðist ekki.

Áður höfðu flokkssystur þeirra, þær Vigdís Hauksdóttir, Sigrún Magnúsdóttir og Elsa Lára Arnardóttir, ásamt Karli Garðarssyni lýst yfir efasemdum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir andstöðu samstarfsflokksins koma á óvart.

„Ég myndi nú ætla að það sé markmið ríkisstjórnarinnar að einfalda skattkerfið, lækka og jafna álögur og þú gerir það náttúrulega ekki nema að minnka muninn,“ segir Guðlaugur en hann kveður margoft hafa verið bent á að virðisaukaskattskerfið sinni ekki sínu hlutverki sem skyldi.

„Það er sjálfsagt að hafa áhyggjur af þeim sem minna mega sín en stofnanir eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og fleiri hafa bent á að virðisaukaskattskerfið sé ekki gott til tekjujöfnunar.“

> **Framsóknarflokkurinn í heild var með fyrirvara á málinu.**
>
> *Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins.*

Guðlaugur segir það eðlilegt að menn vilji fara vel yfir þetta.

„Þetta eru náttúrulega flóknar skattkerfisbreytingar og gríðarleg einföldun. Það að taka út vörugjöldin er væntanlega mesta einföldun sem hægt er að gera á íslensku skattkerfi,“ segir Guðlaugur en svarar því ekki hvort breytingar komi til greina af hálfu Sjálfstæðisflokksins en markmið frumvarpsins sé skýrt. **- fbj**




**LANDAMÆRI** Fólk tekur mynd á landamærum Skotlands og Englands í gær. Eftir viku munu Skotar fara í kjörklefana og kjósa um hvort Skotland segi skilið við Stóra-Bretland eftir um 300 ára samband og verði sjálfstætt ríki. Skoðanakannanir benda til aukins fylgi aðskilnaðarsinna sem gerir stöðuna jafnari og því spennandi kosningar í vændum. NORDICPHOTOS/AFP

Frumraun í kvikmyndaleik:

## Guðni leikur sig sjálfan í bíómynd

**KVIKMYNDIR** „Ég hef svolitla æfingu sem leikari eftir að hafa verið í pólitíkinni, maður þarf stundum að leika aðeins á þeim vettvangi,“ segir Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, sem er á leið á hvíta tjaldið.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Guðni leikur sjálfan sig í kvikmyndinni Afanum.

„Guðni Ágústsson er mjög sannfærandi sem Guðni Ágústsson og leikur sjálfan sig mjög vel. Hann slær líklega Jóhannesi Kristjánssyni eftirhermu við,“ segir Bjarni Haukur Þórsson, leikstjóri Afans. **- glp /** **sjá síðu 46**

Fjöldi erlendra ferðamanna kemur á Landspítalann í júlí og ágústmánuði:

# Mikil fjölgun erlendra sjúklinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Innlögnum erlendra ferðamanna á Landspítalann hefur fjölgað verulega fyrstu átta mánuði ársins, samanborið við sama tímabil í fyrra.

Alls hafa 252 erlendir ferðamenn innritast á legudeildir og hefur samanlagður legudagafjöldi náð 1.406 dögum, samanborið við 154 erlenda ferðamenn á sama tíma í fyrra og 976 legudaga. Í júlí og ágúst leggjast að jafnaði tveir erlendir inn á Landspítalann á degi hverjum.

Komum ferðamanna á dag-, göngu- og bráðadeild spítalans hefur fjölgað mjög. Fjölgun einstaklinga er 54 prósent. 2.590 erlendir ferðamenn hafa komið á deildirnar fyrstu átta mánuði ársins samanborið við 1.645 ferðamenn árið áður.

Þessir 2.590 ferðamenn hafa komið alls 4.853 sinnum á dag-, bráða-, og göngudeildir. Rúmlega 1.700 komur erlendra ferðamanna eru skráðar í bækur spítalans í júlí og ágúst.

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans, segir mikla vinnu á bak við hvern erlendan sjúkling og að umsýslan sé ívið meiri en við íslenska sjúklinga. „Það er heilmikil pappírsvinna í kringum erlenda sjúklinga. Við sjáum mikla fjölgun í komum erlendra ferðamanna til okkar í júlí og ágúst,“ segir María. **- sa /** **sjá síðu 8**



> **Það er heilmikil pappírsvinna í kringum erlenda sjúklinga.**
>
> *María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans*





NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 5513200



## SPURNING DAGSINS



Baldvin, áttu von á því að þættirnir dragi úr óróa á meðal neytenda?

**„Mín von er að við verðum meiri „neitendur“, til þess að jafna út þann óróleika sem hefur verið skapaður í þessu neytendasamfélagi.“**

Baldvin Z leikstýrir nýjum neytendaþáttum á RÚV. Hann hefur áður leikstýrt kvikmyndunum Vonarstræti og Óróa.

Hraunstraumur runnið hátt í 20 kílómetra og er að loka einni kvísl Jökulsár:

# Stöðug gosvirkni í gígnum Baugi

**ELDGOS** „Gosvirknin var nokkuð stöðug í allan gærdag í Holuhrauni. Í miðgígnum Baugi þeyttust upp stórir strókar en í Suðra, syðsta gígnum voru að byggjast upp háir gígveggir,“ sagði Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur í gærkvöldi. Þá átti hraunstraumurinn ófarna um hundrað metra til að loka vestustu kvísl Jökulsár á Fjöllum og átti Ármann von á að það myndi gerast í nótt. Í gær hafði hraunið úr eldgosinu í Holuhrauni runnið tæpa 17 kílómetra í norðaustur frá syðsta hluta gossprungunnar. Þokkalegt veður var á gosstöðvunum í gær, heiðskírt og sást gosið vel. Sandstormur var þó aðeins að angra vísindamennina sem voru við störf.

„En við björgum okkur ágætlega með grímur og gleraugu,“ sagði Ármann. Um kvöldmatarleytið varð jarðskjálfti, 5,2 stig að stærð, á norðurbrún Bárðarbunguöskjunnar.

Um tuttugu skjálftar stærri en 5 hafa mælst á öskjubrún Bárðarbungu síðan hrinan hófst um miðjan ágúst. - jme



**STÖÐUG VIRKNI** Gosvirknin í Holuhrauni er enn mikil og stöðug. Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur fylgist grannt með þróun mála. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL.



**RÁÐHERRA** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra er í forystusveit skagfirskra framsóknarmanna.

Framsóknarmenn mótmæla:

## Gengur gegn stefnu flokksins

**STJÓRNMÁL** Stjórn Framsóknarfélags Skagafjarðar hafnar alfarið áformum stjórnvalda um hækkun á matarskatti.

Í ályktun frá skagfirskum framsóknarmönnum segir að hækkun á matvælaverði gangi gegn þeim er lakari hafa kjörin og stríðir gegn stefnu flokksins um jöfnuð og velferð í íslensku þjóðfélagi. Þá segir stjórnin að hún ætlist til og treysti þingmönnum Framsóknarflokksins til að koma í veg fyrir hækkun matarskatts. - jme

Hlaupakona fyrir bíl:

## Ekið á konu á Sæbrautinni

**UMFERÐ** Hlaupakona varð fyrir bifreið á Sæbraut við Klettagarða um klukkan hálf átta í gærkvöld. Konan var flutt á sjúkrahús til aðhlynningar en ekki var ljóst hversu alvarleg meiðsl hennar voru þegar Fréttablaðið fór í prentun. Áverkar hennar voru þó taldir töluverðir.

Ökumaður var að taka hægri beygju og sá ekki hlaupakonuna samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Sæbrautin var lokuð til vesturs um tíma eftir slysið. - sks

# Bann á hvalabjór enn til skoðunar í kerfinu

Atvinnuvegaráðuneytið hefur enn ekki úrskurðað um lagagrundvöll ákvörðunar um að banna sölu á Hvalabjór Steðja. Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra heimilaði sölu á bjórnum í janúar síðastliðnum og varan kláraðist viku síðar.

**STJÓRNSÝSLA** Enginn úrskurður liggur fyrir um hvort Sigurði Inga Jóhannssyni umhverfisráðherra hafi verið heimilt að leyfa sölu á Hvalabjór Brugghúss Steðja. Rúmir átta mánuðir eru liðnir síðan ráðuneyti hans ákvað að meta lagagrundvöll ákvörðunar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um að banna sölu á bjórnum.

Í janúar síðastliðnum lagði eigandi brugghússins fram stjórnsýslukæru eftir að heilbrigðiseftirlitið hafði gefið út fyrirmæli um sölustöðvun og innköllun þorrabjórsins. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ákvað þá að fresta sölubanninu þangað til úrskurður þess um lagagrundvöll ákvörðunar eftirlitsins lægi fyrir. Varan var uppseld rúmri viku síðar eftir að fimm þúsund lítrar af bjórnum höfðu selst í verslunum ÁTVR.




Þórir Hrafnsson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir stefnt að því að úrskurður liggi fyrir innan fárra vikna.

„Ráðuneytið hefur þurft að afla ítarlegra upplýsinga varðandi þetta mál þar sem málið er bæði flókið og sérhæft. Það var ekki fyrr en í síðustu viku sem síðustu upplýsingar bárust ráðuneytinu svo að málið yrði tækt til úrskurðar,“ segir í skriflegu svari hans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Mörður Árnason, varaþingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi ákvörðun ráðuneytisins á Alþingi í febrúar síðastliðnum og sagði hana vera „geðþóttastjórnsýslu“.



**RÁÐHERRA** Í skriflegu svari Sigurðar Inga Jóhannssonar við fyrirspurn Marðar Árnasonar segir að niðurstaða um lagagrundvöllinn muni ekki liggja fyrir fyrr en að lokinni ítarlegri skoðun á málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í svari ráðherra við fyrirspurn Marðar kom fram að ráðuneytið teldi lagagrundvöll ákvörðunar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands óljósan. Umsagnir Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins um stjórnsýslukæru Steðja fylgdu svarinu og lágu fyrir þegar ákvörðunin um að heimila sölu á bjórnum var tekin. Í umsögnunum kemur fram að brugghúsið hafði notað fjögurra til fimm ára gamalt hvalmjöl frá Hval hf. í framleiðsluna. Mjölið uppfyllti ekki skilyrði matvælalaga enda ekki ætlað til manneldis. Síðar var greint frá því að mjölið innihéldi meðal annars innyfli og þarma hvala.



**MÖRÐUR ÁRNASON**

„Nú hefur komið í ljós að ráðherra meinti ekkert með þessu og það er alveg augljóst að ekkert gerðist fyrr en fjölmiðlar byrjuðu að grennslast fyrir. Það er hins vegar ánægjulegt að málið klárist fyrir næsta bóndadag þegar þorrinn hefst,“ segir Mörður í samtali við Fréttablaðið. haraldur@frettabladid.is




Pistorius myrti ekki unnustuna að yfirlögðu ráði:

# Gæti hlotið dóm fyrir manndráp af gáleysi

**DÓMSMÁL** Dómari í máli Oscars Pistorius segir suður-afríska spretthlauparann ekki hafa myrt unnustu sína að yfirlögðu ráði.

Dómarinn sagði ljóst að framferði Pistorius hafi verið gáleysislegt og hann hagað sér fljótfærnislega þegar hann varð Reevu Steenkamp að bana. Því er mögulegt að Pistorius verði fundinn sekur um manndráp af gáleysi. Fréttaskýrendur BBC segja allt benda til þess.

Er dómarinn hafði frestað réttarhöldunum í gær var fjölskylda Steenkamp fljót að yfirgefa réttarsalinn. Mannfjöldi var saman kominn fyrir utan þinghúsið og fylgdist með þegar Pistorius var leiddur á brott. Réttarhöldin halda áfram í dag. Pistorius var sakaður um að hafa myrt Steenkamp á heimili þeirra í febrúar 2013. Þrátt fyrir að hafa viðurkennt að hafa skotið Steenkamp neitar Pistorius því að það hafi verið að yfirlögðu ráði. - aí



**MEÐ LÖGMANNI SÍNUM** Réttarhöldin yfir Pistorius hafa vakið mikla athygli á heimsvísu. NORDICPHOTOS/AFP






**TÍMABUNDIN VERÐLÆKKUN Á AURIS**
Nú er enn ríkari ástæða til að koma við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og nýta sér verðlækkun á velflestum útfærslum á Auris. Meðan tilboðið varir bjóðast freistandi aukahlutapakkar fyrir Auris.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og finndu Auris sem er eins og skapaður fyrir þig.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is.

TOYOTA TOUCH & GO

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## SVONA ERUM VIÐ



**361** **loftfar var á skrá árið 2013, en árið 1986 voru þau hins vegar 221.**

Flest voru þau 407 á tímabilinu.

Mikið rætt um framgöngu lögreglu fyrir dómi gagnvart þeim sem tóku þátt í mótmælunum:

# Mótmælendur í Gálgahrauni í dómsal

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gegn níu einstaklingum sem handteknir voru í mótmælunum í Gálgahrauni fyrir um ári fór fram í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Nímenningarnir eru ákærðir fyrir að brjóta þá grein lögreglulaga, sem kveður á um að fólki sé skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu.

Mikill fjöldi vitna var kallaður fyrir, auk þess sem nímenningarnir báru vitni í málum hver annars.

Í réttinum var mikið rætt um vinnulag lögreglunnar við handtöku mótmælendanna. Mótmælendur voru á þeirri skoðun að lögreglan hefði gengið allt of hart fram. Verjendur ákærðu þráspurðu lögreglumenn sem báru vitni út í hlutfall lögregluþjóna gegn mótmælendum og hve margir lögreglumenn hefðu verið á vettvangi. Lögreglumenn sögðust flestir ekki muna fjölda lögreglumanna á vettvangi og vildu lítið sem ekkert segja um hlutfall þeirra gagnvart mótmælendum.

Í máli lögreglumanna kom fram að fyrirmæli þeirra fyrir mótmælin hefðu verið að handtaka þá sem færu inn fyrir lokunina, neituðu að víkja og færu ekki eftir fyrirmælum lögreglu.

Aðalmeðferð í málinu verður framhaldið í dag. **- sko / jme**



**ÞRÖNG Á ÞINGI** Það var þröng á þingi í Héraðsdómi Reykjaness þegar aðalmeðferð í máli mótmælendanna í Gálgahrauni fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á FUNDI** Gunnar Bragi Sveinsson talaði um næstu skref íslenskra stjórnvalda í samstarfi við Atlantshafsbandalagið. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Utanríkisáðherra um Nató:

## Vill reglulegar heimsóknir

**STJÓRNMÁL** Næstu skref íslenskra stjórnvalda í samstarfi við NATO eru aukinn gistiríkisstuðningur vegna loftrýmisgæslu, störf borgaralegra sérfræðinga á vettvangi bandalagsins og áframhaldandi framlag til verkefna þess um konur, frið og öryggi.

Þetta kom fram á fundi Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra og Philips M. Breedlove, yfirhershöfðingja Atlantshafsbandalagsins, í Ráðherrabústaðnum í gær. Gunnar Bragi segir mikilvægt að Breedlove heimsæki Ísland reglulega til að kynnast aðstæðum hér á landi og eiga samráð við hérlend stjórnvöld. **- ebg**

Skýrsla um afbrot komin út:

## Fleiri fíkniefnabrot árið 2013

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisbrotum fjölgaði hlutfallslega mest hegningarlagabrota, árið 2013. Helsta ástæða þess er fjórföldun vændismála á milli ára.

Hegningarlagabrotum fækkar þó hlutfallslega á milli ára en sérrefsilagabrotum fjölgar um rúm tvö prósent. Í tilkynningu frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að sú hækkun sé til komin vegna fjölgunar fíkniefnabrota.

Í fyrra var ekkert morð framið á höfuðborgarsvæðinu en þó voru fjórar manndrápstilraunir skráðar hjá lögreglunni. **- skó**

# Ekki ríkisins að niðurgreiða ráðgjafaþjónustu til bænda

Varaformaður fjárlaganefndar telur það ekki ríkisins að niðurgreiða ráðgjafaþjónustu til bænda, frekar en annarra atvinnugreina. Mun valda „stórkostlegum vandræðum“ verði framlagið lagt af segir bændaforystan.

**FJÁRMÁL** „Það er ekki hlutverk ríkisins að greiða fyrir ráðgjafaþjónustu til bænda frekar en annarra atvinnurekenda, ekki frekar en kúasæðingar. Búvörusamningurinn og aðrir samningar við bændur verða áfram til staðar, en margt af þessu á ekki heima þar, að mínu áliti,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður fjárlaganefndar.

Bændasamtök Íslands fá 503 milljónir króna, samkvæmt nýframlögðu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Fjárframlagið er samkvæmt búnaðarlagasamningi áranna 2013 til 2017 og er eyrnamerkt m.a. til ræktunarstarfs, ráðgjafaþjónustu til bænda og verkefna á sviði jarðabóta. Ráðgjafaþjónustan er langveigamesta verkefnið í samningnum, eða rúmlega 300 milljónir öll fimm árin sem samningurinn nær til. Aðrir þættir eru framlag til búfjárræktar, m.a. kynbótaskýrsluhalds og kúasæðinga, og jarðræktarstyrkir. Þeir ganga að mestu til ræktunarsjóðs en einnig til hreinsunar affallsskurða.

Spurður um rökin fyrir því að ríkið niðurgreiði sérstaklega ráðgjafaþjónustu til bænda, og önnur verkefni eins og hreinsun affallsskurða og kúasæðingar, segir Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri BÍ, að samningurinn sé einn af grunnsamningum bænda og verkefnin sem þar eru tiltekin ekki minna mikilvæg en önnur sem tengist því að gera umgjörð landbúnaðarins bærilega. Þess utan kaupi bændur ráðgjafaþjónustu í vaxandi mæli, óháð framlagi ríkisins sem er aðeins einn tekjuþáttur inn í Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, en þangað rennur framlag ríkisins.

Eiríkur segir starf Ráðgjafarmiðstöðvarinnar afar fjölbreytt og ljóst að það myndi valda fyrirtækinu „stórkostlegum vandræðum ef ríkið drægi úr stuðningi sínum“.

Ein af tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar frá nóvember í fyrra er að þessum greiðslum til BÍ verði hætt, en tekið skal fram að framlagið rennur að engu leyti til reksturs Bændasamtakanna. Hagræðingarhópurinn leggur til að búnaðarlagasamningnum verði breytt þannig að áfram verði stuðningur við ákveðin verkefni, og í tillögunni er kornrækt nefnd og verndun búfjárstofna í því samhengi.

Guðlaugur, sem sat í hagræðingarhópnum, bætir við að hann sé að undirbúa fyrirspurn til landbúnaðarráðherra vegna þessara útgjalda.

**svavar@frettabladid.is**



**Í SVEITINNI** Fari sem horfir geta bændur ekki treyst á niðurgreidda ráðgjafaþjónustu innan fárra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EIRÍKUR BLÖNDAL**



**GUÐLAUGUR Þ. ÞÓRÐARSON**

## Fyrirtæki BÍ á 13 stöðum út um land

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) er einkahlutafélag í eigu Bændasamtaka Íslands, og tók til starfa 1. janúar 2013. Starfsmannahópur fyrirtækisins samanstendur að mestu af ráðunautum og starfsfólki sem áður starfaði hjá Bændasamtökunum og búnaðarsamböndum um allt land.

Starfsmenn RML eru um það bil 50 talsins og starfa á þrettán starfsstöðvum víðs vegar um landið. Starfsemi fyrirtækisins skiptist í þrjú meginsvið;

- Undir búfjárræktarsviði eru allar búfjárræktargreinar og þar undir starfa fimm faghópar. Þá tilheyrir því sviði skýrsluhald í búfjárrækt.
- Undir nytjaplöntusviði eru þrír faghópar. Því sviði tilheyrir einnig landnýting.
- Undir rekstrarsviði eru fjórir faghópar auk þess sem hópur ráðunauta starfar þvert á önnur svið.


## Nytjamarkaður Samhjálpar

**Vegna lokunar Nytjamarkaðarins að Funahöfða 19, 110 Reykjavík (kjallari bakvið) verður rýmingarsala dagana 12 - 14. sept. frá kl. 13-20.**

Mikið af húsgögnum og öðrum munum.
Allt þarf að seljast.
Föst verð
kr. 1000.-
kr. 2000.-
kr. 3000.-






Samhjálp
*Hjálpið okkur að hjálpa öðrum*


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Friedrichshafen | 16° | New York | 23° |
| Aþena | 30° | Gautaborg | 21° | Orlando | 32° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 21° | Ósló | 19° |
| Berlín | 19° | Las Palmas | 27° | París | 22° |
| Billund | 20° | London | 21° | San Francisco | 24° |
| Frankfurt | 17° | Mallorca | 34° | Stokkhólmur | 19° |




**HELGIN** Bjart N- og A-til á morgun og á sunnudag. Skýjað að mestu V-til í fyrramálið en birtir heldur til síðdegis. Lítilsháttar rigning eða súld S- og V-til á sunnudag en nokkuð bjart N- og A-lands. Hlýnar heldur á sunnudag.

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ENNEMM / SÍA / NM63944




## Húsnæðislán

# Ertu að hugsa um að kaupa þína fyrstu fasteign?

50% afsláttur af lántökugjöldum við kaup á fyrstu eign er veittur til áramóta

**Við lánum 1.500.000 kr. aukalega til þeirra sem eru að kaupa sér húsnæði í fyrsta skipti.***

Að kaupa húsnæði er stór ákvörðun og því um að gera að vega og meta alla kosti í stöðunni. Húsnæðislánaráðgjafarnir okkar hafa víðtæka reynslu og góðan skilning á aðstæðum ungra fasteignakaupenda og geta því gefið þér góð ráð.

Ræddu við húsnæðislánaráðgjafa í næsta útibúi.

*Heildarlánveiting bankans að meðtöldu viðbótarláni er þó að hámarki 90% af kaupverði. Lántakandi þarf að standast greiðslumat og uppfylla aðrar útlánareglur bankans. Veittur er helmingsafsláttur af lántökugjöldum til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Lántakandi þarf að greiða kostnað við greiðslumat, skjalagerðargjald, þinglýsingargjald og, ef við á, kostnað við veðbanda- og lánayfirlit. Á www.islandsbanki.is getur þú reiknað mánaðarlegar afborganir, árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarkostnað.

islandsbanki.is    Netspjall    Sími 440 4000    Facebook

Íslandsbanki

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margar fjölskyldur og einstaklingar eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá sjö stærstu sveitarfélögum landsins?
**2.** Hversu margir missa rétt til atvinnuleysisbóta um áramótin?
**3.** Hvað heitir sýning Birgis Snæbjörns Birgissonar í Listasafni ASÍ?

**SVÖR:**
**1.** Tæplega 1.800. **2.** Rúmlega sex hundruð. **3.** Ladies, Beautiful Ladies.

Kjarasamningur flugmanna við Icelandair rennur út um næstu mánaðamót:

# Flugmenn komnir í viðræður

**KJARAVIÐRÆÐUR** Kjarasamningur Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FIA) við Icelandair rennur út eftir þrjár vikur.

„Við erum að byrja að tala við þá,“ segir Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA. Hafsteinn segist ekki eiga von á átökum að svo komnu.

Kjaradeila flugmanna við Icelandair var afar hörð snemma í sumar. Flugmenn lögðu niður vinnu tímabundið í nokkur skipti og mikil röskun varð á flugi. Deilunni lyktaði með því að Alþingi samþykkti lög sem bönnuðu aðgerðir flugmanna. Þeir gerðu svo skammtímasamning í kjölfarið.

Félag flugumsjónarmanna hefur náð samningum við Samtök atvinnulífsins. Karl Friðriksson, formaður félagsins, segir að samningurinn sé á sömu nótum og aðildarfélög Alþýðusambandsins hafa samið um á árinu. Samningurinn er afturvirkur til fyrsta febrúar á þessu ári. Þar með er búið að aflýsa nokkrum tímabundnum vinnustöðvunum. - jme



**AÐ RENNA ÚT** Flugmenn eru að hefja viðræður við Icelandair á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ísraelar hefja rannsókn:

# Herinn skoðar stríðsglæpi

**ÍSRAEL** Rannsóknarlögregla ísraelska hersins rannsakar nú 99 mál vegna gruns um stríðsglæpi í átökunum á Gasa. Rannsókn á sjö málum er lokið. Yfirmenn ísraelska hersins hafa fyrirskipað rannsókn á öðrum fimm málum.

Sprengjuárás Ísraelshers á ströndinni þar sem fjögur börn að leik voru drepin eru meðal mála sem til rannsóknar eru. Einnig sprengjuárás á skóla Sameinuðu þjóðanna í Beit Hanoun, þar sem þrettán hið minnsta féllu. - sks



**VILJA SJÁLFSTÆÐI** Tugir þúsunda aðskilnaðarsinna flykktust út á götur Barselóna í gær, þar á meðal þessi tvö. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tugir þúsunda út á götur:

## Vilja sjálfstæða Katalóníu

**SPÁNN, AP** Tugir þúsunda aðskilnaðarsinna í norðausturhluta Spánar flykktust út á götur borgarinnar Barselóna í gær. Kröfðust þeir sjálfstæðis Katalóníu, veifuðu fánum og öskuðu eftir þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem hægt yrði að kjósa um sjálfstæði frá Spáni. Spænsk stjórnvöld segja slíka atkvæðagreiðslu ólöglega.

Fjöldi fólks klæddist gulum og rauðum klæðnaði og kallaði: „Núna er rétti tíminn“ og „Sjálfstæði“ á katalónsku.

Sjálfstæðisbarátta Skota hefur veitt Katalónum nýjan innblástur í eigin baráttu. - fb

### LÖGREGLUMÁL

**Prestur ekki ákærður**

Séra Ninna Sif Svavarsdóttir, æskulýðsprestur í Selfosskirkju, verður ekki ákærð fyrir að sýna börnum í fermingarfræðslu kynfæri fólks. Þetta segir Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Árnessýslu.

# Ekki sett fjármagn í VIRK þrátt fyrir ákvæði í lögum

Íslenska ríkið mun ekki leggja til fjármagn í starfsendurhæfingarsjóðinn VIRK á árinu 2015. Ef ríkið tekur ekki þátt í fjármögnun starfseminnar fellur sú forsenda að allir eigi rétt á þjónustu, segir formaður stjórnar.

**VINNUMARKAÐUR** Íslenska ríkið lagði ekki til fjármagn í starfsendurhæfingarsjóðinn VIRK á árinu 2014, og ekki er gert ráð fyrir fjárframlagi til sjóðsins í fjárlögum ársins 2015, þrátt fyrir að sett væru lög árið 2012 um að ríkið ætti að setja þriðjung í starfsemi sjóðsins á móti framlagi frá lífeyrissjóðum og samtökum atvinnulífsins.

Eygló Harðardóttir velferðarráðherra hefur skipað starfshóp allra aðila til að endurskoða lögin með það að markmiði að allir leggi sitt af mörkum til starfsendurhæfingarmála. Hún telur starfið sem sjóðurinn innir af hendi afar gott og mikilvægt fyrir atvinnulífið.

„Ég tel það mikilvægt að lögunum sé breytt þannig að þau endurspegli betur hversu miklu við eyðum í þetta verkefni nákvæmlega. Það er mín afstaða að þær breytingar eigi að varða alla þá aðila sem koma að fjármögnun starfsendurhæfingarinnar.“

Framlag ríkisins til VIRK samkvæmt lögum átti að vera um 300 milljónir á árinu 2013, um 850 milljónir á árinu 2014 og ríflega milljarður á árinu 2015. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2015 segir að „í ljósi sterkrar sjóðsstöðu VIRK var gerð breyting árið 2013 þess efnis að ríkissjóður skyldi ekki greiða framlög til sjóðsins árin 2013 og 2014 og er einnig gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ekki komi til framlags af hálfu ríkisins til atvinnutengdra starfsendurhæfingarsjóða á árinu 2015, meðal annars af sterkri stöðu VIRK.“ Iðgjöld til VIRK hafa verið hærri en útgjöld úr sjóðnum síðustu ár og býr sjóðurinn nú yfir varasjóði sem samsvarar 12 mánaða rekstri sjóðsins.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**



**HANNES G. SIGURÐSSON**

Samkvæmt spá sjóðsins mun rekstrarkostnaður ársins 2014 fara yfir tvo milljarða og iðgjöld ekki standa undir útgjöldum. Því mun fara að ganga á varasjóðinn sem hefur myndast. Stjórn VIRK hefur í ljósi aðstæðna metið það nauðsynlegt að ávallt sé til staðar varasjóður sem nemi 6-12 mánaða veltu. Þetta hefur legið skýrt fyrir hjá stjórn VIRK. Sér í lagi þar sem fjárveitingar hafa ekki komið frá hinu opinbera.

Hannes G. Sigurðsson, formaður stjórnar VIRK, telur ákveðins misskilnings gæta hjá stjórnvöldum. Hann telur það hafa sýnt sig að sjóðssöfnun VIRK hafi verið bráðnauðsynleg þar sem ríkið hafi ekki komið að fjármögnun sjóðsins. „Hugmyndin að þrískiptingunni í fjármögnun sjóðsins er að allir hafi rétt til starfsendurhæfingar. Allir greiði þá eitthvert iðgjald til sjóðsins. Öryrkjar hafa verið að fara í gegnum dýr úrræði hjá sjóðnum til að mynda. Ef ríkið tekur ekki þátt í fjármögnun þessarar starfsemi þá fellur þessi forsenda og markmiðið að allir eigi rétt á þjónustu VIRK. Þetta er sjálfseignarstofnun og ef fram heldur sem horfir mun starfsemin þurfa að byggjast á því að þeir einir eigi rétt á þjónustunni sem standa að fjármögnun.

sveinn@frettabladid.is




**VIRK STARFSENDURHÆFING** Ríkið hefur ekki greitt í sjóðinn á móti lífeyrissjóðum og aðilum vinnumarkaðarins eins og til stóð í upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### 74% AFTUR Á VINNUMARKAÐ EÐA Í NÁM

Starfsendurhæfingarsjóðurinn VIRK hefur starfað síðan 2008. Öll helstu samtök stéttarfélaga og atvinnurekenda á vinnumarkaði eiga að aðild að VIRK.

Hlutverk hans er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar.

**UM ÞAÐ BIL**
**70%**
þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma eða stoðkerfisvandamála.

**NÆSTUM**
**75%**
einstaklinga sem útskrifast hjá VIRK fara út á vinnumarkað eða í lánshæft nám.






Fólk getur haldið áfram að leggja inn á erlenda sparnaðarreikninga:

# Seðlabanki semur við Allianz

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands hefur gert samkomulag varðandi samninga sem Allianz á Íslandi hefur boðið viðskiptavinum sínum hér á landi. Samkomulagið gerir erlenda tryggingafélaginu og viðskiptavinum þess hér á landi kleift að viðhalda óbreyttu samningssambandi. Er þannig komið í veg fyrir mögulegt tjón neytenda samhliða því að draga úr neikvæðum áhrifum samninganna á greiðslujöfnuð Íslands. Með því er stuðlað að frekari stöðugleika í greiðslujafnaðar- og gengismálum hér á landi, í samræmi við markmið laga um gjaldeyrismál og reglna settra á grundvelli þeirra að því er segir í tilkynningu frá Seðlabankanum. Talið er að um 30 þúsund manns hafi verið með sparnaðarreikninga hjá Allianz.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum á greiðslujöfnuð Íslands felist í samkomulaginu að tryggingafyrirtæki komi með til landsins erlendan gjaldeyri til mótvægis við yfir helming framtíðariðgjaldagreiðslna sem fari úr landi á grundvelli núgildandi samninga yfir gildistíma samkomulagsins.

Seðlabankinn væntir þess að með samkomulaginu í dag verði stigið stórt skref til að eyða þeirri óvissu sem fjöldi sparifjáreigenda hefur búið við síðustu mánuði - jme



**SAMNINGAR** Samkvæmt samningi Seðlabankans og Allianz er sparnaði 30 þúsund Íslendinga borgið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Nýr Kia Rio
# 259.000 kr.*




* Útborgun: 259.000 kr. | Lánshlutfall: 90% | Lánsfjárhæð: 2.331.000 kr. | Breytilegir vextir: 9,15% | Annar kostnaður á lánstímanum: 91.565 kr. (Þinglýsing, lántökugjald, greiðslugjald) | Árleg hlutfallstala kostnaðar: 10,79% | **Mánaðargreiðslur**: 39.128 kr. í 84 mánuði. |
Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%.

PIPAR\TBWA · SÍA · 1424464

**Lykillán** gerir þér kleift að eignast nýjan bíl á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og við lánum þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá viðurkenndu bílaumboði og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Skylt er að húftryggja bifreiðina á lánstímanum.

**Lægstu vextir 8,75%** ræðst af lánshlutfalli

**Kynntu þér kosti Lykillána og fáðu allar nánari upplýsingar á lykill.is**

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lysing.is

Lykill

# Metfjölgun erlendra ferðamanna veldur vanda á Landspítalanum

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mikið á Landspítalanum á fyrstu átta mánuðum ársins. Mikil vinna og aukinn kostnaður fylgir erlendum ferðamönnum, bæði hvað varðar hugsanlega einangrun sem og aukna pappírsvinnu og umsýslu við erlend tryggingafyrirtæki.

Sveinn Arnarson
sveinn@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISMÁL** Heimsóknum erlendra ferðamanna á Landspítalann hefur fjölgað verulega fyrstu átta mánuði ársins, samanborið við sama tímabil í fyrra.

Alls hafa 252 erlendir ferðamenn innritast á legudeildir og hefur samanlagður legudagafjöldi náð 1.406 dögum, samanborið við 154 erlenda ferðamenn á sama tíma í fyrra og 976 legudaga. Í júlí og ágúst leggjast að jafnaði tveir erlendir inn á Landspítalann á degi hverjum.

Að sama skapi hefur komum ferðamanna á dag-, göngu- og bráðadeild spítalans fjölgað mjög. Fjölgun einstaklinga er 54 prósent. Alls hafa 2.590 erlendir ferðamenn komið á deildirnar fyrstu átta mánuði ársins samanborið við 1.645 ferðamenn árið áður.

Þessir 2.590 erlendu ferðamenn hafa komið 4.853 sinnum á bráða-, dag- eða göngudeildir. Sumir þeirra koma oftar en einu sinni sem skýrir mismuninn milli fjölda ferðamanna og fjölda koma. Athygli vekur að 1.719 komur eru skráðar í bækur Landspítalans í tveimur mestu ferðamannamánuðum ársins, júlí og ágúst. Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir sýkingavarnar, segir aukinn kostnað geta falist í því að sinna erlendum ferðamönnum. „Hafi þeir verið á erlendum sjúkrahúsum síðastliðna sex mánuði þurfa þeir að fara í einangrun vegna baktería sem eru ónæmar fyrir ákveðnum tegundum sýklalyfja. Þessu fylgir meiri umsýsla og meiri kostnaður. Hver sjúklingur þarf þá að fara í einbýli og er sinnt á ákveðinn hátt sem krefst hlífðarbúnaðar.“

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans, segir mikla vinnu á bak við hvern erlendan sjúkling og að umsýslan sé ívið meiri en við íslenska sjúklinga. „Það er heilmikil pappírsvinna í kringum erlenda sjúklinga og mun meiri en þá innlendu. Við verðum að tryggja það að fá allar upplýsingar til að hægt sé að fá greiðslur frá erlendum tryggingafélögum sjúklinga og þessi aukna umsýsla kostar Landspítalann mikla peninga. Við sjáum mikla fjölgun á komum erlendra ferðamanna til okkar í júlí og ágúst. Við hins vegar látum þessa vinnu ekki hafa áhrif á þjónustu við sjúklinginn sem er aðalatriðið en á endanum þarf að taka þetta allt saman svo Landspítalanum berist greiðslur frá erlendum tryggingafélögum sjúklinga.“



**LANDSPÍTALINN** Komum erlendra ferðamanna á Landspítalann hefur fjölgað mikið. Fjölgun þeirra er í takt við aukinn ferðamannastraum til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ERLENDIR FERÐAMENN**
FJÖLDI LEGUDAGA Á SJÚKRAHÚSUM




**ERLENDIR FERÐAMENN**
KOMUR Á DAG-, BRÁÐA- OG GÖNGUDEILDIR






**MARÍA HEIMISDÓTTIR** Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans.





ÞÚ KEMST ALLRA ÞINNA FERÐA Á NISSAN LEAF FYRIR EINUNGIS BROT AF ELDSNEYTISKOSTNAÐI HEFÐBUNDINS BÍLS

**5 ÁRA ÁBYRGÐ**
Öllum Nissan Leaf rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 3 ára verksmiðjuábyrgð auk 5 ára verksmiðjuábyrgðar á rafhlöðu sem tryggir þig fyrir mögulegum bilunum, innköllunum eða uppfærslum á búnaði sem kunna að koma upp yfir ábyrgðartímann.

**NOTAÐUR BÍLL SEM INNÁBORGUN**
Þeir sem kaupa Nissan Leaf Nordic rafbíl frá BL ehf. geta greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl. Restina er hægt að taka að láni að hluta eða öllu leyti.

**45 DAGA SKIPTIRÉTTUR**
Langar þig að prófa en ert ekki viss? Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 45 daga skiptiréttur.**

**Ef viðskiptavinur sem keypt hefur Nissan Leaf Nordic telur bílinn ekki henta þörfum sínum bjóðum við 45 daga skiptirétt. Viðskiptavinur getur þá skilað bílnum og látið kaupverðið ganga upp í kaup á sambærilegum eða dýrari nýjum bíl frá BL ehf. Miðað er við að bíllinn sé ekinn að hámarki 1.500 km á tímabilinu.

*Miðað við verðskrá ON 10.09.2014 og 1.250 km akstur á mánuði / 15.000 km á ári.

BL **BL ehf** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# Tvöföld ástæða til að brosa!

**-12 kr.**

**af bensíni og dísel**
**í dag föstudag**

með lykli, Staðgreiðslu- og Tvennukorti Olís

**og**

**50%**

**afsláttur af Quiznos**

Þú finnur Quiznos á völdum Olís-stöðvum.





PIPAR\TBWA · SÍA · 143063

Evrópuráðið vill breytingar:

## Eyðslutölur bíla eru ekki réttar

**NEYTENDUR** Opinberar tölur um eldsneytiseyðslu bíla eru að mati Evrópuráðsins allt of fjarri raunverulegri eyðslu bílanna í daglegri notkun. Á vef FÍB segir að eyðslutölurnar séu fengnar með staðlaðri mælingu á rannsóknarstofum. Bílarnir séu keyrðir á keflum og líkt sé eftir akstri í þéttbýli og úti á vegum.

Nokkur ár tekur að breyta aðferðinni. Evrópuráðið vill bæta við eyðslumælingu í almennri umferð á götum og vegum.“ - fb

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð hefur gert úttekt á stöðu atvinnumála hjá blindum og sjónskertum:

# Helmingi færri konur en karlar í vinnu

**ATINNUMÁL** Að minnsta kosti 47 prósent blindra og sjónskertra á aldrinum 18 til 67 ára stunda vinnu og þrettán prósent eru í námi. Tæp 60 prósent karla eru í vinnu á móti 32 prósentum kvenna.

Þetta kemur fram í niðurstöðum úttektar sem Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hefur gert á stöðu atvinnumála hjá blindum og sjónskertum á Íslandi.

„Sumt kom mér á óvart og annað ekki. Munurinn á atvinnuþátttöku karla og kvenna kom mest á óvart,“ segir Halldór Sævar Guðbergsson, atvinnu- og virkniráðgjafi á Þjónustu- og þekkingarmiðstöð, aðspurður. „Við höfum verið að velta fyrir okkur hverjar séu skýringarnar á þessu og munum skoða þetta betur í vetur þegar við hittum fólk í viðtölum,“ segir hann og bætir við að málið verði krufið enn frekar á ráðstefnu 14. nóvember.

Hlutfall blindra og sjónskertra í vinnu virðist vera mun hærra hér á landi en í öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum. „Ef maður skoðar þetta í alþjóðlegum samanburði þá eru atvinnumálin í góðum málum á Íslandi en ég myndi samt gjarnan vilja sjá hærra hlutfall úti á hinum almenna vinnumarkaði.“ - fb

**32%** blindra og sjónskertra kvenna stunda vinnu.



**HALLDÓR SÆVAR GUÐBERGSSON** Segir að sumt í niðurstöðunum hafi komið sér á óvart en annað ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LAGASAFNIÐ** Lagasafn Alþingis er uppfært tvisvar til þrisvar á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breytingalög felld inn:

## Lagasafn hefur verið uppfært

**ALÞINGI** Ný útgáfa lagasafnsins hefur verið birt á vef Alþingis.

Lagasafnið er uppfært tvisvar eða þrisvar á ári: að loknu haustþingi og að loknu vorþingi ár hvert og að loknu sumarþingi eftir hverjar alþingiskosningar.

Við uppfærslu lagasafnsins eru breytingalög felld inn í stofnlög, nýjum lögum bætt við safnið og brottfallin lög felld út.

Ef í lögum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við þann ráðherra eða ráðuneyti sem tilgreint er hverju sinni í ofanmálsgrein í safninu. - jme

Síld og makríll vel haldinn:

## Síldveiðin er upp og ofan

**SJÁVARÚTVEGUR** Beinar veiðar íslenska flotans á norsk-íslenskri síld hófust fyrir nokkru. Aflinn hefur verið upp og ofan, að sögn Alberts Sveinssonar, skipstjóra á Faxa RE, sem HB Grandi gerir út. Á heimasíðu fyrirtækisins segir Albert það vera merkjanlegt að síldin sé á austurleið.

Það sem af er síldarvertíðinni hefur afli skipanna verið nokkuð blandaður með kolmunna og makríl. „Síldin er hins vegar fín og vel á sig komin og sá makríll sem við fáum er allur stór og vel haldinn,“ sagði Albert. - shá

# Segja gömul gögn að baki gagnrýni OECD

**Forsvarsmenn sauðfjárbænda telja gagnrýni OECD um gróður- og jarðvegseyðingu vart standast skoðun enda að stórum hluta byggða á gömlum gögnum. Skógræktin tekur hins vegar undir með OECD og landgræðslustjóra um ágalla styrkjakerfisins.**

**UMHVERFISMÁL** Forsvarsmenn sauðfjárbænda draga niðurstöður nýrrar umhverfisskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um samhengi landbúnaðarstyrkja og gróður- og jarðvegseyðingu vegna ofbeitar stórlega í efa.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að umfjöllun OECD um beitarmál sé fjarri því aðalatriði í úttekt stofnunarinnar. „Hins vegar hefði OECD og samstarfsaðilar þeirra hérlendis þurft nýrri gögn til stuðnings því sem haldið er fram. Ályktanir þeirra byggjast m.a. á gömlum heimildum frá því á 9. áratug síðustu aldar,“ segir Sigurður sem bætir við að aðstæður hafi breyst mikið á síðustu árum. Þarna vísar Sigurður til úttektarinnar Jarðvegsrof á Íslandi sem kom út árið 1997, og vitnað er ítrekað til í úttektinni.



**SIGURÐUR EYÞÓRSSON**

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri tók undir gagnrýni OECD í viðtali við Fréttablaðið í vikunni og telur hann að misvægið á milli styrkja og mótvægisaðgerða í landgræðslu verði að jafna; draga úr styrkjum og auka fé til landbóta. Sveinn telur að landnýting sé fjarri því sjálfbær og að ákvæði um gæðastýringu sauðfjárræktar frá búvörusamningi ársins 2000 hafi ekki gengið nægilega langt.

Sigurður segist ósammála mati landgræðslustjóra. „Fyrir það fyrsta fer Landgræðslan með eftirlit með landnýtingu hjá þeim sem taka þátt í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Hafi því eftirliti ekki verið nægilega sinnt undanfarin ár þá er fyrst og fremst við stofnunina sjálfa að sakast,“ segir Sigurður og bætir við að fleira komi til.

„Mun færra fé er í landinu í dag en fyrir 30 árum, eða um helmingur þess sem var þegar það var mest um 1980. Fyrr á árum var sauðfé beitt úti á vetrum sem skapaði oft verulegt álag á landið. Það er nú liðin tíð,“ segir Sigurður.

Um 600 bændur um allt land starfa innan raða verkefnisins „Bændur græða landið“ í samvinnu við Landgræðsluna. „Við viljum gjarnan vinna áfram með Landgræðslunni að landbótum og uppgræðsluverkefnum, því bændur eiga auðvitað allt sitt undir því að geta nýtt landið til framtíðar litið,“ segir Sigurður.

svavar@frettabladid.is



**Á HÓLASANDI** Harðlega er gagnrýnt að ekki sé fylgst með jarðeyðingu með skipulögðum hætti. MYND/PRÓSTUREYSTEINSSON

### Skógræktin bregst við skýrslu OECD

**Skógrækt ríkisins birti umfjöllun um þetta álitamál á vefsíðu sinni í gær. Þar er tekið undir gagnrýni OECD, en jafnframt bent á að íslensk stjórnvöld eru gagnrýnd harðlega í skýrslunni fyrir lítið eftirlit og að rofskýrslunni frá 1997 skuli ekki hafa verið fylgt eftir. Þrennt þarf að gera til að bregðast við skýrslunni:**

- Að koma á vörsluskyldu búfjár í landinu og leggja af löngu úrelt beitarfyrirkomulag með lausagöngu sauðfjár.
- Að fylgja eftir skýrslunni Jarðvegsrof á Íslandi frá 1997 með vöktun á ástandi lands með mælanlegum vísum eða mælikvörðum. Rétt eins og fylgst er stöðugt með veðurfari og um það safnað gögnum er nauðsynlegt að hafa á hverjum tíma tiltæk gögn um ástand gróðurþekjunnar, gróðurframvindu, gróðureyðingu og jarðvegsrof.
- Að stórauka skógrækt á láglendisauðnum. Á þeim illa eða ógrónu láglendissvæðum sem nema 12% landsins búa mikil tækifæri til uppgræðslu með skógrækt.



**FAGNA** Samtök iðnaðarins fagna boðuðum breytingum á virðisaukaskattskerfinu og afnámi vörugjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SI telja að heimilin hagnist:

## Skattheimta einfölduð

**EFNAHAGSMÁL** Boðaðar breytingar á virðisaukaskatti og afnám vörugjalda í nýju fjárlagafrumvarpi eru afar jákvæðar fyrir íslenskt efnahagslíf að mati Samtaka iðnaðarins (SI). Samtökin telja að bæði neytendur og framleiðendur muni njóta góðs af breytingunum og innheimta skatta fyrir ríkissjóð verði einfaldari og skilvirkari. Neytendur muni njóta minnkandi kostnaðar við innheimtu vörugjalda. Hins vegar segja SI það mikil vonbrigði að til standi að hætta endurgreiðslu 100 prósent virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað. - jme

Ratsjárstöð á Svalbarða:

## Kínversku loftneti hafnað

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld hafa sagt nei við beiðni Kínverja um að fá að reisa eigið radarloftnet á Svalbarða þar sem er alþjóðleg ratsjárstöð. Markmiðið með ratsjárstöðinni er að stunda rannsóknir í geimnum, meðal annars á norðurljósum. Kína er með í EISCAT, samtökum sem vísindaráð og stofnanir í Finnlandi, Japan, Kína, Noregi, Bretlandi, Svíþjóð og Þýskalandi eiga.

Nú þegar eru tvö stór radarloftnet á svæðinu en Kínverjar vildu reisa það þriðja og standa straum af meirihluta kostnaðarins. - ibs

Breytingar á kosningalögum:

## Einn listi í Reykjavík

**ALÞINGI** Þingmenn úr röðum Vinstri grænna, Samfylkingar, Framsóknar og Pírata hafa lagt fram frumvarp til laga á Alþingi sem á, verði það að lögum, að heimila stjórnmálasamtökum að bjóða fram einn sameiginlegan lista fyrir Reykjavíkurkjördæmi suður og norður og skal þá báðum yfirkjörstjórnum tilkynnt um framboð. Frumvarpið var flutt á síðasta löggjafarþingi en dagaði uppi í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og er nú endurflutt. - jme

Á meðan ýmsar greinar innan ferðaþjónustu færast í neðra virðisaukaskattsþrep sleppur laxveiðin:

# Veiðileyfi enn undanþegin virðisaukaskatti

**EFNAHAGSMÁL** Ekki er gert ráð fyrir því að veiðileyfi í ám landsins verði virðisaukaskattskyld í nýjum fjárlögum sem kynnt voru í vikunni. Ýmsar undanþágur hafa verið veittar í gegnum tíðina en 1. maí á næsta ári mun undanþága vegna fólksflutninga í afþreyingarskyni falla úr gildi. Þar með verða skipulagðar ferðir innan ferðaþjónustunnar, svo sem hestaferðir og rútuferðir, virðisaukaskattskyldar. Þetta gagnrýnir Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði, og telur veiðileyfi af þessum toga eiga að bera virðisaukaskatt.



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, telur ekki rétt að leggja virðisaukaskatt á veiðileyfi. „Það er þannig að veiðileyfi er í raun veiðileiga og hún er lögum samkvæmt fasteignaleiga. Sú leiga er ekki virðisaukaskattsskyld. Veiðiréttindi eru metin til fasteignaverðs og eru hluti af fasteign veiðiréttareiganda.“

Þórólfur Matthíasson telur eðlilegra að horfa til þess að um veiðileyfi sé að ræða frekar en leigu á veiðiréttindum. „Væri leiga á laxveiðihlunnindum virðisaukaskattsskyld kæmi innskattur til frádráttar útskattinum með sama hætti og í annarri þjónustu,“ segir Þórólfur. - sa



**VEIÐILEYFI** Bera engan virðisaukaskatt




Í tilefni af 40 ára afmæli VW Golf bjóðum við sérútbúna Comfortline og Highline bíla á einstöku tilboðsverði. Komdu og tryggðu þér einn pakkaðan af afmælisdóti, tilbúinn á götuna.

| Golf Comfortline 1.4 TSI sjálfskiptur | 3.850.000 kr. |
|---|---|
| **Aukalega í afmælisútgáfu** | |
| • 17" Dijon felgur með sportfjöðrun | |
| • Skyggðar rúður | |
| • Sportsæti | |
| • R-Line útlit | |
| • Xenon ljós með LED dagljósum | |
| • Panoramic sóllúga | |
| **Afmælisbíll með aukabúnaði** | **4.735.000 kr.** |
| **Tilboðsverð** | **4.120.000 kr.** |

| Golf Highline 1.4 TSI sjálfskiptur | 4.190.000 kr. |
|---|---|
| **Aukalega í afmælisútgáfu** | |
| • 17" Dijon felgur með sportfjöðrun | |
| • Skyggðar rúður | |
| • R-Line útlit | |
| • R-Line innrétting | |
| • Xenon ljós með LED dagljósum | |
| **Afmælisbíll með aukabúnaði** | **4.965.000 kr.** |
| **Tilboðsverð** | **4.360.000 kr.** |

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR OF THE YEAR

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Óttast slysahættu vegna kinda við Reykjanesbraut

Feðgar frá Vatnsleysuströnd eru orðnir þreyttir á því að ekkert hafi verið gert til að lagfæra hólf þar sem kindur eru hafðar. Þeir ætla að sleppa kindunum í hólfið á næstunni og óttast mjög afleiðingarnar.

**LANDBÚNAÐUR** Feðgar frá Vatnsleysuströnd segja að Vegagerð ríkisins hafi svikist um að hafa eftirlit með hólfi fyrir kindur sem er á milli Reykjanesbrautar og Vatnsleysustrandar.

Kindurnar þeirra eru um áttatíu talsins og sleppa iðulega út í gegnum göt á girðingunni sem þeir segja að Vegagerðin hafi ekki látið gera við.

„Hólfið heldur ekki fé, það er bara eins og gatasigti. Því hefur ekki verið haldið við í tíu ár,“ segir Virgill Scheving Einarsson, landeigandi á Efri-Brunnastöðum, orðinn þreyttur á gangi mála.

Sonur hans, Kristmundur, á kindurnar sem hafa verið hafðar bæði í þessu hólfi og í Grindavík. Kindurnar hans, sem og annarra sem hafa verið með kindur í hólfinu, hafa margoft sloppið úr því. Þær hafa fundist á beit við Reykjanesbrautina en brautin liggur þvert yfir land þriggja bæja á Vatnsleysuströnd, þar á meðal Efri-Brunnastaða. Beitarhólfið sjálft er skammt frá afleggjaranum í Voga og liggur girðing meðfram Reykjanesbrautinni á tvö til þrjú hundruð metra belti.

Saman ætla feðgarnir að reka fé í hólfið 20. september næstkomandi. „Þá komum við til með að reka féð í hólf sem heldur ekki. Ég óttast mest slysahættu vegna þess að þær sleppa alltaf út á Reykjanesbrautina,“ segir Kristmundur.

> **Hólfið heldur ekki fé, það er bara eins og gatasigti.**
> *Virgill Scheving Einarsson.*

Faðir hans, Virgill, bendir á að bílar aki þar um á mikilli ferð. „Lögreglan í Keflavík er alltaf að hringja og segja að það séu kindur fyrir ofan Voga. Núna ætlum við að sleppa þeim lausum í hólfin. Vegagerðin er ábyrg, ekki við,“ segir hann.

Fyrir tveimur vikum sendi Virgill Vegagerðinni og innanríkisráðuneytinu bréf þar sem hann óskaði eftir því að Vegagerðin stæði við samning sem þeir segja að hún og sveitarfélagið Vogar hafi gert við landeigendur á Vatnsleysuströnd árið 1994 um að eftirlit yrði með hólfinu. „Það er bagalegt að það skuli hafa verið gerður skriflegur samningur, sem ekki hefur verið staðið við,“ segir Virgill og bætir við að Landgræðsla ríkisins hafi skaffað áburð fyrir beitarhólfið en enginn hafi komið með hann síðustu fimm til sex ár.

freyr@frettabladid.is



**ÓÁNÆGÐUR** Virgill Scheving Einarsson er óánægður með að hólfið fyrir kindurnar hafi ekki verið lagfært. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vegagerðin staðið við samkomulagið

Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri hjá Vegagerð ríkisins, kannast við að hafa séð tölvupóstinn sem Virgill sendi. Hann segir að samningsdrög séu til um gerð beitarhólfs fyrir búfé milli sveitarfélagsins Voga og Vegagerðarinnar frá árinu 2008. „Þar kemur fram að Vegagerðin ætlaði að girða ákveðinn kafla frá Reykjanesbraut niður undir Vatnsleysustrandarveg sem hún gerði. Að öðru leyti snýr þetta að sveitarfélaginu sem sér um og kostar viðhald girðinga og hefur eftirlit með að búfjáreigendur virði bann við lausafjárgöngu. Vegagerðin hefur því staðið að fullu við sinn þátt í þessu samkomulagi frá 2008,“ segir Svanur. Ekki náðist í bæjarstjóra Voga í gær.



**RÁÐSTEFNA** Forseti Alþingis tekur þátt í umræðum um lýðræðisþátttöku í Ósló. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forseti á faraldsfæti:

## Þingforsetar á fundi í Ósló

**ALÞINGI** Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, situr nú ráðstefnu forseta þjóðþinga Evrópuráðsríkja í Ósló. Fundarefni er meðal annars lýðræðisþátttaka og traust á stofnunum, staða öryggismála og lýðræðis í Evrópu og hlutverk stjórnar og stjórnarandstöðu í lýðræðisríkjum.

Evrópuráðsþingið er vettvangur þjóðþinga aðildarríkja Evrópuráðsins. - jme

Kópavogsbær kynnir uppgjör:

## Afkoman betri en áætlað var

**KÓPAVOGSBÆR** Hagnaður Kópavogsbæjar fyrstu sex mánuði ársins nam 452 milljónum króna. Tekjur voru umfram áætlanir og fjármagnsgjöld voru lægri.

„Árshlutauppgjörið skilar okkur betri afkomu en við reiknuðum með sem er ánægjulegt en þess má geta að nýir kjarasamningar hafa lítil áhrif á fyrri hluta ársins og þá var verðbólga lægri en við gerðum ráð fyrir. Við þurfum því og munum áfram gæta aðhalds í rekstri,“ segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri. - hg




Með fróðleik í fararnesti

Hjólreiðaferð um borgina 13. september kl. 11

**Karl Benediktsson**, prófessor í landfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, leiðir ferð um hjólastíga og götur Reykjavíkur. Staldrað verður við á nokkrum stöðum og fjallað um sögu borgarinnar, umhverfi og skipulag frá ýmsum sjónarhornum. Einnig verður spjallað um hjólreiðar í borginni og reiðhjólið sem samgöngutæki.

Þátttakendur eru beðnir um að mæta á reiðhjóli.

**Lagt verður af stað frá styttu Sæmundar fróða á flötinni framan við Aðalbyggingu Háskóla Íslands kl. 11 og er gert ráð fyrir að ferðin taki um það bil tvær klukkustundir. Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag barnanna.**

**Allar nánari upplýsingar á hi.is**

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands halda áfram samstarfi sínu um göngu- og hjólreiðaferðir sem hófust á aldarafmæli skólans 2011. Reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna Háskóla Íslands blandast saman í áhugaverðum ferðum um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Valitor** er stuðningsaðili Ferðafélags Íslands.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 143058




**VINSÆLAR ÞÁTTASERÍUR** Heil sería af Orange Is the New Black var í boði fyrir áskrifendur Stöðvar 2 í sumar áður en þættirnir voru sýndir vikulega á sjónvarpsstöðinni.

Hægt að taka þáttamaraþon í Stöð 2 Maraþon:

## Spornað við erlendu niðurhali og Netflix

**FJÖLMIÐLAR** Stöð 2 kynnir í dag nýja þjónustu fyrir áskrifendur sína, Stöð 2 Maraþon, sem er aðgengilegt undir Stöð 2 Frelsi á myndlyklum Símans og Vodafone.

Þar verður að finna heilar þáttaraðir, bæði nýjar og eldri. „Við vitum að fólk vill í auknum mæli stjórna sinni eigin dagskrá og horfa á seríur þegar því hentar. Þetta hentar þeim sem vilja ekki bíða í heila viku eftir næsta þætti,“ segir Jóhanna Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri dagskrárdeildar sjónvarps hjá 365 miðlum.

Jóhanna segir Stöð 2 Maraþon vera leið til að sporna við erlendu niðurhali og efnisveitum Netflix og Hulu sem sækja sífellt inn á markað Stöðvar 2 í leyfisleysi með því að bjóða upp á hágæðaefni með íslenskum texta.

„Við munum keppast við að koma vinsælustu þáttaröðum okkar inn á Stöð 2 Maraþon jafnvel áður en þær fara í loftið á Stöð 2,“ segir Jóhanna og bendir á að slíkt hafi verið gert með aðra seríu Orange Is the New Black í sumar við góðar undirtektir.



> **Við vitum að fólk vill í auknum mæli stjórna sinni eigin dagskrá og horfa á seríur þegar því hentar.**
> *Jóhanna Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri dagskrárdeildar sjónvarps hjá 365 miðlum.*

Í Stöð 2 Maraþon er nú þegar að finna nokkrar af vinsælustu þáttaröðum Stöðvar 2 á borð við Game of Thrones, The Killing, Those Who Kill og Crisis. Áform eru um að auka úrvalið jafnt og þétt auk þess sem stefnt er að því að bjóða upp á úrval af bíómyndum. - eó




Remington · Browning · Winchester · Baikal · Blaser · Tikka · Sako · Deerhunter Outdoor Clothing

**WINCHESTER** SXP BLACK SHADOW
**60.830 KR.**
VERÐ ÁÐUR 86.900 KR.

**MARLIN** RIFFILL XT22SR 22LR SYN
Tekur sjö skot í skotgeymi
**48.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

**REMINGTON** 870 EXPRESS
Synthetic pumpa
**53.830 KR.**
VERÐ ÁÐUR 76.900 KR.

**BROWNING** X-BOLT COMPOSITE
Ath. sjónauki fylgir ekki
**122.430 KR.**
VERÐ ÁÐUR 174.900 KR.

**TIKKA** VARMINT 6,5X55
**139.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 199.990 KR.

**BROWNING** PHOENIX COMPOSITE 28
Fæst með 28 tommu hlaupi
**139.930 KR.**
VERÐ ÁÐUR 199.900 KR.

**REMINGTON** SPORTSMAN 11-87 FIELD
**125.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 179.990 KR.

**Winchester og Remington skotin komin í hús!**

**BROWNING** MAXUS 26 COMPOSITE
Hálfsjálfvirk haglabyssa
**181.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 259.990 KR.

**TIKKA** T3 HUNTER 6,5X55 FLUTED
Flútað hlaup
**146.930 KR.**
VERÐ ÁÐUR 209.900 KR.

**REMINGTON** VERSA MAX CAMO 26
Gasskipt með snúningsbolta
**209.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 299.990 KR.

**REMINGTON HREINSIBURSTAR**
Verð frá **390 KR.**

**SAKO** SYNTHETIC SS 6,5X55
**230.930 KR.**
VERÐ ÁÐUR 329.900 KR.

**MAUSER** M12 EXTREME 6,5x55
**244.930 KR.**
VERÐ ÁÐUR 349.900 KR.

**MAUSER** M12 6,5X55
**279.930 KR.**
VERÐ ÁÐUR 399.900 KR.

**REM** HREINSISETT
fyrir haglabyssur
**1.990 KR.**

15% AFSLÁTTUR
**DEERHUNTER** RECON SETT
Vind- og vatnsheldur fatnaður
**72.233 KR.**
VERÐ ÁÐUR 84.980 KR.

15% AFSLÁTTUR
**DEERHUNTER** CHEAHA JAKKI
Vind- og vatnsheldur fatnaður
**29.742 KR.**
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.

15% AFSLÁTTUR
**DEERHUNTER** CHEAHA BUXUR
Vind- og vatnsheldur fatnaður
**16.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

**REM** HREINSIEFNI 3PACK
**1.890 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 142920

## KELPNÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI Í PESTÓ

*fyrir 3-4 að hætti Sollu*

1 pk kelpnúðlur,
lagðar í bleyti í kalt vatn í 20 mín
2 tómatar, skornir í báta
1 pk mini maís, skorinn í 2 og
settur á grillpönnu
1 kúrbítur, skorinn í 1/2 mána og
grillaður á pönnu
smá vorlaukur, í þunnum strimlum
pestó

Setjið kelpnúðlurnar í salatþeytu eða sigti, létt þerrið síðan og setjið í skál. Skerið tómatana í báta, skerið grænmetið og grillið á grillpönnu eða venjulegri pönnu. Blandið grænmetinu saman við kelpnúðlurnar og tossið upp úr pestó.

**Pestó**
1 búnt basil
50g furuhnetur, þurrristaðar á pönnu
2 hvítlauksrif
smá sjávarsalt
1 msk sítrónusafi
½ - ¾ dl lífræn jómfrúarólífuolía

Byrjið að setja allt nema ólífuolíuna í matvinnsluvél eða morter og maukið/merjið, setjið í skál og hrærið ólífuolíunni útí og klárið að blanda saman.






LÍFRÆNT Solla

## HIMNESKT VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!





TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

**NOW vítamín**
Vítamín og fæðubótarefni.




TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

**NUTRAMINO**
Ice-tea, isotonic og red fuel.




TILBOÐ 3.289 kr/kg v.á. 3.899

**AMINO ENERGY**
Frábær orkudrykkur sem hægt er að drekka hvenær sem er yfir daginn til að fá auka orku.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**PLATINUM PRE**
„Stóri bróðir" Amino Energy, mjög öflugur orkugjafi fyrir æfingu fyrir þá sem æfa íþróttir eða lyfta að mikilli ákefð.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**RAPUNZEL músli**
3 gómsætar tegundir.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**RAUTT GINSENG**
100 hylki x 500mg - Extra kröftugt!

*Grænt og gómsætt*

## HÄLSANS SOJARÉTTIR Í ÚRVALI




Kjúklingur • Borgarar • Falafel bollur • Bollur • Sesam naggar • Pylsur • Snitsel

Gildir til 14. september á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg



Holta

Að hætti Eyþórs
Matgæðingur Hagkaups og yfirkokkur á Gló

100% HREIN AFURÐ

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**KJÚKLINGABRINGUR**
2.174 kr/kg
verð áður 2.899

# **KJÚKLINGABRINGUR Í PISTASÍU KRYDDHJÚP** MEÐ KREMAÐRI SVEPPASÓSU, TAGLIATELLE SHITAKESVEPPUM OG KOKTEILTÓMÖTUM *FYRIR 4*

4 stk kjúklingabringur
30 gr íslensk steinselja
½ hvítlauksrif
70 gr pistasíukjarnar
40 gr grana padano ostur
40 gr brauðraspur
Börkur af 1 lime
Sjávarsalt
Svartur pipar úr kvörn

Setjið allt nema kjúklingabringurnar saman í matvinnsluvél og blandið vel saman. Leggið kjúklingabringurnar í eldfast mót og þekjið þær með kryddhjúpnum. Setjið inn í 180° heitan ofninn í 35 min eða þar til bringurnar eru orðnar 74 gráður í kjarnhita.

**Kremuð sveppasósa**
1 stk hvítur laukur
1 hvítlauksrif
Olía til steikingar
100 ml hvítvín (má sleppa)
200 gr blandaðir frosnir villisveppir
½ liter rjómi
150 ml kjúklingasoð eða vatn og kraftur
Safi úr 1 stk lime
Sjávarsalt
Svartur pipar úr kvörn
Kjúklingakraftur

Skrælið og skerið laukinn og hvítlaukinn í þunnar skífur. Steikið laukinn við lágan hita þar til hann er orðinn mjúkur í gegn. Hellið hvítvíninu yfir laukinn og sjóðið það niður um helming. Hellið soðinu (eða vatninu) og rjómanum í pottinn og sjóðið við lágan hita í ca. 30 min eða þar til að sósan fer að þykkna. Maukið sósuna með töfrasprota. Smakkið hana til með lime safanum salti, pipar og kjúklingakraftinum eftir smekk.

**Tagliatelle með steiktum sveppum og kokteiltómötum**
500 gr ferskt tagliatelle
1 box shitakesveppir
1 box sveppir
1 box kokteiltómatar
50 gr smjör
Sjávarsalt
Svartur pipar úr kvörn

Sjóðið pastað og kryddið það með salti og pipar og veltið því upp úr ólífuolíu. Skerið sveppina niður og steikið þá upp úr smjörinu. Skerið tómatana í fernt. Gott er að bera þennan rétt fram með sítrónusneið, klettasalati og ólífuolíu



í pestósósu og rjómaosti

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**LAXASTEIKUR- 500 GR**
1.439 kr/stk
verð áður 1.799



ÍSFUGL

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

**KALKÚNABRINGA FERSK**
2.519 kr/kg
verð áður 3.599



Holta

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

100% HREIN AFURÐ

**FERSKUR KJÚKLINGUR**
799 kr/kg
verð áður 999



ÍSLANDS NAUT

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**NAUTAFILE**
3.524 kr/kg
verð áður 4.699



ÍSLANDS LAMB

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

**LAMBALUNDIR**
4.409 kr/kg
verð áður 6.299

Eldgrillaður KJÚKLINGUR

**STÓR KJÚKLINGUR, ELDGRILLAÐUR Á STAÐNUM Í SKEIFUNNI OG GARÐABÆ**



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Kosningabaráttan í Svíþjóð:

## Skotið á hægri starfsmenn

**SVÍÞJÓÐ** Tveir starfsmenn úr ungliðahreyfingu Hægri flokksins í Svíþjóð urðu fyrir skotárás þegar þeir settu upp auglýsingar í Borås aðfaranótt fimmtudags og fékk maður um tvítugt skot í brjóstið úr loftbyssu.

Samkvæmt frétt á vef Dagens Nyheter er hann ekki talinn alvarlega særður.

Lögreglan handtók tvo unga menn skömmu eftir skotárásina. Ekki er talið að árásin tengist stjórnmálum. - ibs

Helstu fjármálastofnanir Skotlands hafa búið til viðbragðsáætlanir vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar:

# Bankarnir hóta að flytja frá Skotlandi

**LONDON, AP** Helstu fjármálastofnanir Skotlands, þar á meðal Royal Bank of Scotland og Lloyds Banking Group, segjast ætla að flytja höfuðstöðvar sínar til Englands ef Skotar ákveða að kljúfa sig frá Bretlandi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi tíðindi eru áfall fyrir þá sem hafa barist fyrir sjálfstæði Skota.

Hinn konunglegi banki Skotlands, sem hefur verið starfræktur í landinu síðan 1727, segist hafa búið til viðbragðsáætlun vegna óvissunnar sem gæti skemmt fyrir viðskiptum bankans ef sjálfstæðið verður samþykkt hinn 18. september. Lloyds Banking Group, sem er eigandi bankanna Halifax og Bank of Scotland, ætlar einnig að búa til „nýjar einingar“ á Englandi ef Skotland öðlast sjálfstæði.

Talsmenn bankanna segja að aðgerðirnar séu af lögfræðilegum toga og hafi lítil áhrif á starfsemi þeirra í Skotlandi. Þær eru engu að síður vatn á myllu þeirra sem telja að sjálfstæði Skotlands muni leiða til þess að fyrirtæki yfirgefi landið. - fb



**ROYAL BANK OF SCOTLAND** Höfuðstöðvar Royal Bank of Scotland sem munu hugsanlega flytjast til Englands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Obama vill uppræta Íslamska ríkið

Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar ekki að taka hryðjuverkasamtökin Íslamska ríkið neinum vettlingatökum. Loftárásir á Sýrland eru fyrirhugaðar og aðstoð aukin við þá sem berjast við meðlimi samtakanna á jörðu niðri. Bretar og Þjóðverjar taka ekki þátt í aðgerðunum.

**WASHINGTON, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur heitið því að uppræta hryðjuverkasamtökin Íslamska ríkið. Í samstarfi við nýja ríkisstjórn í Írak og fleiri ríki ætla Bandaríkjamenn að stöðva framgang samtakanna, sem hefur verið mikill upp á síðkastið.

„Markmið okkar er skýrt. Við ætlum að eyðileggja fyrir samtökunum og á endanum uppræta þau með umfangsmiklum og stöðugum and-hryðjuverkaaðgerðum,“ sagði Obama í sjónvarpsávarpi sínu í fyrrinótt.

Forsetinn hefur í fyrsta sinn heimilað loftárásir á Sýrland, þar sem vígamenn samtakanna hafa hafst við, og á skotmörk þeirra í Írak.

„Í fyrsta lagi ætlum við í kerfisbundnar loftárásir gegn þessum hryðjuverkamönnum,“ sagði Obama. „Í öðru lagi munum við auka stuðning okkar við þá sem berjast við hryðjuverkamennina á jörðu niðri. Í þriðja lagi munum við nota reynslu okkar til að koma í veg fyrir árásir Íslamska ríkisins. Í fjórða lagi munum við veita mannúðaraðstoð saklausum borgurum sem hafa þurft að yfirgefa heimili sína vegna þessara hryðjuverkasamtaka, þar á meðal súnní- og sjíamúslimum, sem eru í mikilli hættu.“

Obama bætti við að það tæki tíma að uppræta „krabbamein“ á borð við Íslamska ríkið. „Fólk verður að átta sig á því að þessar aðgerðir eru öðru vísi en stríðið í Írak og Afganistan. Við munum ekki nota hermenn á jörðu niðri.“

Bresk stjórnvöld sögðust í gær ekki ætla að taka þátt í loftárásum á Sýrland og Þjóðverjar voru á sama máli. Bretar útilokuðu ekki að aðstoða Bandaríkjamenn við annars konar árásir á Íslamska ríkið.

Yfirvöld í Sýrlandi og Íran gagnrýndu bandarísku ríkisstjórnina fyrir að leyfa þeim ekki að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi til að stöðva Íslamska ríkið.

Utanríkisráðherra Rússlands gagnrýndi harðlega fyrirhugaðar loftárásir Bandaríkjamanna á Sýrland sem hefðu verið ákveðnar án samþykkis Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og væru svívirðilegt brot á alþjóðlegum lögum.

freyr@frettabladid.is



**BARACK OBAMA** Í sjónvarpsávarpi sínu sagði forsetinn að árásirnar á Íslamska ríkið verði frábrugnar stríðinu í Írak og Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### ÁRÁSIR Á VÍGAMENN ÍSLAMSKA RÍKISINS

Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar að fjölga sprengjuárásum á vígamenn Íslamska ríkisins. Með því vill hann aðstoða ný stjórnvöld í Írak við að endurheimta landsvæði sín. Aðgerðirnar gætu einnig falið í sér skotmörk í hinu stríðshrjáða Sýrlandi.







© GRAPHIC NEWS




Háskólaráð lýsir þungum áhyggjum vegna frumvarps til fjárlaga fyrir 2015:

# Vantar ellefu milljarða til að standa jafnfætis Norðurlöndum

**STJÓRNMÁL** „Háskólaráð Háskóla Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af áframhaldandi óviðunandi rekstrarumhverfi háskólans sjöunda árið í röð verði fjárveitingar til skólans eins og kynnt er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015,“ segir í ályktun sem háskólaráðið samþykkti einróma og sendi frá sér í gær.

Háskólaráðið segir að í nýútkominni skýrslu OECD komi fram að framlög til háskólastigsins á Íslandi fari enn lækkandi í samanburði við meðaltal OECD-ríkja og sérstaklega miðað við Norðurlönd.

„Er svo komið að Háskóli Íslands þyrfti að hafa um sex milljörðum króna (tæp 40 prósent af heildartekjum háskólans árið 2013) hærri heildartekjur svo OECD-meðaltali væri náð og um 11 milljarða króna (um 70 prósent af heildartekjum háskólans 2013) vantar í samanburði við Norðurlöndin,“ segir háskólaráðið.

Þá segir að Háskóli Íslands fagni því að aukið fé sé veitt til samkeppnissjóða Vísinda- og tækniráðs í fjárlagafrumvarpinu 2015 og ánægjulegri hækkun nokkurra reikniflokka vegna kennslu.

„Hins vegar verður ekki betur séð en að sú reikniaðferð sem notuð hefur verið af stjórnvöldum undanfarin ár til þess að áætla fjölda ársnema í fjárlögum hafi verið aftengd. Reiknireglan byggir á vegnu meðaltali fjölda ársnema undanfarinna þriggja ára,“ segir ráðið sem kveður áætlanir HÍ ganga út frá því að reiknireglan sé notuð. Þannig vanti 440 milljónir í kennslufjárveitingu fyrir árið 2015. Það samsvari því að ekki sé greitt með yfir fimm hundruð ársnemum.

Einnig er bent á að hækkun skrásetningargjalds við Háskóla Íslands árið 2014 úr 60 þúsund krónum í 75 þúsund krónur hafi að mjög litlu leyti verið látin skila sér til skólans.

„Öflugur og traustur háskóli er grundvöllur framtíðar hagvaxtar á Íslandi eins og í öðrum löndum.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Reiknireglu sem stjórnvöld hafa notað undanfarin ár virðist hafa verið afnumin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Öflugur og traustur háskóli er grundvöllur framtíðar hagvaxtar.**
> *Háskólaráð Háskóla Íslands*

Þeir háskólar sem bestum árangri ná eru í löndum þar sem fjárframlög hafa verið aukin markvisst til að styrkja samkeppnishæfni viðkomandi ríkja,“ segir háskólaráð. - gar

**netto**
Kræsingar & kostakjör

**14 Superior SUPPLEMENTS**

# 25%
## AFSLÁTTUR VIÐ KASSA




**SUPERIOR 14**
**FÆÐUBÓTAREFNI**

AAKG **ARGININE**
BCAA **AMÍNÓSÝRUR**
CREABLAST **KREATÍN**
GLUTAMAX **GLÚTAMÍN**
KREATÍN MAX **KREATÍN**
MASS PROTEIN **PRÓTEIN**
PRO6 **HÁGÆÐA PRÓTEIN**
MULTI VITAMÍN **VÍTAMÍNBLANDA**
NO REBIRTH **FYRIR ÆFINGU**
WMB AMINO 6300 ORKUD. **FYRIR ÆFINGU**
RASP FATBURNER **BRENNSLUTÖFLUR**
WHEY PROTEIN **MYSUPRÓTEIN**

**14 Superior SUPPLEMENTS**

## ...LOKSINS A ÍSLANDI

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# SKOÐUN

Er aukin stéttaskipting markmið ríkisstjórnarinnar?

## Að éta það sem inni frýs

*Það er dauði og djöfuls nauð*
*er dygðum snauðir fantar*
*safna auð með augun rauð*
*en aðra brauðið vantar.*

Þessi vísa sem eignuð er Bólu-Hjálmari sækir óneitanlega á hugann í kjölfar eldhúsdagsumræðna á Alþingi og kynningu á fjármálafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir komandi ár. Þrátt fyrir háværar fullyrðingar ráðherranna er nefnilega augljóst að undirliggjandi drifkraftur stefnu hennar er að hygla þeim sem betur mega sín á kostnað hinna snauðu og auka þannig hið ört breikkandi bil á milli efri og lægri stétta.




**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is


Það þykir að vísu ósköp gamaldags og hallærislegt að tala um stéttir í þessu sambandi, hér hefur aldrei verið stéttaskipting að mati hæstvirts forsætisráðherra, eins og hann ítrekaði í ræðu sinni hinn 17. júní í sumar. Við erum öll kóngar í eigin tilveru og höfum jafna möguleika og þeir sem ekki spjara sig eru bara aumingjar sem geta sjálfum sér um kennt. Velferðarþjóðfélag í norrænum anda hefur aldrei notið stuðnings meirihluta þjóðarinnar og því ósköp eðlilegt að stjórnarherrarnir sem komust til valda með innantómum loforðum um meira í ÞINN vasa haldi áfram að hamra það járn. Íslendingar hafa nefnilega aldrei verið hallir undir það viðhorf að þeim beri að gæta síns minnsta bróður. Hann getur bara passað sig sjálfur.

„En það er verið að hækka örorku- og ellilífeyri, já, og barnabæturnar líka. Óttalegt bull er þetta," segja stuðningsmenn stjórnarinnar. „Skattkerfið er ekki til þess fallið að auka jöfnuð." Gott og vel. En virðisaukaskattshækkun á matvæli og kennslugögn, hækkun á þátttöku sjúklinga í lyfja- og lækniskostnaði, hækkun á rafmagni og hita, svo stiklað sé á stóru, vega þá hækkun upp og rúmlega það svo ekki sé nú minnst á skerðingu réttar til atvinnuleysisbóta. Fólkið sem þarf að lifa af þessum „bótum" öllum á nú þegar varla til hnífs né skeiðar og er ekki í nokkurn stakk búið til að mæta auknum kostnaði við rekstur heimilis. Lækkanir á heimilistækjum koma því fólki heldur ekki til góða því það er enginn afgangur fyrir slíkum „lúxus" þegar útgjöldum hvers mánaðar hefur verið mætt. Sá misskilningur forsætisráðherra að það sem barnafjölskyldur í landinu þurfi helst á að halda til að auka hamingju sína sé að geta keypt fleiri flatskjái og iPada handa börnunum sínum lýsir í hnotskurn þeirri veruleikafirringu sem kjörnir fulltrúar meirihlutans búa við.

Þessi hugsunarháttur er svo sem ekki séríslenskt fyrirbæri. Fyrirmyndir okkar í BNA hafa alltaf fylgt þessari stefnu og íhaldsstjórnin í Bretlandi hefur leynt og ljóst á stefnuskránni að auka bilið milli efri og lægri stétta. Þar í landi hafa gárungar slegið því fram að framleiðsla hinna geysivinsælu sjónvarpsþátta Downton Abbey hafi í og með þann tilgang að sætta fólk við að bilið milli stétta sé hin rétta ordnung hlutanna. Kannski stjórnarherrarnir okkar hafi gripið þá hugmynd á lofti og stefni að því að sá bakgrunnur sem „Vesturfararnir", sem nú er fjallað um á RÚV, bjuggu við sé ákjósanlegt módel til að losna við allt þetta bónbjargafólk úr samfélaginu. Að þeir sem ekki eiga möguleika á að bjarga sér í íslensku samfélagi geti bara freistað gæfunnar annars staðar. Það skyldi þó aldrei vera?


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTARITSTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allsber en saddur

Þingmenn tókust á á Alþingi í gær þegar fyrsta umræða um fjárlagafrumvarpið hófst. Sérstaklega voru deildar meiningar um ágæti hækkunar matarskattsins svokallaða. Menn voru þó nokkuð léttir inn á milli. Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, sagðist vera svo undarlegur að eðlisfari að hann teldi réttast að leggja engan virðisaukaskatt á mat. Maðurinn gæti lifað nakinn, án húsnæðis og án lestrarkunnáttu en ekki án matar. Bjarni Benediktsson sagðist ekki vita hvar hann ætti að byrja eftir ræðu Helga og velti fyrir sér hvort hann skildi það rétt að Píratar vildu að virðisaukinn yrði lækkaður niður í núll jafnvel þótt það þýddi að við þyrftum að lifa án húsnæðis og ganga um allsber.



### Þrjár vikur

Fleiri tóku þátt í umræðum um matarskattinn. Þar á meðal Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar. Hún neitaði að svara spurningum Helga Hjörvar, þingmanns Samfylkingarinnar, um hvort hún styddi hækkun lægra þreps virðisaukaskattkerfisins, það hygðist hún gera þegar tekjuöflunarfrumvörp yrðu tekin til umræðu í næstu viku. Ekki eru þrjár vikur liðnar frá því Vigdís sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni að hún vildi standa vörð um matarskattinn – við þyrftum öll að borða. Þess vegna mættu matvæli ekki vera með of háa virðisaukaskattsprósentu. Þá sagðist hún tala gegn því að hækka matarskattinn á sama tíma og bótakerfið sé flækt, sem er nokkurn veginn nákvæmlega það sem verið er að gera með nýjustu fjárlögunum. Það verður spennandi að sjá hvað Vigdís segir í næstu viku.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ég er heimsforeldri

HJÁLPARSTARF




**Ólafur Darri Ólafsson**
leikari


Þegar eldri dóttir mín var yngri veiktist hún það illa að ég þurfti að fara með hana á Læknavaktina. Sem betur fer var hún ekki alvarlega veik og braggaðist fljótt.

Mér varð hugsað til þessa í tengslum við nýlega heimsókn mína til Madagaskar. Fyrir foreldra þar í landi getur hósti barns, niðurgangur eða hiti verið upphafseinkenni á hættulegum sjúkdómum sem takmarkaður aðgangur að heilsugæslu og útbreidd vannæring gera síðan enn hættulegri.

Ég var staddur á Madagaskar til að kynna mér baráttuna sem heimsforeldrar UNICEF styrkja í hverjum mánuði. Ég heimsótti meðal annars tvö sjúkrahús þar sem UNICEF útvegar lyf og þjálfar starfsfólk. Það var magnað að sjá hvað hægt var að afreka við erfiðar aðstæður og takmarkaðan tækjakost. Ég varð einnig vitni að því hvernig lítil heilsugæslustöð úti á landi getur skipt sköpum fyrir börnin í fátæku þorpunum í kring. Mér gafst tækifæri til að hitta konur sem vinna sem sjálfboðaliðar og fylgjast skipulega með börnunum í þorpinu sínu. Þær eru fyrsta varnarlínan í baráttunni gegn vannæringu og fá fræðslu og þjálfun frá UNICEF.

Ég hitti sömuleiðis ungar stúlkur – börn – sem sjá fyrir fátækum fjölskyldum sínum með vændi. Ég verð að viðurkenna að það var sérstaklega átakanleg upplifun. Ljósið í myrkrinu er að UNICEF gerir allt sem hægt er til að hjálpa þeim út úr þessum ömurlegu aðstæðum.

**➜ Ég trúi því að öll börn eigi rétt á að lifa og þroskast, óhult fyrir ofbeldi og misnotkun. Ég trúi því líka að það sé sameiginlegt verkefni okkar allra að gæta barna heimsins.**

Í dag er dagur rauða nefsins. Hann gengur út á að gleðja landsmenn og hvetja þá til að gleðja börn um allan heim með því að gerast heimsforeldrar UNICEF.

Ég trúi því að öll börn eigi rétt á að lifa og þroskast, óhult fyrir ofbeldi og misnotkun. Ég trúi því líka að það sé sameiginlegt verkefni okkar allra að gæta barna heimsins. Að berjast fyrir réttindum þeirra. Sem heimsforeldri tilheyri ég hópi sem deilir þessari sannfæringu og það þykir mér vænt um.

Dagur rauða nefsins nær hámarki í kvöld í skemmti- og söfnunarþætti á RÚV. Ég hvet öll þau sem eiga þess kost að horfa á þáttinn og gerast heimsforeldrar. Trúið mér, framlag ykkar hjálpar börnum um allan heim.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Svart box í Seðlabankanum?

FJÁRMÁL



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Þar til gjaldeyrishöft verða afnumin munu íslensk fyrirtæki og heimili búa við óviðunandi efnahagsumhverfi. Meðan ástandið varir er því mikilvægt að stjórnvöld og opinberir aðilar leiti allra leiða til að lágmarka þann skaða sem af höftunum hlýst. Með það markmið í huga sendi Viðskiptaráð Íslands nýverið bréf til fjármálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis með ábendingu um nauðsynlegar umbætur á stjórnsýsluháttum Seðlabanka Íslands. Í ljósi umfjöllunar um efni bréfsins er rétt að árétta forsendur þeirrar gagnrýni sem þar birtist.

**Án upplýsinga myndast tortryggni**

Öllum er ljóst að fjármagnshöft voru upphaflega sett af illri nauðsyn. Áskorunin var bæði umfangsmikil og flókin enda miklir hagsmunir ólíkra aðila í húfi. Af þeim sökum hefur það tekið stjórnvöld og Seðlabankann þó nokkurn tíma að ná með heildstæðum hætti utan um eðli vandans og skapa ramma sem ætlaður er til úrlausnar. Eftir stendur að í dag búa íslensk fyrirtæki við umfangsmiklar takmarkanir í gjaldeyrismálum og verulegur hluti alþjóðlegrar starfsemi þeirra er háður undanþágu frá höftum.

Afgreiðsla umsókna um undanþágur er í höndum gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands. Viðskiptaráð dregur ekki í efa að starfsmenn eftirlitsins hafi unnið hörðum höndum að því að leysa þetta vandasama verkefni. Það er engu að síður svo að skortur á upplýsingagjöf, gagnsæi og skýrri umgjörð hefur skapað vantraust og tortryggni sem er full ástæða til að taka alvarlega. Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem eru í húfi ætti að vera kappsmál gjaldeyriseftirlitsins að eyða þessari óvissu og byggja upp traust.

**Að opna bakherbergin**

Það er eðli eftirlitsstofnana að setja einstaklingum og fyrirtækjum skorður eða veita þeim undanþágur. Þegar refsingum eða réttindum er úthlutað með þessum hætti er því nauðsynlegt að meginreglan um jafnræði sé leiðarljós viðkomandi stofnana.

Það er einkum skortur á upplýsingagjöf og gagnsæi sem Viðskiptaráð gagnrýnir gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands fyrir. Aðferðafræði og ferlar þurfa að liggja skýrt fyrir til að traust ríki gagnvart framkvæmdinni. Að öðrum kosti er erfitt að meta hvort samræmis og jafnræðis sé gætt. Meðan ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um þessa þætti er því skiljanlegt að umsækjendur upplifi að mikilvægar ákvarðanir séu teknar í bakherbergjum.

Í því samhengi er fagnaðarefni að í yfirlýsingu Seðlabankans sem birt var vegna bréfs Viðskiptaráðs koma fram ýmsar upplýsingar um afgreiðsluferli undanþágubeiðna sem ekki hafa verið gerðar opinberar áður. En betur má ef duga skal.

**Að lokum**

Í áðurnefndri yfirlýsingu gagnrýnir Seðlabankinn Viðskiptaráð fyrir að gefa ekki frekari upplýsingar um ábendingu ráðsins um möguleg brot á jafnræðisreglu. Það liggur í hlutarins eðli að ekki er hægt að veita upplýsingar um heimildarmenn í þessu tilfelli. Ef kvörtunin á við rök að styðjast myndi slík upplýsingagjöf koma niður á viðkomandi við undanþáguumsóknir í framtíðinni. Eins og fram kemur í bréfinu er lykilatriðið ekki hvort þessar kvartanir eigi við rök að styðjast, heldur sú staðreynd að tortryggnin er til staðar. Það er engum til bóta að einstaklingar eða fyrirtæki upplifi gjaldeyriseftirlit Seðlabankans sem svart box. Til að sporna gegn þessu þarf að efla upplýsingagjöf og gagnsæi eftirlitsins til muna.

**➜ Afgreiðsla umsókna um undanþágur er í höndum gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands. Viðskiptaráð dregur ekki í efa að starfsmenn eftirlitsins hafi unnið hörðum höndum að því að leysa þetta vandasama verkefni.**

## AF NETINU

### Framhaldsskólarnir í fjárlögum 2015



Enginn úr fagstétt framhaldsskólakennara hefur verið spurður álits og þegar eftir því hefur verið spurt hafa svörin verið á þá leið að Hvítbók sé umræðugrundvöllur undir frekari stefnumótun í menntamálum á Íslandi. Samráðið og samtalið sé fram undan, við alla hlutaðeigandi.
Samt hefur teningunum þegar verið kastað með nýútkomnu fjárlagafrumvarpi. Þar er talað um styttingu náms á framhaldsskólastigi og endurspegla rekstrartölur framhaldsskólanna áframhaldandi fjársvelti. Einn sykurmoli bjargar ekki lífi sveltandi manns. Í fjárlögum er hvergi gert ráð fyrir fjármagni til stuðnings nemendum í brottfallshættu, nemendum með sértæka námserfiðleika og hvergi minnst á hærri framlög í námsráðgjöf. Verði ekki snúið af þessari leið í meðferð Alþingis á frumvarpinu er fram undan áframhaldandi fjársvelti framhaldsskólanna og skerðing náms á framhaldsskólastigi.

http://blog.pressan.is

*Guðríður Arnardóttir*




# Jákvæð teikn á lofti í íslensku vísinda- og nýsköpunarumhverfi

VÍSINDI


**Kristján Leósson** framkvæmdastjóri


**Erna Magnúsdóttir** rannsóknasérfræðingur


**Þórarinn Guðjónsson** prófessor

Rannsóknaþing Vísinda- og tækniráðs (VT) var haldið föstudaginn 29. ágúst. Meginefni þingsins var umfjöllun um úttekt á íslensku vísinda- og nýsköpunarumhverfi. Úttektin var framkvæmd af óháðum sérfræðingahóp frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að beiðni íslenskra stjórnvalda.

Það krefst hugrekkis af stjórnvöldum að opna dyrnar fyrir utanaðkomandi mati á þennan hátt og horfast í augu við veruleikann í íslensku nýsköpunarumhverfi. Með þessu hafa íslensk stjórnvöld stigið fyrsta skrefið í uppbyggingu trausts í kerfinu og sýnt vilja sinn til úrbóta á ótvíræðan hátt. Í raun má segja að samkeppnishæfi Íslands á alþjóðavettvangi sé í húfi og í skýrslunni er réttilega bent á að framtíðar samfélags- og hagvöxtur á Íslandi muni byggja á vísindum, tækni og nýsköpun.

Jafnframt er ljóst að úttekt á vísinda- og nýsköpunarumhverfinu er þegar farin skila sér og birtist sú staðreynd í Stefnu og aðgerðaáætlun VT 2014-2016. Þetta er í fyrsta skipti sem ítarleg aðgerðaáætlun er lögð fram í kjölfarið á stefnu VT. Stjórnvöld hafa nú þegar sýnt frumkvæði og vilja sinn til að svara kalli úttektarinnar um að tími sé kominn til að axla ábyrgð á stefnumótun í vísindum, tækni og nýsköpun og að aðgerða sé þörf.

### Slær hárréttan tón

Íslenskt vísinda- og nýsköpunarsamfélag tekur þessu viðhorfi stjórnvalda fagnandi. Á þinginu mátti berlega skynja samtalstón á milli vísindasamfélagsins og ráðamanna sem endurspeglaðist meðal annars í pallborðsumræðum um skýrsluna. Skýrslan er mjög opinská og hreinskilin og slær hárréttan tón sem lýsir þeim óróa og örvæntingu sem gætt hefur í íslensku vísinda- og nýsköpunarumhverfi. Hún verður því mikilsverður grunnur að því uppbyggingarstarfi sem nú er fram undan.

Skipta má niðurstöðu úttektarinnar í þrennt. Í fyrsta lagi bendir hópurinn á knýjandi þörf á pólitískri skuldbindingu og framkvæmdum. Þörf sé á viðhorfbreytingu hjá stjórnvöldum, þar sem tilhneiging sé til þess að líta á útgjöld til rannsókna og nýsköpunar sem kostnað frekar en fjárfestingu. Sérfræðihópurinn lagði að auki fram tillögur og áætlun um það hvernig gera megi kerfið skilvirkara og sveigjanlegra, meðal annars með því að sameina stofnanir og auka samvinnu á milli þeirra.

Það var því sannarlega uppörvandi að heyra á orðum bæði forsætis- og menntamálaráðherra á fundinum að fram undan væri mikil sókn í fjárfestingum í íslensku vísinda- og nýsköpunarumhverfi. Fyrsta skrefið er tekið í nýkynntum fjárlögum ársins 2015 með 800 milljóna króna aukningu á fjárframlögum til samkeppnissjóða VT. Samkvæmt Stefnu og aðgerðaráætlun VT er stefnt á tveggja milljarða króna aukningu til viðbótar árið 2016.

Í öðru lagi hvatti hópurinn til þess að allir aðilar í íslensku vísinda- og nýsköpunarumhverfi, háskólar, stofnanir, fyrirtæki og stjórnsýsla, tækju sameiginlega ábyrgð á breytingum sem studdað gætu að frekari samvinnu, sameiningu og eflingu kerfisins.

**➜ Stjórnvöld hafa sýnt mikilsvert frumkvæði með ytri úttekt á kerfinu, ásamt því að leggja fram aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs og væntanleg framlög úr ríkissjóði. Það hefur almennt ríkt þverpólitísk samstaða um mikilvægi vísinda, tækni og nýsköpunar á Íslandi.**

Í þriðja lagi benti hópurinn á þann gríðarlega skort á gögnum sem snúa að því hversu skilvirk og árangursrík stefnumörkun í íslenska kerfinu sé í raun. Í úttektinni er hvatt til þess að árangur sá sem hlýst af stefnumótun verði stöðugt sannreyndur með gögnum og að koma þurfi upp upplýsingakerfi sem mæli árangur stefnumörkunar.

Það yrði vissulega jákvæð þróun að koma slíku kerfi á fót. Þó eru ýmsar hættur sem ber að varast og þá sérstaklega að í slíku kerfi verði magn metið umfram gæði. Sú tilhneiging er þegar mjög sterk í íslenska kerfinu og því þarf að stokka matskerfi íslenskra stofnana upp frá grunni frekar en að byggja á því sem fyrir er.

### Sanngjarnari aðferð

Við uppbyggingu á matskerfi á íslenskum vísindum hlýtur að vera farsælast að byggja á jafningjamati eins og tíðkast alþjóðlega þar sem metnaður er í fyrirrúmi við mat á árangri og skilvirkni í vísindum og nýsköpun. Vísindin eru síbreytileg og því ber að varast að setja fyrirfram ákveðna mælistiku á þau. Jafningjamat er vissulega erfiðara í framkvæmd en einföld talning á birtum greinum, skýrslum og fjölda útskrifaðra nemenda, en er jafnframt mun sanngjarnari og árangursríkari aðferð til þess að meta vísindastarf og hvetja til metnaðar.

Jákvæð teikn eru á lofti í íslensku vísinda- og nýsköpunarumhverfi. Stjórnvöld hafa sýnt mikilsvert frumkvæði með ytri úttekt á kerfinu, ásamt því að leggja fram aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs og væntanleg framlög úr ríkissjóði. Það hefur almennt ríkt þverpólitísk samstaða um mikilvægi vísinda, tækni og nýsköpunar á Íslandi og erum við því bjartsýn á að fyrirhuguð aukning í samkeppnissjóðina á fjárlögum verði samþykkt af Alþingi.

*Höfundar eru stjórnarmenn í Vísindafélagi Íslendinga.*

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á **greinar@visir.is**
og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Hvaða þýðingu hefur sjálfstætt Skotland fyrir Ísland?

UTANRÍKISMÁL


**Alyson J.K. Bailes**


**Baldur Þórhallsson**

stjórnmálafræðingar við Háskóla Íslands

Pólitískt landslag umhverfis Ísland gæti tekið veigamiklum breytingum á komandi árum. Margir Grænlendingar og Færeyingar íhuga sjálfstæði frá Danmörku og Skotar kjósa um það hvort lýsa eigi yfir sjálfstæði 18. september næstkomandi.

Hver niðurstaðan verður í Skotlandi skiptir miklu máli fyrir Ísland. Það eru sterk söguleg tengsl milli landanna sem ná aftur til landnámsáranna. Menningartengsl hafa ávallt verið mikil og það er engin tilviljun að fjölmargir Íslendingar kjósa að sækja sér menntun í Skotlandi.

Sjálfstætt Skotland myndi verða eitt af smáríkjum Evrópu með rúmlega fimm milljónir íbúa. Á ýmsan hátt myndi Skotland passa vel inn í hóp smárra, friðsamra, umhverfissinnaðra og félagslega framsækinna Norðurlanda. En hver yrði staða þessa nýja smáríkis í Norðvestur-Evrópu? Myndi sjálfstætt Skotland sækja um aðild að Norðurlandaráði? Og/eða myndi Skotland sækja um aðild að Vestnorræna ráðinu, þar sem Ísland starfar ásamt Grænlandi, Færeyjum og strandhéruðum Noregs? Hvað með norðurslóðir? Hver væri staða og hlutverk Skotlands þar?

### Mikilvægur hlekkur

Núverandi ríkisstjórn Skotlands, sem leidd er af Skoska þjóðarflokknum, hefur sagt opinberlega að hún vilji læra af og vinna með Norðurlöndunum að ýmsum málum. Skoski þjóðarflokkurinn talar einnig fyrir áframhaldandi aðild að Evrópusambandinu og NATO. Aðild að ESB hefur verið ábatasöm fyrir Skotland, frá efnahagslegu sjónarmiði, og er álitin vera mikilvægur hlekkur í efnahagskerfi hins nýja smáríkis, þar með talið möguleikum til fjárfestinga. Það er hins vegar ekki vilji til þess að sækja um aðild að Schengen né er vilji til að vera hluti af myntsamstarfi Evrópu. Skotar sjá fyrir sér að halda breska pundinu og þar af leiðandi láta peningastefnu sína verða ákvarðaða og stýrt frá London. Skotland er tengt Englandi sterkum böndum og verður það áfram, annað myndi stefna grundvallarhagsmunum landsins í hættu. Drottningin mun til að mynda áfram vera þjóðhöfðingi landsins.

Skoski þjóðarflokkurinn vill að þátttaka Skota í aðgerðum NATO einskorðist við friðargæslu og mannúðarverkefni, en verði ekki hernaðarlegs eðlis. Lýsa á yfir kjarnorkulausu ríki, sem þýðir að bresku flotastöðinni í Faslane verður lokað, fyrr en síðar. Flokkurinn telur að hægt væri að minnka útgjöld til hermála mikið frá því sem nú er innan breska ríkisins. Aðild að NATO tryggir aðstoð á neyðartímum og gerir það að verkum að smáríki þurfa ekki að koma sér upp umfangsmiklum herafla. Hafa ber í huga að aðild að NATO er sú leið sem flest öll smáríki Evrópu hafa kosið til að tryggja öryggi sitt. Skotland ætlar einnig að reiða sig á stuðning Bandaríkjanna í öryggismálum, eins og önnur smáríki Evrópu.

Skotar vita að samstarf við Norðurlöndin nægir ekki til að tryggja efnahagslega afkomu eða hervernd. Þeir sjá aftur á móti ýmsan ávinning af samstarfi við Norðurlöndin. Skotland getur nýtt sér þekkingu þeirra og reynslu til að fylgja í kjölfar þeirra. Þetta á til dæmis við um stefnu þeirra í kjarnorkumálum, uppbyggingu velferðarkerfis og framsækinnar stefnu í mannúðarmálum á erlendri grund. Einnig vilja Skotar vera hluti af verkefnum sem snúa að öryggi og mengunarvörnum í Norður-Atlantshafi. Skotar myndu einnig að öllum líkindum styðja stefnu Norðurlandanna í málefnum norðurslóða.

**➜ Skotar vita að samstarf við Norðurlöndin nægir ekki til að tryggja efnahagslega afkomu eða hervernd. Þeir sjá aftur á móti ýmsan ávinning af samstarfi við Norðurlöndin.**

### Norðurlöndin leiðarljós

Sé litið til beinna pólitískra þátta þá geta Norðurlöndin verið leiðarljós Skotlands í tilraun þess til þess að skapa sér sína eigin sjálfsmynd sem væri frábrugðin þeirri bresku. Það hjálpar litlu ríki með háleit markmið að hafa Norðurlöndin sem fyrirmyndir þar sem þau eru virt og virkir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu.

En hvert er hlutverk Íslands í þessari atburðarás? Ríkisstjórn Davids Cameron vinnur hörðum höndum að því að sannfæra Skota um að yfirgefa ekki Bretland. Í því ljósi getur opinber stuðningur Íslands við sjálfstæði Skotlands verið varhugaverður vegna samskipta landsins við Bretland. Ísland getur hins vegar hjálpað Skotum, með því að miðla reynslu sinni, góðri og slæmri, og stuðlað að því að ákvörðun Skota sé tekin á upplýstan hátt. Íslenskir fræðimenn, sem hafa sérhæft sig í rannsóknum á smáríkjum og stöðu þeirra í samfélagi þjóðanna, geta bent Skotum á áskoranir og tækifæri sem smáríki standa frammi fyrir. Þetta hefur til að mynda verið gert í grein, sem birtist í fræðitímaritinu Stjórnmál og stjórnsýsla og nálgast má á netinu, og fyrirlestrahaldi í Skotlandi.

Hvað gerist ef svar Skota við sjálfstæði verður „Nei" – eins og skoðanakannanir gefa til kynna? Það er ólíklegt að fylgjendur sjálfstæðis muni einfaldlega gefast upp. Það er sennilegra að þeir muni reyna að auka sjálfstjórn Skotlands og horfa þá helst til utanríkismála. Ef Skotar hafa náð að mynda vináttutengsl og fengið hugmyndir frá öðrum löndum í þeirri baráttu sem nú stendur yfir má gera ráð fyrir að þeir vilji rækta þessi tengsl í framtíðinni. Sama hvernig fer þá er niðurstaðan jákvæð fyrir Ísland.

# Fyrir hverja er HPV-bólusetning?

HEILBRIGÐISMÁL


**Kristján Oddsson** yfirlæknir og sviðsstjóri Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins

HPV (Human Papilloma Virus) er algeng veira sem smitast með beinni snertingu fólks við kynlíf. Flest okkar sem hafa stundað kynlíf smitast einhvern tímann á lífsleiðinni af HPV. Nóg er að hafa stundað kynlíf með einum einstaklingi einu sinni þótt fjöldi rekkjunauta auki líkur á smiti. Tæplega 200 HPV-tegundir eru þekktar og geta um 40 þeirra sýkt húð og slímhúðir á kynfærasvæðinu, í munni og koki. Af þessum 40 HPV-veirum eru um 15 krabbameinsvaldandi. Flestar HPV-sýkingar eru einkennalausar og ganga til baka en sumar geta valdið frumubreytingum og leghálskrabbameini og öðrum sjaldgæfari krabbameinum eins og krabbameini í endaþarmi, getnaðarlim, leggöngum, skapabörmum, munni og koki.

Hér á landi eru skráð tvö HPV-bóluefni, Gardasil og Cervarix, sem verja gegn algengustu HPV-tegundum sem valda um 70% tilfella af leghálskrabbameini. Cervarix er tvígilt bóluefni sem ver gegn HPV 16 og 18. Gardasil er fjórgilt bóluefni sem ver gegn HPV 16 og 18 en einnig gegn HPV 6 og 11 sem valda yfir 90% af kynfæravörtum. Bóluefnin verja einnig gegn sumum krabbameinum í endaþarmi, leggöngum, munni og koki.

Frá haustinu 2011 hefur öllum stúlkum í 7. bekk grunnskóla verið boðin HPV-bólusetning með Cervarix þeim að kostnaðarlausu og hafa um 90% þeirra þegið hana, sem er mjög góður árangur. Bæði bóluefnin veita fullkomna vörn gegn þeim HPV-tegundum sem bólusett er fyrir ef þau eru gefin áður en kynlíf hefst.

Hins vegar gætu fleiri haft gagn af bólusetningu þó þeir hafi byrjað að stunda kynlíf, bæði konur og karlar. Í sumum löndum er konum upp að 26 ára aldri ráðlögð bólusetning. Fræðilega gætu allir, konur og karlar, haft gagn af bólusetningu ef þeir hafa ekki smitast af HPV-tegundunum í bóluefninu. Þó HPV-sýking sé algeng er ólíklegt að konur hafi smitast af öllum HPV-tegundunum sem eru í bóluefnunum þannig að bólusetning gæti veitt þeim einhverja vörn, a.m.k. til 26 ára aldurs. Bólusettar konur þurfa samt áfram að mæta í leghálskrabbameinsleit því bóluefnin veita aðeins um 70% vörn gegn leghálskrabbameini.

### Bólusetning fyrir drengi

Í Bandaríkjunum er bólusetning drengja 13-21 árs ráðlögð. Árið 2013 byrjuðu heilbrigðisyfirvöld í Ástralíu að bjóða 12 ára drengjum bólusetningu í skólanum. Konur yngri en 26 ára, einstaklingar í áhættuhópum eins og t.d. samkynhneigðir menn, menn sem stunda kynlíf með mönnum og ónæmisbældir einstaklingar vegna lyfja eða sjúkdóma ættu að ræða við lækni um hvort HPV-bólusetning gæti gagnast þeim.

**➜ Fræðilega gætu allir, konur og karlar, haft gagn af bólusetningu ef þeir hafa ekki smitast af HPV-tegundunum í bóluefninu.**

HPV-bóluefnin eru örugg og aukaverkanir fáar og mildar, en fram getur komið verkur á stungustað ásamt svima og ógleði. Hver skammtur af Cervarix kostar um 16.500 kr. og Gardasil um 23.000 kr. en bólusetja þarf með þremur skömmtum þannig að heildarkostnaður er á bilinu 50.000 kr. til 70.000 kr. fyrir þá sem velja bólusetningu.

Leghálskrabbameinsleit er einmikilvægasta heilsuvernd sem konum stendur til boða og allar konur ættu að nýta sér. HPV-bólusetning kann að nýtast miklu fleiri en bara 12 ára stúlkum. Nánari upplýsingar um HPV eru á www.hpv.is.

Annar áhættuþáttur fyrir krabbamein er hreyfingarleysi. Styrktarfélagið Líf og Krabbameinsfélag Íslands standa saman að Globeathon-hlaupinu sem er alþjóðlegt átak til þess að vekja athygli á krabbameini í kvenlíffærum. Globeathon-hlaupið er fyrir alla og fer fram sunnudaginn 14. september kl. 14. Upphaf hlaupsins verður við Háskólann í Reykjavík. Nánari upplýsingar eru á www.hlaup.is. Taktu þátt, heilsunnar vegna!

# BÆJARINS BESTU BÚSÁHÖLD

Jamie Oliver

Tefal

TALENT
POTTAR & PÖNNUR



20% afsláttur

EÐAL POTTAR OG PÖNNUR

**TEFAL** POTTAR OG PÖNNUR HAFA VERIÐ Í SÉRSTÖKU UPPÁHALDI HJÁ ÞJÓÐINNI SL. 25 ÁR

## Allinox

7, 10, 14 og 19 lítra stál pottar
á frábæru verði



20% afsláttur

## GULA HORNIÐ

KF3130 · HVÍT



**AEG** hefur aldrei brugðist aðdáendum sínum þegar kemur að kaffivélum. Þessa klassísku kaffivél, flott og þægileg gæðavél, bjóðum við nú á **tilboðsverði**:

~~5.990~~

TILBOÐSVERÐ

3.990

AEG



bodum



# ORMSSON

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# Opið bréf til fjármálaráðherra

„Það er til skammar að slík árás skuli gerð á okkar kynslóð sem ól ykkur upp!“

Ég hef lengið verið að hugsa um að skrifa yður með eftirfarandi fyrirspurn vegna öryrkja, ellilífeyrisþega og þeirra sem eru í dag með ca 200.000 með skatti, þ.e. lægst launuðu Íslendinga á Íslandi í dag.

SAMFÉLAG



**Guðrún Einarsdóttir**
húsmóðir, launþegi, framkv.stj., öryrki og ellilífeyrisþegi

**1.** Af hverju lækkuðuð þér skatta hjá öllum landsmönnum en ekki hjá þeim með lægstu launin?

**2.** Hvenær á að leiðrétta skerðingu (bóta) launa frá TR samkvæmt reglugerð 1052/2009 þar sem mánaðartekjur eru ca 200.000 með skatti og ekki þar yfir?

**3.** Áramótin 2012/2013 var almenn launahækkun 3,9%. Hjá mér var hækkun 3,9% hjá TR en umönnunarbætur teknar í burtu. (Var öryrki 1987 en ellilífeyrisþegi frá 67 ára aldri, er tæplega 82 ára í dag.)

**4.** Áramótin 2013/2014 var almenn launahækkun 2,8% hjá öllum launþegum landsins, og greiðslur frá TR en uppbót lyfjakostnaðar var lækkuð frá kr. 10.055 í kr. 1.820.

**→ Ég, Guðrún Einarsdóttir, spyr yður, hvað eruð þér að hugsa?**

Ég, Guðrún Einarsdóttir, spyr yður, hvað eruð þér að hugsa? Eða vitið þér ekkert um þetta? Það er til skammar að slík árás skuli gerð á okkar kynslóð sem ól ykkur upp! Hvernig er hægt að ætlast til að við höldum lífi?

# Opið bréf til nýrra framkvæmdastjóra á Landspítala

*Ágætu nýju framkvæmdastjórar Landspítalans.*

Samkvæmt upplýsingum frá forstjóranum virðist ráðning ykkar þjóna tvennum tilgangi; að setja „öryggi og flæði sjúklinga í fyrirrúm“ og láta nýjan spítala verða að veruleika. Ég vil því bjóða ykkur velkomin til starfa og dáist að hugrekki ykkar að takast á við verkefni hjá stofnun sem liggur undir ákæru fyrir manndráp af gáleysi.

HEILBRIGÐISMÁL



**Auðbjörg Reynisdóttir**
móðir og hjúkrunarfræðingur

**→ Mig langar til að sjá það verða að veruleika að sjúklingar og aðstandendur skipti máli og þeir hafi eitthvað um þessi mál að segja.**

Forstjórinn fullyrðir að húsnæði spítalans sé stærsta ógnun við öryggi sjúklinga. Þessi fullyrðing hljómar sérkennilega í mínum eyrum því húsnæði og tæki gera ekki mistök. Ég er ein þeirra mörgu sem hafa bitra reynslu af spítalanum og tel mig vita talsvert um öryggi sjúklinga. Það var ekki húsnæðinu að kenna að sonur minn 14 mánaða lést eftir mistök á bráðamóttöku barna í febrúar 2001. Já, það er kannski ástæðan fyrir að ég rita þessar línur því stjórnendum spítalans hefur ekki lánast að ljúka því máli á sómasamlegan hátt.

Þrettán ára gamalt mál er nú á borði ráðherra sem það hefði aldrei átt að vera. Athygli Umboðsmanns Alþingis verður fljótlega vakin á að ráðherrann hefur enn ekki svarað erindi mínu sem hefur velkst fram og til baka í kerfinu sökum vanhæfni stjórnenda til að ljúka því. Ég óska þess að ná sáttum og að fjölskylda mín geti notið þess að treysta þessari stofnun þegar á þarf að halda. Svo er ekki í dag en vonandi kemur sá dagur undir ykkar handleiðslu. Hann kemur ekki með nýjum spítala, því get ég lofað.

### Það þarf kjark og auðmýkt

Á veraldarvefnum má finna margar reynslusögur um hvernig mistök í heilbrigðisþjónustu hafa verið markvisst nýtt til að bjarga öðrum frá sambærilegum skaða. Oft hefur frumkvæðið komið frá þeim sem fyrir þessum hörmungum verða. En hér á landi tíðkast ekki að reynsla nýtist á uppbyggilegan hátt þótt ríkur áhugi og vilji sé til staðar hjá þolendum. Mig langar til að sjá það verða að veruleika að sjúklingar og aðstandendur skipti máli og þeir hafi eitthvað um þessi mál að segja. Það var jú meginþemað í ráðstefnu í Hörpu fyrir ári síðan en ekkert hefur breyst. Hvað vantar upp á?

Ég lýsi mig reiðubúna að halda uppbyggilegan fyrirlestur um reynslu mína sem móður af hörmulegu atviki inni á sjúkrahúsinu. Erindi sem allir starfsmenn, stjórnendur og embættismenn ættu að heyra, því það þarf að standa betur að úrvinnslu mistakamála og draga lærdóm af þeim. Lærdóm sem bjargar mannslífum. Það þarf mikinn kjark og auðmýkt af ykkar hálfu til að hlusta. Það mundi valda algerum straumhvörfum í trausti gagnvart þjónustu sem snertir okkur öll. Það er innri starfsemin sem skiptir meira máli en steypa og tæki, og því er margt mikilvægara en að byggja nýjan spítala.

Vilt þú bjarga mannslífum og gera starfsemi spítalans öruggari? Ég er tilbúin að leggja mitt af mörkum og þekki marga í sömu stöðu. Ég þarf bara að heyra frá ykkur því ég þrái ekkert heitar en að dauði sonar míns verði öðrum til bjargar.

*Með vinsemd og virðingu.*





**Frumsýnum yfir 880 íslenska þætti!**

Íslensk þáttagerð blómstrar sem aldrei fyrr á Stöð 2 í vetur. Nýir þættir í hverri einustu viku, frábærir viðtalsþættir, fræðsluþættir og að sjálfsögðu verður þjóðmálum, matargerð, handverki og heilsu gerð góð skil.

**Vertu með, við bjóðum íslenskt, vandað efni fyrir þig og alla fjölskylduna í vetur.**




**Ljóshraði og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!**

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 8.490 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum

**8.490 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# Hið dýra heilbrigðiskerfi í Bandaríkjunum

HEILBRIGÐISMÁL



Guðmundur Edgarsson
málvísindamaður

Þrátt fyrir þá lífseigu mýtu að heilbrigðisþjónusta í Bandaríkjunum sé rekin á grundvelli markaðslögmála er staðreyndin sú að um helmingur bandaríska heilbrigðiskerfisins er rekinn á vegum ríkisins. Í þessu sambandi má nefna að meðalbandaríkjamaðurinn borgar nú meira í skatta vegna heilbrigðiskerfisins en meðalnorðurlandabúinn. Þessu var hins vegar öðru vísi farið framan af síðustu öld en þá var hlutdeild hins opinbera einungis um fimmtungur af heildarkostnaði. Opinber afskipti af atvinnulífinu í seinni heimsstyrjöldinni og aukin þátttaka ríkisins á heilbrigðissviðinu á sjöunda áratugnum leiddu svo til kostnaðarhækkana sem engin dæmi voru um áður. Hvað gerðist?

**Launafrysting í seinna stríði**

Í seinni heimsstyrjöldinni var mikil þensla í efnahagslífi Bandaríkjanna. Eitt af því sem stjórnvöld gerðu til að draga úr verðbólgu var að setja þak á launahækkanir. Eins og oft vill verða þegar ríkið reynir að hafa vit fyrir markaðnum, þá myndaðist skekkja á markaði. Fyrirtækin, sem áður höfðu keppt um starfsfólk á grundvelli hærri launa, hófu að bjóða heilsutryggingar í staðinn. Áður hafði fólk greitt milliliðalaust fyrir hverja læknisheimsókn eða smáaðgerð en keypt tryggingu fyrir meðhöndlun vegna alvarlegra sjúkdóma.

**Svo hækkuðu heilsutryggingarnar**

Þegar vinnuveitendur hófu að bjóða starfsmönnum heilsutryggingar fór að bera á hækkunum á þeim umfram það sem áður hafði þekkst. Þrjár ástæður voru fyrir því. Í fyrsta lagi höfðu vinnuveitendur ekki sama hag af ódýrum heilsutryggingum og einstaklingar í beinum viðskiptum. Atvinnurekendum var helst í mun að heilsutryggingarnar væru sem víðtækastar því þannig var frekar hægt að halda launum niðri. Í öðru lagi dró verulega úr hvata fólks til að leita til þess læknis sem bauð hagstæðasta verðið. Í þriðja lagi þá voru þessar heilsutryggingar ekki skattlagðar. Af því leiddi að sjúkrastofnanir og tryggingafélög nutu ekki sama kostnaðaraðhalds og áður.

**Bandarísku læknasamtökin**

Bandarísku læknasamtökin þykja óvenju sterk í Bandaríkjunum. Ýmiss konar löggjöf ríkisins varðandi menntun og starfsleyfi lækna hefur í meginatriðum verið sniðin að hugmyndum og hagsmunum þeirra. Engir skólar í Bandaríkjunum gera jafnmiklar kröfur um inngöngu og læknaskólar. Hlutfall útskrifaðra lækna miðað við þá sem upphaflega stefndu á að ljúka læknanámi er mun lægra en tíðkast í skyldum greinum eins og líffræði, efnafræði eða dýralækningum. Þá er fjöldi lækna á hverja þúsund íbúa í Bandaríkjunum með því lægsta sem þekkist innan OECD. Samkeppni á milli lækna er því mun minni en ella í Bandaríkjunum og laun þeirra talsvert hærri en þekkist annars staðar.

**Medicare og Medicaid**

Vegna bjögunar á heilbrigðismarkaði og heimatilbúinna samkeppnishindrana fór kostnaður heilbrigðiskerfisins í Bandaríkjunum út fyrir ásættanleg mörk. Þrýstingur tók því að myndast á auknar niðurgreiðslur ríkisins. Á sjöunda áratug síðustu aldar gerðist tvennt í því sambandi.

Í stað sértækrar fjárhagsaðstoðar ríkisins fyrir fátækt fólk var komið á víðtæku niðurgreiðslukerfi vegna heilbrigðisþjónustu fyrir lágtekjufólk undir heitinu Medicaid. Í kjölfarið dró verulega úr frjálsum framlögum til góðgerðarmála. Svokallaðir bráðaspítalar sem reknir höfðu verið vítt og breitt um Bandaríkin lögðust niður, svo dæmi sé tekið. Ennfremur tóku læknar að rukka fullt verð fyrir hvert viðvik, en áður var viðtekið að þeir sinntu fátækum sjúklingum gegn vægu eða engu gjaldi.

Þá komu kröfur um að ríkið niðurgreiddi einnig heilbrigðisþjónustu eldri borgara og það þótt margir þeirra væru vel efnað fólk. Í kjölfarið hóf ríkið að veita víðtækar niðurgreiðslur handa eldra fólki undir heitinu Medicare. Ævilíkur þessa hóps höfðu þá aukist nokkuð. Því var um tvennt að velja: að fresta lífeyristöku eldra fólks svo að heilsutryggingar þess dygðu betur út eftirlaunaárin eða viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi með auknum sköttum á yngri kynslóðir. Ríkið valdi seinni leiðina.

Þegar miklu fjármagni er beint inn á eitthvert svið leiðir það oft til verðbólgu í þeim geira. Heildarkostnaður vegna heilbrigðisþjónustu í Bandaríkjunum tók því annan kipp með tilkomu Medicare og Medicaid.

**Ríkið eða markaðurinn?**

Hlutur ríkisins í heildarkostnaði við rekstur heilbrigðisþjónustunnar í Bandaríkjunum er kominn upp undir 50% samkvæmt nýjustu tölum OECD. Á fyrri hluta síðustu aldar var þetta hlutfall um 20%. Á sama tíma hefur heildarkostnaður við rekstur heilbrigðiskerfisins í landinu vaxið umfram það sem annars staðar hefur þekkst. Fullyrðingar um að þessar kostnaðarhækkanir eigi rætur að rekja til markaðslögmála byggjast því á afar veikum grunni. Nær væri að beina sjónum að síaukinni aðkomu ríkisins sem mögulegum skýringarþætti. Opinberar tölur benda í þá átt.

**➜ Í stað sértækrar fjárhagsaðstoðar ríkisins fyrir fátækt fólk var komið á víðtæku niðurgreiðslukerfi vegna heilbrigðisþjónustu fyrir lágtekjufólk undir heitinu Medicaid. Í kjölfarið dró verulega úr frjálsum framlögum til góðgerðarmála.**




UNDIR EINU ÞAKI

**Samgöngustofa flytur starfsemi sína í Ármúla 2**

Mánudaginn 15. september mun öll starfsemi Samgöngustofu á höfuðborgarsvæðinu flytjast í eitt húsnæði í Ármúla 2, á horni Háaleitisbrautar og Ármúla. Breytingunni fylgir aukið hagræði, samræmdur afgreiðslutími og bætt þjónusta við viðskiptavini stofnunarinnar.

**Vegna flutninganna verða skrifstofur og vefkerfi lokuð frá kl. 14 föstudaginn 12. september en stofnunin opnar aftur í nýjum húsakynnum kl. 9 að morgni þriðjudagsins 16. september.**

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála og varð til við samruna Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluhluta Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.

**Afgreiðslutími alla virka daga 9–16**




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-1935

Samgöngustofa - Ármúla 2 - 108 Reykjavík - Sími 480 6000 - samgongustofa.is

Samgöngustofa

✝



Ástkær móðir mín, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**frá Borgarnesi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 30. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins fyrir góða aðhlynningu og hlýhug allra.

**Guðmundur Jón Halldórsson**
**Jóhanna Erla Guðmundsdóttir**
**Halldór Gunnlaugur Guðmundsson**
**Sigríður Heiða Guðmundsdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, tengdamóðir og amma,

**ÁSDÍS ÁSGEIRSDÓTTIR**
**Vopnafirði,**

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 7. september. Minningarathöfn fer fram frá Laugarneskirkju 12. september kl. 15.00. Jarðsett verður frá Vopnafjarðarkirkju 20. september kl. 17.00.

**Kristján Magnússon**
**Svandís Hlín V. Kjerúlf**
**Elmar Þór Viðarsson** **Linda Björk Stefánsdóttir**
**Ásgeir Hjálmar Sigurðsson** **Selma Kristinsdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

✝



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

**GUÐBJÖRG EINARSDÓTTIR**
**Engimýri 5, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 9. september. Útför verður frá Vídalínskirkju mánudaginn 15. september kl. 15.00.

**Valdimar G. Valdimarsson**
**Sigríður Valdimarsdóttir**
**Hrönn Valdimarsdóttir Gilliam** **Marty Gilliam**
**Eva Rós Valdimarsdóttir**
**Gréta María Valdimarsdóttir**
**Valdimar E. Valdimarsson** **Kjetil Dybing**
**Ágúst Einarsson**
**og barnabörn.**

✝



Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN SVEINBJÖRNSSON**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ingibjörg Sívertsen Jónsdóttir** **Guðjón Þorkelsson**
**afa- og langafabörn.**

✝



Okkar ástkæri

**EGILL GUÐMUNDSSON**
**frá Þvottá í Álftafirði,**
**Sóltúni 16, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 8. september sl.

**Elísabet Gunnlaugsdóttir**
**Guðmundur Þór Egilsson** **Sigrún Óskarsdóttir**
**Anna Gunnlaug Egilsdóttir**
**Viðar Egilsson** **Guðlaug Gísladóttir**
**Jóhanna Gerður Egilsdóttir** **Rafn Baldur Gíslason**
**og fjölskyldur.**




**ÞETTA GERÐIST:** 12. SEPTEMBER 1970

## Kristnihald undir jökli var frumsýnt

Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi Kristnihald undir jökli eftir Halldór Kiljan Laxness í Iðnó þennan mánaðardag árið 1970. Leikgerð var eftir leikhússtjóranum, Svein Einarsson sem einnig stýrði uppfærslunni.

Í helstu hlutverkum voru Gísli Halldórsson sem Jón prímus, Þorsteinn Gunnarsson sem Umbi, Helga Bachmann sem Úa og Regína Þórðardóttir sem Hnallþóra. Fjölmargir fleiri komu við sögu.

Reyndar hafði verkið verið frumflutt á Listahátíð í Reykjavík um vorið en þetta var hin formlega frumsýning. Kristnihaldið fékk misjafna dóma í blöðunum. Af einum gagnrýnanda var það talið eitt af eftirminnilegustu nývirkjum í íslenskri leiklist um langt skeið en öðrum var ráðgáta af hverju það hefði verið valið til sviðsflutnings.

Af almennum leikhúsgestum var því þó feikivel tekið og var sýnt 94 sinnum á fyrsta leikári en 178 sinnum í allt.



Þorsteinn Gunnarsson lék Umba.



**HYMNODIA** Kammerkórinn ætlar að flytja þjóðlög frá öllum heimshornum, svo sem skoska drykkjuvísu, mexíkóskan baráttusöng og finnskan polka. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fjölbragðasýning hjá Hymnodiu í Dalabúð

Kammerkórinn Hymnodia frá Akureyri ætlar að halda tónleika í Dalabúð á morgun og leika á sauðaleggjaflautur, beyglaða bárujárnsplötu og strákúst svo nokkuð sé nefnt.

„Okkar uppátækjum eru engin takmörk sett,“ segir Eyþór Ingi Jónsson, kórstjóri Kammerkórsins Hymnodiu, glaðlega og vísar þar til þeirrar dagskrár sem kórinn mun flytja í Dalabúð í Búðardal annað kvöld klukkan 20. Hann kallar það fjölbragðasýningu og hlakkar til að heimsækja æskuslóðir sínar í Dölunum með hana í farteskinu.

Kórinn syngur nefnilega og spilar á alls kyns skrítin og skemmtileg hljóðfæri og hefur uppi glens og grín, leikræn tilþrif og jafnvel dans, að sögn Eyþórs. „Brjálaði barítóninn, drynjandi geðlæknirinn, fljúgandi Hollendingurinn, sænski grunnskólakennarinn, lagvissi lögfræðingurinn, tölvuóði trompetleikarinn og margir fleiri koma fram,“ lýsir hann.

Meðal hljóðfæra sem kórinn notar er gömul og beygluð bárujárnsplata, tekin af gömlum útihúsum í Eyjafjarðarsveit.

Einnig verður þar hertrompet sem fannst á götumarkaði í Frakklandi, strákústur Sveins kirkjuvarðar í Akureyrarkirkju, blómavasar og vínflöskur, þurrkuð ávaxtahýði frá Tyrklandi, sauðaleggjaflautur og græjutaska kórstjórans.

Eyþór segir tónlistina líka afar fjölbreytta. „Þetta eru þjóðlög frá öllum heimshornum eins og skosk drykkjuvísa, mexíkóskur baráttusöngur, madrígal um kakkalakka, sænskur dansleikur, finnskur polki, enskt ástarljóð, rússneskt vögguljóð, kvöldsöngur fiska og margt fleira.“

Kórinn flutti þessa efnisskrá á níu tónleikum á Norðausturlandi í október og nóvember 2013 við mikið lof gesta að sögn Eyþórs.

Eins og fyrr segir hefjast tónleikarnir í Dalabúð klukkan 20. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

gun@frettabladid.is

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**BIRNA GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR**
**frá Setbergi á Hauganesi,**

sem andaðist á Dvalarheimilinu Dalbæ á Dalvík fimmtudaginn 4. september sl. verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju þriðjudaginn 16. september kl. 13.30. Jarðsett verður frá Stærri-Árskógskirkju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**börn hinnar látnu.**

✝



Okkar yndislega og ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA B. SNÆFELD**
**Boðaþingi 5,**

lést föstudaginn 5. september. Útför fer fram frá Digraneskirkju 24. september kl. 13.00.

**Jóhann Snæfeld Guðjónsson**
**Jón Heiðar Guðjónsson** **María Guðmundsdóttir**
**María Kristín Guðjónsdóttir**
**Þóra Björg Guðjónsdóttir** **Helgi Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**LJÓSMYNDAKEPPNI**

**Í tilefni Dags íslenskrar náttúru þann 16. september efnir Reykjavíkurborg til ljósmyndakeppni meðal grunnskólanema þar sem viðfangsefnið er „Náttúran í borginni – hið kunnuglega og hið óvænta“. Sjá nánar á vef Reykjavíkurborgar.**




My Style tiskuhús
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464




**FEGURÐ** Málmfríður hefur góða reynslu af Youngblood-förðunarlínunni sem gefur létta og fallega áferð án þess að erta viðkvæma húð. Youngblood fæst meðal annars á Carita Snyrting, í Hagkaup, Heimkaup og víðar. MYND/ERNIR

# LÝTALAUS FEGURÐ

**ATC KYNNIR** *Youngblood-förðunarlínan kemur til móts við konur á öllum aldri, allar húðgerðir og hvers kyns húðvanda. Hún er 100% náttúruleg.*

Við erum iðulega spurðar hvort Youngblood-vörurnar séu bara fyrir ungar stelpur en þvert á móti henta þær öllum aldri og öllum húðtegundum,“ segir Málmfríður Einarsdóttir, snyrti- og fótaaðgerðafræðingur.

Málmfríður er eigandi Carita – Snyrtingar og hefur notað Youngblood-vörurnar á stofunni síðastliðin þrjú ár.

„Youngblood dregur nafn sitt af frumkvöðli línunnar, Pauline Youngblood. Pauline starfaði um árabil sem klínískur snyrtifræðingur á lýtalæknastofu í Beverly Hills í Bandaríkjunum og var þar í daglegum samskiptum við fólk sem þjáðist af hinum ýmsu húðsjúkdómum,“ útskýrir Málmfríður um uppruna Youngblood-förðunarlínunnar.

„Pauline varð vör við þörf fyrir farða sem hægt væri að bera á andlit án þess að erta viðkvæma húð. Þá var mikilvægt að húðin gæti andað um leið og henni væri gefin létt og falleg áferð sem þó næði að hylja vel.“

Fyrstu vörurnar frá Youngblood komu á markað árið 1996 og hefur línan síðan unnið sér traust meðal ánægðra viðskiptavina um allan heim. Förðunarlínan hefur verið fáanleg hér á landi um nokkurt skeið.

„Framleiðendur Youngblood eru meðal frumkvöðla í framleiðslu á steinefnafarða og er förðunarlínan unnin úr náttúrulegum steinefnum. Farðinn er 100 prósent náttúrulegur, inniheldur hvorki kemísk efni né ilm- og rotvarnarefni og er olíulaus. Hann hentar öllum húðgerðum, gefur húðinni raka og sérlega fallega áferð. Þá þarf lítið magn til að hylja misfellur í húð og roða því farðinn hylur einstaklega vel.“

Vörulína Youngblood samanstendur af steinefnafarða í duftformi sem borinn er á með bursta. Í honum eru fisléttar púðuragnir sem samlagast húðinni vel og mynda létta og fallega áferð. Farðinn fæst einnig í föstu og fljótandi formi auk litaðra dagkrema. Þá inniheldur förðunarlína Youngblood breiða litalínu fyrir augu og varir.



**MALLA** Málmfríður Einarsdóttir er snyrti- og fótaaðgerðafræðingur og eigandi Carita – Snyrtingar. MYND/HARPA HRUND


Meirapróf



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta námskeið hefst 17. september 2014



VETURINN ER AÐ KOMA, ERT ÞÚ TILBÚIN!?!?!
NÝTTU ÞÉR TILBOÐIN HJÁ DEKKVERK FYRIR TÖRNINA.
175/65R14 VETRARDEKK 44.900.KR MEÐ VINNU
185/65R15 VETRARDEKK 49.900.KR MEÐ VINNU
195/65R15 VETRARDEKK 49.900.KR MEÐ VINNU
205/55R16 VETRARDEKK 59.900.KR MEÐ VINNU
GRÆNMERKT DEKK
SENDAST FRÍTT ÚTÁ LAND
SJÁ VERÐLISTA Á NETINU.
DEKKVERK
Nýbýlavegur 2 Kópavogi
& Lyngás 20 Garðabæ
FRÍ VINNA VIÐ BREMSUVIÐGERÐIR
PANTAÐU TÍMA, GILDIR EINGÖNGU EF VÖRUR ERU KEYPTAR AF DEKKVERK, GILDIR ÚT SEPTEMBER
25% AFSLÁTTUR
AF ALLRI SMURNINGU EF VÖRUR ERU KEYPTAR HJÁ DEKKVERK
FRÍR LÁNSBÍLL
MEÐ FRAMRÚÐUSKIPTUM ÚT SEPTEMBER
OPIÐ ALLAR HELGAR FRÁ 10- 19
Sími: 578 7474
www.dekkverk.is



**FJÖLBREYTT VÖRUÚRVAL** Á markaðinum á morgun bjóða nokkrar vefverslanir upp á fatnað, hönnunarvörur, barnavörur, snyrtivörur og gjafavörur. MYND/VALLI

# FALLEGAR VÖRUR OG HEITT POPPKORN

**MARKAÐUR** *Nokkrar vefverslanir setja upp sameiginlegan „pop up“-markað á morgun. Fjölbreytt úrval vara verður á boðstólum og gestir fá poppkorn.*

Nokkrar íslenskar vefverslanir taka sig saman á morgun laugardag og setja upp pop up-markað á Kexi hosteli í Reykjavík. Sömu verslanir settu upp sambærilegan markað í sumar sem tókst vonum framar en fullt var út úr dyrum frá opnun fram yfir lokun. Vefverslanirnar sem taka þátt um helgina eru Andarunginn.is, Nola.is, Snúran.is, Esjadekor.is og Petit.is en þær selja fjölbreytt úrval vara eins og fatnað, íslenskar og erlendar hönnunarvörur, barnavörur, snyrtivörur og ýmsar gjafavörur.

Að sögn Rakelar Hlínar Bergsdóttur, eiganda Snúrunnar, er helsta markmið markaðarins að gefa viðskiptavinum tækifæri til að skoða vörurnar með eigin augum. „Síðan er ekki síður mikilvægt fyrir okkur að hitta viðskiptavini, ræða við þá og fá viðbrögð þeirra. Það eru enn margir sem þora ekki að versla á netinu og því er svona markaður kjörið tækifæri fyrir báða aðila til að kynnast og byggja upp traust. Enda varð mikil söluaukning hjá öllum vefverslunum sem tóku þátt í sumar sem sýnir að full þörf er á svona viðburðum.“

Markaðurinn hefur líka verið dýrmæt reynsla fyrir hópinn sem rekur vefverslanirnar. „Þetta er búið að vera frábært samstarf og lærdómsríkt að geta skipst á skoðunum og reynslusögum. Þegar við héldum fyrsta markaðinn vissum við ekkert við hversu mörgum við áttum að búast en um leið og markaðurinn var opnaður klukkan 12 þá fylltist salurinn. Það var fullt allan daginn og raunar langt fram yfir lokun. Viðtökurnar fóru algjörlega fram úr björtustu vonum okkar og því ákváðum við að lengja opnunartímann og hafa opið frá kl. 12-18 á laugardaginn.“




**KEX HOSTEL** Markaðurinn er opinn milli kl. 12-18 á laugardag. MYND/VALLI



Rakel segir netverslanir lengi hafa verið svolítið framandi fyrir Íslendinga en þeir séu þó virkilega farnir að taka við sér og farnir að meta hversu þægilegur og einfaldur þessi verslunarmáti er. „Auðvitað hafa netverslanir verið mjög vinsælar og mikið notaðar erlendis en við finnum að salan og áhugi almennings er virkilega að fara á flug hérna á Íslandi. Allar þessar verslanir hafa lager hér á landi og því þurfa viðskiptavinir einungis að bíða í 2-4 daga eftir vörunum.“

Mikil tilhlökkun er í hópnum vegna morgundagsins enda segir Rakel alltaf mikla stemningu fylgja mörkuðum sem þessum. „Við fáum svo góð viðbrögð frá öllum og finnum fyrir mikilli jákvæðni í okkar garð. Við hlökkum mikið til að hitta viðskiptavini okkar og aðra áhugasama sem kíkja við hjá okkur. Við munum bjóða gestum upp á alvöru bíópopp og karamellupopp enda finnst okkur það vel við hæfi á slíkum markaði.“



**LITAFEGURÐ** Sumar vörurnar eru skrautlegri en aðrar. MYND/ÚR EINKASAFNI



Markaðurinn verður haldinn í Gym & Tonic-salnum á Kexi hosteli og stendur yfir frá kl. 12-18 á morgun laugardag. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir pop up markaður.












**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
12. SEPTEMBER 2014


*Hugrún og Magni eigendur Kronkron*
**KYNNTU KRON BY KRONKRON Í HOLLYWOOD 2**

*Rikka, kokkur og ritstjóri Heilsuvísis*
**VILL FÁ ALLA Í SYKURLAUSAN SEPTEMBER 4**

*Theodóra Mjöll Skúladóttir*
**SEGIR MJÚKA LIÐI VERÐA Í TÍSKU Í VETUR 10**




*Elísabet Ronaldsdóttir*

# HVAÐ ER ÉG AÐ GERA HÉRNA?


FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

# HVER ER?



**Nafn?**
**Gunnhildur Birna Gunnarsdóttir.**
**Aldur?** **27 ára**

**Starf?**
Förðunarfræðingur, deildarstjóri þjónustudeildar Elko og nemi í viðskiptafræði.

**Maki?**
Pass.

**Stjörnumerki?**
Fiskar.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Skyr-boozt með banana og bláberjum.

**Uppáhaldsstaður?**
Snæfellsnes og rúmið mitt.

**Hreyfing?**
Fer í ræktina þrisvar til sex sinnum í viku og lyfti oftast. Svo finnst mér útihlaup og göngutúrar æði.

**Uppáhaldsfatahönnuður?**
Þeir eru nokkrir en mér finnst það sem Sunil Pawar og Mario Testino gera ofboðslega fallegt.

**Uppáhaldsmynd?**
Ætli það sé ekki bara klassíkin Forrest Gump.

**A- eða B-manneskja?**
Klárlega B.

## HVERJIR HVAR?

Mikil stemning var í Hörpu um liðna helgi þegar hljómsveitin Stuðmenn kom fram á tónleikum og á dansleik síðar um kvöldið. Mátti sjá þjóðþekkta einstaklinga á meðal gesta. Stórsöngvarinn **Stefán Hilmarsson** var mættur ásamt



eiginkonu sinni, Önnu Björk Birgisdóttur. Fjölmiðlamaðurinn Logi Bergmann var einnig á meðal gesta ásamt eiginkonu sinni, **Svanhildi Hólm Valsdóttur,** og þá mátti sjá útvarpsmanninn Ívar Guðmundsson í góðum gír.



# TÍSKA ÚTVALDIR Í HOLLYWOOD FÁ AÐ KAUPA KRON BY KRONKRON

*Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson eru nýkomin frá Los Angeles þar sem þau kynntu fatalínu sína.*

Þetta bara steinlá hjá okkur og við gerðum okkur ekki alveg grein fyrir því fyrr en við vorum mætt á staðinn hvað við værum búin að koma okkur út í," segir Magni Þorsteinsson, en hann og kona hans, Hugrún Árnadóttir, eigendur tískumerkisins Kron by Kronkron, eru nýkomin frá Los Angeles þar sem þeim bauðst að koma og kynna Kron by Kronkron á lokuðum viðburði fyrir Emmy- og MTV-verðlaunin. Haft var samband við þau eftir að útsendari sá þau í París.

„Þarna fengum við tækifæri til að hitta og kynna verk okkar fyrir þverskurðinum af þeim sem starfa í þessum skemmtanabransa, framleiðendum, leikstjórum, rithöfundum og svo var náttúrulega öll leikaraflóran. Það er aðeins ákveðnum hóp boðið að koma, allir sem tilnefndir eru og bara allir sem gegna mikilvægu hlutverki í þessum bransa. Ameríkaninn er jú voða afdráttarlaus í sínum skoðunum og óhætt að segja að viðbrögðin sem við fengum voru margfalt á við það sem við bjuggumst við. Þetta var bara svakalega stórt klapp á bakið á 5 mínútna fresti, alveg svakalegt að upplifa það," segir Magni, en meðal stjarnanna sem mættu voru De Laria og Selenis Leyva úr Orange Is the New Black og Mad Men-leikkonan Teyonah Parris. Þær eru allar komnar í Kron by Kronkron ásamt tugum annarra.

„Eiginkona House of Cards-leikarans Sebastians Arcelus er stórstjarna á Broadway og hún var í Kron by Kronkron á rauða dreglinum á Emmy-verðlaunahátíðinni og tísti beint myndum af sér," bætir Magni við. „Og Angela Bassett, hún heillaðist alveg. Hún kom einn daginn og langaði í allt saman frá okkur, hún hringdi svo daginn eftir í okkur og sagðist ekki verða róleg fyrr en hún fengi ákveðin stykki til viðbótar."

YouTube-stjarna póstaði mynd af sér í kjól frá þeim og fékk 22.526 læk á tveimur tímum sem varð til þess að síminn þeirra grillaðist.

Útsendarar frá stórleikkonunni Sharon Stone komu á kynninguna og tóku myndir. Daginn eftir rigndi inn tölvupóstum frá henni því leikkonan gjörsamlega heillaðist af hönnun þeirra. Fjöldi stílista mætti á kynninguna, þar á meðal einn stærsti og vinsælasti stílistinn í Hollywood. „Þetta opnaði rosa margar dyr," segir Magni. „Síðan þá er bara nýtt ævintýri á hverjum degi og bara svo yndislegt að sjá hvað viðtökurnar eru sterkar og hvað allir vilja okkur vel. Bara dásamlegt."

Hægt er að fylgjast með ævintýrinu á Instagram síðu Kron by Kronkron, þar eru þau dugleg að birta myndir af því sem er að gerast hjá þeim.







Hönnuðurnir Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson ásamt stjörnunum sem þau hittu í Los Angeles, þeim Angelu Basset og Teyonah Parris.




Stehmann

**Stehmann** buxurnar eru komnar aftur!

SIGURBOGINN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS


# LÍFIÐ MÆLIR MEÐ

*Markaður, tónleikar og Októberfest*

Netverslunum hefur fjölgað gríðarlega síðustu misseri og nú hafa nokkrar vel valdar vefverslanir tekið sig saman og ætla að halda uppskotsmarkað (pop up) til að sýna og selja sínar vörur. Kjörið tækifæri fyrir viðskiptavini til að sjá vörurnar með eigin augum. Þær verslanir sem standa að markaðnum eru Andarunginn.is, Esja Dekor, Nola.is, Petit.is og Snúran.is. **Markaðurinn fer fram á Kexi Hosteli milli 12-18** á morgun.





Hljómsveitin Hjaltalín blæs til tónleika á Húrra annað kvöld kl. 22. Sveitin hyggst frumflytja ný lög í bland við eldra efni og lofar miklu stuði eins og henni einni er lagið með söngkonuna **Sigríði Thorlacius** í broddi fylkingar. Þetta eru síðustu tónleikar Hjaltalín í bili en hún hlé til að klára nýtt efni í hljóðverinu.

Í kvöld og á morgun fer fram Októberfest í tjaldi fyrir utan Háskóla Íslands. Fram koma meðal annars Agent Fresco, Kiriyama Family, Reykjavíkurdætur og Amabadama.

Hægt er að kaupa miða á Midi.is.

# AUGNABLIKIÐ



Leikkonan **Keira Knightley** var glæsileg á kvikmyndahátíðinni í Toronto á dögunum en hún er þar til að kynna kvikmynd sína The Imitation Game ásamt leikaranum Benedict Cumberbatch. Hún klæddist litríkum kjól úr smiðju Chanel við háhælaða skó með mjórri tá. Kjóllinn er úr sumarlínu merkisins og þykir einstaklega vel heppnaður.

**Lífið**
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Stefán Karlsson**


Fylgstu með á Facebook
Lindex Iceland
THE NEW
SOFT
CELEBRATING 60 YEARS IN FASHION
Celebrating with
great prices from
3995,-
LINDEX



**10 SPURNINGAR** ÁLFRÚN HELGA ÖRNÓLFSDÓTTIR LEIKKONA

# MUN EFLAUST ALDREI FÁ SÉR TATTÚ

1. **Þegar ég var ung** lifði ég á mjólkurvörum.
2. **En núna veit ég að** ég er með mjólkuróþol.
3. **Ég mun eflaust aldrei** fá mér tattú.
4. **Ég hef engan sérstakan áhuga á** að pirra mig á stjórnmálamönnum en stundum ræð ég bara ekki við mig.
5. **Karlmenn eru** ekki kvenmenn en geta samt skipt um kyn ef þeir vilja.
6. **Ég hef lært** að lífið er sífellt að koma manni á óvart og maður þarf ekki alltaf að leitast við að lenda í ævintýrum, það bara gerist.
7. **Ég fæ** samviskubit oft á dag því ég hef alltof sterka ábyrgðartilfinningu.
8. **Ég slekk á sjónvarpinu** þegar barnatíminn er búinn, þegar fréttirnar eru búnar, þegar skandinavíski glæpaþátturinn klárast.
9. **Um þessar mundir** er ég að leika í dansleikhúsverkinu mínu KAMELJÓNI í Tjarnarbíói þar sem ég skoða hvað mótar egóið og sný sjálfri mér á alla kanta.
10. **Ég vildi óska þess** að það væri meiri áhugi á menningarlegum verðmætum í þessum peningadrifna heimi.






**Rikka útlistar einkenni sykurfíknar.**

# HEILSUVÍSIR
## ERTU SYKURFÍKILL?

***Rikka skrifar um sykurfíkn í tilefni átaksins Sykurlaus september. Sykur er ávanabindandi og getur valdið sjúkdómum.***

Þrátt fyrir endalausa hvatningu og áminningar í fjölmiðlum um að ráðlegt sé að minnka sykurneyslu þá búum við við þann raunveruleika að þriðjungur þeirra hitaeininga sem við neytum kemur úr sykri. Sérfræðingar hafa áhyggjur af þessari framvindu þar sem mannslíkaminn er ekki hannaður til þess að innbyrða svo mikið. Sykur er talinn vera ábyrgur fyrir mörgum af þeim algengustu sjúkdómum og kvillum sem við búum við í dag svo sem sykursýki, hjartasjúkdómum og krabbameini. Vísindamenn eru sífellt að finna fleiri og fleiri vísbendingar sem benda allar á óvininn, sykurinn.

Stóra vandamálið er að sykurinn er svo óskaplega ávanabindandi og það gerir baráttu okkar við hann svo erfiða sem raun ber vitni.

Í flestum tilfellum kemur löngun í sykur fram vegna vana og fíknar í hann en einnig vegna ýmissa heilsufarsvandamála sem fólk glímir við.

### *Hver eru einkenni sykurfíknar?*



1. Þú þarft á sykri að halda til að koma þér í gegnum daginn … þú bara verður.
2. Ef þú hættir að borða sykur í nokkra daga þá byrjarðu að finna fyrir líkamlegum einkennum eins og höfuðverk, flökurleika og skapbreytingum.
3. Þrátt fyrir löngun til þess að hætta að neyta sykurs þá bara hreinlega getur þú það ekki. Þú stendur þig að því að vera með síendurteknar hugsanir um sykur, sykur og aftur sykur.
4. Þú þarft alltaf stærri skammt af sykri til að fá „kikkið“. Allt í einu ertu komin(n) í vítahring sem erfitt getur verið að losna úr.
5. Þú átt í erfiðleikum með að segja nei þegar þér er boðið sælgæti eða kökur.

Ef þú kannast við fleiri en eitt af þessum einkenni og finnur fyrir þeim daglega þá er því miður hægt að flokka þig sem sykurfíkil. Fæstir taka það alvarlega að vera sykurfíkill og segja að það sé nú til alvarlegri fíkn en þessi eins og til dæmis áfengis- og eiturlyfjafíkn. Jú, sjálfsagt er það verra hlutskipti. Sykurfíkn er á vissan hátt ekkert miklu skárri og getur haft jafn slæm áhrif á líkama sem huga og áfengis- og eiturlyfjafíkn.

### *Hvað getur þú gert?*

Taktu eitt skref í einu, ekki sleppa öllum sykri strax. Taktu eitt skref í einu og settu þér lítil markmið. Róm var ekki byggð á einum degi og markmið eru alltaf markmið. Bara það að hætta að setja hálfa teskeið af sykri í kaffibollann þinn hefur áhrif. Segjum sem svo að þú drekkir tvo kaffibolla á dag. Það gerir eina teskeið af sykri á dag, sjö á viku og þrjátíu teskeiðar af sykri í hverjum mánuði.

PURELOGICOL

# Collagen til inntöku

## Sléttir fínar hrukkur og þéttir húðina




- » Hrukkur og línur sléttast út um 43 % *
- » Húðin á andliti og öllum líkama verður mýkri og þéttari um 35 % *
- » Lagar húðþurrk
- » Sterkari hár og neglur
- » Dregur úr húðsliti
- » Frábært fyrir liðina, aukin liðugleiki og betri líðan, byggir upp brjósk
- » Árangur sést og finnst eftir 3 vikur



Gala SPA AWARDS
BADEN-BADEN

Valið „favorite age-defying"
af tímaritinu MS London

**90 hylki, hvert hylki 600 mg af hreinu collageni, engar fiskiafurðir**

* Óháð rannsókn og blindpróf, árangur eftir 6 vikna inntöku.

## Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu, Græn heilsa og Fríhöfninni

Collagen er öflugasta byggingarprótín líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskorti er m.a slakari húð, hrukkur og stirðleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogicol collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu á brjóski, sinum, liðum og stoðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðlar að betri svefni. Gefur fljótt betri líðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mýkt, unglegri og stinnari. Styrkir hár og neglur. Dregur úr húðsliti
Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.

# VONANDI HAFA BÖRNIN ÞOLINMÆÐI FYRIR FLAKKINU

***Elísabet Ronaldsdóttir hefur vakið mikla athygli undanfarin misseri fyrir vinnu sína sem klippari. Hún hefur meðal annars klippt myndir á borð við Contraband, Mýrina, Nóa Albínóa og svo mætti lengi telja, en hún hefur verið einn nánasti samstarfsmaður Baltasars Kormáks undanfarin ár. Elísabet er tiltölulega nýlent frá Los Angeles, þar sem hún hefur dvalið síðastliðna tíu mánuði við eftirvinnslu á kvikmyndinni John Wick, með Keanu Reeves í aðalhlutverki. Elísabet hefur nóg á sinni könnu, en auk þess að vera eftirsótt í starfi sínu rekur hún sjö manna heimili, hund, kött og fiska. Þannig koma vel launuð verkefni í Hollywood sér vel.***

Þetta tók meiri tíma en ég hafði hugsað, af því að ég skildi börnin bara ein eftir heima," segir Elísabet og grettir sig. „Nei, ég segi svona. Ég gerði það auðvitað í góðu samráði við þau. Ég ætlaði að koma aftur heim í apríl, en það varð ekki fyrr en í ágúst," heldur hún áfram. „En það kom líka upp pattstaða í bandaríska þinginu vegna fjárlaga og enga þjónustu hægt að fá hjá opinberum stofnunum. Ég var með atvinnuleyfi í passanum mínum frá HBO, eftir að hafa unnið fyrir þá sumarið áður, og komst út á því, en vegna þess að allt var í lamasessi fékkst atvinnuleyfið mitt fyrir John Wick ekki afgreitt.

Það varð ekki eingöngu til þess að ég var kyrrsett og gat ekki ferðast úr landinu, heldur var ekki hægt að borga mér laun eða dagpeninga fyrr en búið að var að koma öllum löggiltum pappírum til skila" rifjar Elísabet upp. „Ég átti ekki krónu. Þannig að ég var alltaf í vinnunni því þar var matur og drykkur, en það var, eftir á að hyggja, alveg brjálæðislega fyndið að vera með tvo aðstoðarmenn en eiga ekki fyrir bolla á kaffihúsi. Þetta er svosem ekki í fyrsta sinn sem ég hef verið blönk, en ég hef aldrei verið jafn dugleg að fylgjast með amerískri pólítík," segir Elísabet, létt í bragði.

### *Hvað er ég að gera hérna?*

Elísabet hefur ferðast víða undanfarin misseri vegna vinnu sinnar og hefur þegar skapað sér nafn í Hollywood. Ásamt því að hafa átt í nánu samstarfi við Baltasar Kormák, er Elísabet á mála hjá stórri umboðsskrifstofu sem hefur höfuðstöðvar sínar í LA, William Morris Endeavor.

„Þegar við vorum að vinna Contraband, og stödd í Los Angeles, hitti ég Dody Dorn sem er ein af mínum uppáhaldsklippurum og klippti meðal annars Memento. Við spjölluðum saman yfir kvöldmat, og án minnar vitundar hringir hún í umboðsskrifstofuna sína og segir þeim frá mér. Nokkru síðar er ég stödd í London og fæ símtal frá þessari skrifstofu og er boðuð á fund. Það vildi þannig til að ég var á leiðinni til LA og var bókuð á hóteli sem reyndist vera við hliðina á umboðsskrifstofunni. Þannig að ég skoppa yfir en vissi svo sem ekkert um hvað fundurinn átti að snúast. Ég þekkti ekkert þennan umboðsmannakúltúr. Ég mætti bara og sat á biðstofu sem var stærri en íbúð meðalstórrar fjölskyldu í Reykjavík. Það var ekkert þarna inni nema sófi, glerborð og marmari. Og ég hugsaði með mér: Hvað er ég að gera hérna?" segir Elísabet og hlær.

### *Kunni ekki leikreglurnar*

„Svo fer ég inn og spjalla við þessa umboðsmenn. Ég vissi ekkert hvort ég átti að biðja þá um eitthvað eða þeir mig. Ég kunni ekki leikreglurnar. En svo endaði þetta þannig að við horfðum hvert á annað og þeir sögðu: Ef þú vilt vera með, þá ertu með."

Elísabet segir allt verða auðveldara með svona stóra umboðsskrifstofu á bak við sig. „Til dæmis hafði hún burði til að taka atvinnuleyfið mitt á sig þannig að nú er einfaldara fyrir mig að fara út og vinna þar sem leyfið er ekki lengur bundið ákveðnum verkefnum. Það dregur auðvitað úr tækifærum mínum hvað það er dýrt að fá mig út – fyrir utan flugið og uppihaldið, þá kostar atvinnuleyfið hátt í milljón og jafnvel í Hollywood-mynd er það kostnaður sem horft er í. WME gera líka stundum einhvers konar „pakkadíla" – þannig að ég gæti fylgt með í kaupunum á einhverjum leikstjóra, eða tökumanni sem er líka á mála hjá þeim, en auðvitað er maður aldrei ráðinn nema að leikstjóri og framleiðendur hafi trú á að maður valdi verkinu," segir Elísabet, „þá er metið hvað maður getur lagt huglægt til verksins út frá sýn leikstjóra. Það eru nefnilega engar Eddur eða Óskarar veittar fyrir lipurð á takkaborð þó margir vilji misskilja framlag klippara sem tæknivinnu."

***Það eru nefnilega engar Eddur eða Óskarar veittar fyrir lipurð á takkaborð þó margir vilji misskilja framlag klippara sem tæknivinnu.***

### *Auðvitað viss nördaháttur*

„Ég hef gaman af hasarmyndum þó mér finnist alltaf jafn mikilvægt að sögur séu karakterdrifnar. Það sem mér finnst þó mest spennandi er þegar ólíkir straumar í kvikmyndagerð mætast. Mér þætti gaman að fá að klippa evrópskt þunglyndisdrama með sömu áherslum og má finna í kung fu-myndum. Kvikmyndafusion," segir Elísabet og hlær. John Wick, sem er svona hefðbundin hasarmynd, nálgaðist ég sem blöndu af fornsögunum og dansmynd," útskýrir hún. „Og það er það sem við leikstjóri John Wick vorum svo sammála um, að nálgast hana tilfinningalega í klippinu og þyngja kjölinn. Og talandi um dans, ef við tökum Brúðgumann eða Mýrina, eru þar senur sem ég klippti eins og stuttar dansmyndir," segir Elísabet. „En svo tekur kannski enginn eftir því, eða finnst það eitthvað sérstaklega merkilegt. Þetta er auðvitað viss nördaháttur." ▶



Þætti gaman að klippa evrópskt þunglyndisdrama með kung-fu ívafi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Elísabet hefur klippt:

- 2014 JOHN WICK
- 2013 HANDBOLTI
- 2013 THE MISSIONARY
- 2012 DJÚPIÐ
- 2012 CONTRABAND
- 2011 THOR: LEGEND OF THE MAGICAL HAMMER
- 2011 SÚÐBYRÐINGUR SAGA BÁTS
- 2010 SUMARLANDIÐ
- 2010 FUTURE OF HOPE
- 2010 INHALE
- 2009 DESEMBER
- 2009 STELPURNAR OKKAR
- 2009 OPAQUE
- 2008 REYKJAVÍK ROTTERDAM
- 2008 BRÚÐGUMINN
- 2007 DUGGHOLUFÓLKIÐ
- 2007 BRÆÐRABYLTA
- 2007 MONSIEUR HYDE
- 2007 I TAKK FYRIR HJÁLPIÐ
- 2006 MÝRIN/JAR CITY
- 2006 BLÓÐBÖND
- 2005 ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR
- 2004 HONOUR KILLING: A TURKISH TRAGEDY
- 2003 NJÁLSSAGA
- 2003 VÅBEN TIL SALG
- 2002 HAFIÐ
- 2002 REYKJAVIK GUESTHOUSE: RENT A BIKE
- 2002 THE MILLER (SHORT)
- 2000 ERIK BRUHN: I AM THE SAME, ONLY MORE
- 2000 THE ELEPHANT BOY: BILLY IN BANGKOK
- 1999 BYE BYE BLUEBIRD
- 1999 DET FORBANDEDE FEDT
- 1998 THE DANCE



Keanu Reeves leikur aðalhlutverk í nýjustu kvikmyndinni sem Elísabet vann að: John Wick

*Að fá laun fyrir stóra erlenda bíómynd versus litla, íslenska, dásamlega bíómynd er ekki flókið reikningsdæmi fyrir mig. Þessi börn þurfa að borða og ég get ekki fætt þau á því að það sé svo mikilvægt að hlúa að íslenskri kvikmyndagerð.*

▶ *Ekki flókið reikningsdæmi*

En verkefnin eru jafn mismunandi og þau eru mörg og það er margt ólíkt við það að vinna sem klippari í Hollywood og sem kvikmyndagerðarmaður á Íslandi. „Ég nýt þess til dæmis að vinna með Baltasar því í vinnu sem byggist á áralöngu samstarfi getur maður farið að teygja sig lengra og ýtt sér auðveldlegar út fyrir ramma. Það er það sem ég brenn fyrir. Auðvitað langar mig að fara út og gera fleiri myndir og ástæðan fyrir því er ekki sú að ég njóti þess ekki að gera íslenskar bíómyndir. Það er alveg jafn spennandi að vinna þær sögur, en þetta er eins og að fara út í nám. Þú ert að kynnast fólki sem hefur svo ótrúlega reynslu og þekkingu í faginu að það eru svo mikil verðmæti að sækja. Fyrir mér er það góður skóli, því ég vil heldur ekki staðna. Um leið og ég held að ég sé búin að læra allt, þá get ég farið og fundið mér eitthvað annað að gera. En málið er heldur ekkert flóknara en það að ég er með sjö manna heimili, hund, kött og þrjá fiska. Að fá laun fyrir stóra erlenda bíómynd versus litla, íslenska, dásamlega bíómynd er ekki flókið reikningsdæmi fyrir mig. Þessi börn þurfa að borða og ég get ekki fætt þau á því að það sé svo mikilvægt að hlúa að íslenskri kvikmyndagerð. Það væri auðvitað lúxus að þurfa ekki að horfa í peninginn. Því íslensk kvikmyndagerð stendur mér nærri og þaðan er ég sprottin. Ég væri ekki að fá þau tækifæri sem ég er að fá núna nema vegna þess hvað ég hef lært hérna heima,“ útskýrir Elísabet. En svo getur maður farið fyrir horn og allt í einu er allt er breytt. Vonandi fæ ég áfram að klippa kvikmyndir og vonandi hafa börnin áfram þolinmæði fyrir þessu flakki. Auðvitað leita sumir að æðri tilgangi í lífinu og öll viljum við setja tilveru okkar í samhengi og vera ábyrgðarfull, en stundum, til að halda góðu geði, verður maður að hleypa sínum eigin Forrest Gump að og skokka þetta áfram, ligeglad, nartandi í konfektið,“ segir Elísabet að lokum.





# Stevía er galdurinn

## Náttúruleg sæta í stað sykurs

Stevía vex villt í skógum Amazon. Öldum saman hafa frumbyggjar af Guarani ættbálknum nýtt sér undraverða eiginleika hennar; stevía er náttúrulega sæt en hækkar ekki blóðsykurinn, veldur ekki tannskemmdum og inniheldur ekki eina einustu hitaeiningu. Via-Health strásæta er náttúruleg afurð, framleidd úr stevíu og erýtrítol og er tilvalin í matargerð og bakstur í stað sykurs.

- ✔ **Náttúruleg**
- ✔ **Engar hitaeiningar**
- ✔ **Ákjósanlegt fyrir sykursjúka**



**Til að auka sætu er tilvalið að nota stevíudropa sem fást í mörgum bragðtegundum.**

*Fæst í Krónunni og Hagkaup.*

VIA-HEALTH






# FATASKÁPURINN GUÐRÚN JÓNA GUÐMUNDSDÓTTIR

*Guðrún er 29 ára heimavinnandi húsmóðir í Suður-Frakklandi í pásu frá lögfræðinámi.*





**1** Ég bý í Suður-Frakklandi og því eru sólgleraugu algjört möst á hverjum degi. Ég á nokkur til skiptanna en mér finnst þetta svo mikilvægur fylgihlutur að ég gæti alveg hugsað mér að bæta nokkrum í safnið. Þessi eru frá Céline, passa við allt og eru mikið notuð núna.



**2** Acne-peysan er örugglega sú mest notaða í fataskápnum mínum. Peysan er úr mohair og er því ótrúlega hlý en samt ekki of þykk. Á sumrin á Íslandi nota ég hana sem jakka en á veturna er ég í henni innan undir jökkum og kápum.



**3** Þessi bleiki jakki er það nýjasta í fataskápnum mínum. Mig er búið að langa lengi í litaðan pels og féll því alveg fyrir þessum hjá Andreu Boutique í Hafnarfirði. Ég held hann verði mikið notaður í vetur.

*„Fatastíll minn er síbreytilegur en í grunninn er hann litríkur, kvenlegur og klassískur. Ég er farin að vanda valið mun betur heldur en ég gerði áður fyrr og kaupi mér frekar færri og klassískari hluti en marga óvandaðri. Veikleiki minn er yfirhafnir en ég vil eiga þær í öllum gerðum og litum.“*




**4** Ég er sjúk í bómullarpeysur sem mér finnst gaman að blanda saman við minn kvenlega stíl. Þessi peysa er sú nýjasta í safnið en liturinn á henni heillaði mig. Ég keypti hana í vor í Opening Ceremony í New York þegar ég var í heimsókn hjá vinkonu minni.

**5** Carven-hælaskórnir eru ekki þeir mest notuðu í fataskápnum þó þeir séu uppáhalds. Í þessum skóm var ég þegar ég giftist manninum mínum fyrir þremur árum. Ég var búin að leita lengi að réttu skónum þegar ég féll fyrir þessum frá franska merkinu Carven. Ég lét 12 cm hælinn ekki stoppa mig þó ég verði að viðurkenna að ég hafi verið orðin vel þreytt í fótunum þegar leið á nóttina.





## MATUR HOLLUR OG GÓMSÆTUR BLÁBERJAÍS

*Berglind bloggar á vefnum Gulur, rauður, grænn og salt, grgs.is og deilir hér einfaldri uppskrift að ís.*

**Innihald:**

**2 frosnir bananar, niðurskornir áður en settir í frysti**
**1 bolli bláber, eða rétt rúmlega**
**1 cm engifer, maukað**
**¼ bolli kasjúhnetur (látnar liggja í bleyti í 4 tíma)**
**(2 msk. möndlumjólk ef þarf)**

**Aðferð:**
Bananar settir í blandara og hrært í þar til þeir eru mjúkir og kremkenndir eða í 1-2 mínútur. Bætið hinum hráefnunum út í nema möndlumjólkinni og hrærið. Ef þið þurfið að þynna blönduna getið þið bætt smá möndlumjólk út í. Berið fram strax, ef ekki, látið í frystinn og látið síðan aftur í blandarann í smá stund rétt áður en ísinn er borinn fram. Grunnurinn hér er banananir og hægt að leika sér með bragðið að vild. Þá má láta ber út í, mangó, ananas, meiri sítrónu, hafa hnetur eða sleppa þeim.




*tilboð gildir til 31. desember

Ótrúlega góð
afmælistilboð

MONTIS

CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / www.epal.is

epal




*tilboð gildir til 1. nóvember

# TÍSKA EINFALDAR UPPGREIÐSLUR Í VETUR

*Mjúkir liðir og gel-greitt hár eiga vinsældum að fagna.*

Það sem mér finnst mest áberandi núna er ekki of „gert“ hár, þ.e hár sem er laust upp sett, með mjúkum liðum og virðist ekki vera of planað. Lágt tagl beint aftan á hnakka er mjög áberandi en sú tíska hefur verið mikið í gangi síðasta árið, enda eru breytingar í hártískunni mun hægari en í klæðnaði og förðun sem er mjög ör og síbreytileg,“ segir Theodóra Mjöll Skúladóttir hárgreiðslusnillingur með meiru. Einfaldar og lausar uppgreiðslur segir hún að verði einnig vinsælar þar sem hárið er tekið lauslega aftur með hnakka. Undanfarið hefur verið mjög vinsælt að taka allt hárið upp í snúð ofan á höfðinu, nú sé kominn tími á að færa snúðinn niður að hnakkagróf.

„Ég fékk það á tilfinninguna fyrr á árinu að flétturnar væru að detta út, enda mikið fléttuæði búið að ríkja síðustu ár. En ég veit ekki hvort það er með tilkomu vinsælu teiknimyndarinnar Frozen eða norræna útlitsins sem er svo eftirsóknarvert, en þá eru flétturnar að koma sterkar inn aftur. Þá er einföld föst flétta og „milkmaid´s braid“ eða mjaltastúlkuflétta mjög áberandi“, bætir Theodóra við, en flétturnar voru til dæmis áberandi á pöllunum á New York Fashion Week núna í liðinni viku.

„Wet look“ verður áfram vinsælt í vetur, en það er eitt af þeim skemmtilegu tilbrigðum sem komu aftur með endurkomu 90's-bylgjunnar. Þá er hárið greitt með geli beint aftur eða því skipt að framan, og neðri helmingur hársins (endar hársins) er þurrir og úfnari.

Á sýningu Diane Von Furstenberg á nýafstaðinni tískuviku í New York mátti sjá fallega liði í hárinu og er sú tíska ekkert á undanhaldi. Fyrir þær skvísur sem vilja læra hvernig best er að liða hárið ætlar Theodóra að bjóða upp á skemmtilegt krullunámskeið fyrir kvenþjóðina í september þar sem konum á öllum aldri er kennt að gera einfaldar upp í flóknar krullur á skjótan og skilvirkan máta. (Meira um það á www.trendnet.is/theodoramjoll).



Theodóra Mjöll Skúladóttir hárgreiðslumeistari.



Donna Karan var með flotta útfærslu af mjaltastúlkufléttunni.



Fallegur snúður í hnakkanum á sýningu Altuzarra.



Á sýningu Thakoon var „wet look" allsráðandi.

Flottar veislur



Veislan býður uppá ýmis hlaðborð, 2 til 6 rétta seðla og margt fleira. Fyrsta flokks hráefni úr eldhúsi Veislunnar.



Terta með brúðarmassa úr handverksbakarí Veislunnar, bjóðum uppá fjölbreytt úrval af tertum, kökum og brauðmeti.



Smáréttahlaðborð. Mikið úrval af tapasréttum og canape sem eru vinsæl í afmæli, móttökur og partý.



Smurbrauðsdeild Veislunnar töfrar fram fallegar kaffisnittur, skreyttar brauðsneiðar og brauðtertur, vinsælt fyrir fundi, afmæli og erfidrykkjur.

- Veislumatur
- Kökugerð
- Smurbrauð

Veislan er alhliða veisluþjónusta, býður upp á fyrsta flokks mat, veislusal, borðbúnað og heildarlausn í veisluna þína ásamt persónulegri þjónustu.

VEISLAN
VEITINGAELDHÚS
www.veislan.is
26 ára reynsla

Hringdu og leitaðu tilboða • Sími 561 2031





# HÖNNUN LOFTBELGURINN UPPHAFLEGA HÚÐFLÚR

*Bergrún Íris Sævarsdóttir teiknar myndir af loftbelgjum í barnaherbergi.*

„Ég hef verið að teikna loftbelgi síðustu vikur en það byrjaði þannig að ég teiknaði húðflúr fyrir vinkonu mína. Hún hafði fjölda hugmynda, meðal annars að fá sér loftbelg, svo ég prófaði að blanda öllum hugmyndunum hennar saman inn í fallegan loftbelg. Það kom svo vel út að ég hef haldið áfram,“ segir Bergrún Íris Sævarsdóttir, 29 ára móðir og teiknari úr Hafnarfirði.

Teikningar af loftbelgjum úr hennar smiðju hafa náð miklum vinsældum upp á síðkastið og eru nú til sölu í Galleríi List. „Það sem byrjaði sem lítil hugmynd hefur undið upp á sig. Nú á ég sjálf von á barni og mig langaði að búa til „barnabelg“ þar sem hægt er að skrifa í skýin fæðingarupplýsingar barnsins, þyngd, lengd og fæðingardag,“ segir Bergrún Íris sem tekur að sér ýmiss konar teikniverkefni en fyrsta bókin hennar, Vinur minn, Vindurinn, kemur út hjá Bókabeitunni í haust. Hægt er að skoða loftbelgina og fleiri verk eftir Bergrúnu á instagram.com/oskalistinn_art og á bergruniris.com.



Bergrún Íris Sævarsdóttir byrjaði að teikna húðflúr fyrir vinkonu sína og endaði í barnateikningu sem hefur fallið vel í kramið.


KOMDU MEÐ VINDINN,
KULDANN OG RIGNINGUNA
NÚ ER VIÐKVÆM
HÚÐ MÍN TILBÚIN
NIVEA
SENSITIVE
DAY CARE
NIVEA
SENSITIVE
DAY CARE
SENSITIVE SKIN
Moisturizes & reduces
1. redness 2. tightness 3. dryness
Liquorice Extract &
Grape Seed Oil
VINNUR Á
ROÐA, ÞURRK
OG STREKKTRI HÚÐ
ÁN PARABENA, LITAR- OG ILMEFNA
NIVEA.com

Pinterest



### Fashionista
**Pinterest.com/fashionista-com/**

Fylgstu með vefsíðunni Fashionista á Pinterest þar sem er að finna allt sem við kemur tískuheiminum. Síðan hefur 26 þúsund fylgjendur og yfir þrjú þúsund myndir af ýmsu tagi. Götutíska, rauði dregillinn, skór, förðun, neglur. Sem sagt allt milli himins og jarðar fyrir tískuáhugamanneskjuna.

facebook




### Ikea
**Facebook.com/IKEAiceland**

Hver elskar ekki sænsku húsgagnakeðjuna með sitt fjölbreytta vöruúrval á viðráðanlegu verði? Vilji maður ekki missa af neinu sem kemur frá IKEA er um að gera að fylgja keðjunni á Facebook. Verslunin er öflug á samskiptamiðlinum með ný tilboð, vörur og innblástur að viðbótum fyrir heimilið.

Instagram



### Justin Timberlake
**Instagram.com/justintimberlake**

Tónlistarmaðurinn Justin Timberlake ætti að vera kominn með nokkra nýja aðdáendur hér á landi eftir að hafa unnið hug og hjörtu þjóðarinnar sem fagmennskan uppmáluð á sviðinu í Kórnum um miðjan ágúst. Þessi nýi Íslandsvinur er kjörinn til að fylgjast með á Instagram þar sem hann deilir mispersónulegum myndum úr lífi sínu, á sviði og baksviðs.

## BLOGGARINN SAFNAR SAMAN FALLEGUM HÚÐFLÚRI

### Natalie Hanks
**Tattoologist.nataliehanks.com/**

Hin 23 ára Natalie Hanks heldur úti blogginu Tattoologist þar sem hún birtir myndir af alls kyns húðflúri. Hanks er hálfkínversk og hálfensk og hefur bloggið náð miklum vinsældum á síðustu mánuðum. Hún er helst í þessum einföldu og kvenlegu húðflúrum. Bloggið er fyrir þann sem er hrifinn af húðflúri og vantar innblástur.












TRI

# Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR · HLAUP · SUND

ParkTool · COMPRESSPORT (VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY) · Zoot · LG GARNEAU · SCHWALBE · BROOKS

BORGUN

TRI VERSLUN er nú að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun.

CUBE

## CUBE AIM SL 29" ➤ ~~149.990kr~~

TAKMARKAÐ MAGN ➤ 97.990kr

ÚTSALA



# ÚTSALA

**Allt að 40% afsláttur af Cube reiðhjólum**
**Allt að 30% afsláttur af hlaupafatnaði**
**Allt að 20% afsláttur af reiðhjólafatnaði**

# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

## BÍLAR & FARARTÆKI



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2001, ekinn 261 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 890.000. Rnr.192405.Bílabankinn 588-0700



FORD Mondeo trend dísel. Árgerð 2011, ekinn 84 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.750.000. Rnr.230035. bilabankinn 588-0700



LINCOLN Aviator luxury awd. Árgerð 2005, ekinn 174 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.192421.Bílabankinn 5880700

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið á laugardögum 12-16**
**www.bilabankinn.is**

Bílalíf



MMC L200.Árg.2008,ek.aðeins 96.þ km,upphækkaður,dísel, sjálfskiptur,litur vel út,er á staðnum.Verð 2.980.000. Rnr.351875.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

bilfang.is S. 567 2000



**GOTT VERÐ !**

Musso Sport Diesel 02/2005 ek 143 þ.km sjálfskiptur , krókur , plasthús , 31" góð dekk (fleiri myndir raðnr 191646) nú á 890 Þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2014, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.181927.



VW Polo trendline. Árgerð 2013, ekinn 53 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.142299.



TOYOTA Auris terra eco. Árgerð 2012, ekinn 59 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.570.000. Rnr.181935.



TOYOTA Avensis wagon sol 2009 ng. Árgerð 2014, ekinn 1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.142295.



TOYOTA Rav4 x. Árgerð 2012, ekinn 52 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Krókur. Verð 4.470.000. Rnr.181911.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ ML 350 bluetec 4matic . Árgerð 2012, ekinn 17 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 12.490.000. Rnr.210364.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**



TOYOTA Rav4 x. Árgerð 2011, ekinn 51 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.161041.



TOYOTA Auris. Árgerð 2007, ekinn 112 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.160739. TILBOÐ kr: 1.490.000,-



Kia Sorento EX Classic 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.210139. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

ÍSBAND.IS



**NÝJIR DODGE DURANGO CITADEL 4X4**

Með öllum aukahlutum, V8 Hemi, 360hö, 7 manna, Sjón er sögu ríkari, Rosalega flottir bílar, Aðeins 2 eftirársbílar í boði, Verð áður 11.490þkr, Tilboðsverð 9.990þkr, Eru í salnum,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

100 bílar.is bílasala



BMW 545i SMG. Árg 1/2004, ek128 Þ.KM, 334hö, SMG skipting, head up display, leður, lúga, hlaðinn aukabúnaði, Lítur út sem nýr, Verð 3.490.000. Rnr.118879. Er í salnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



**ALGER EÐALL TIL SÖLU.**

MB Turbo Diesel 300 SD 1979, afskaplega vel með farinn og óryðgaður með öllu. Allur orginal frá upphafi. Verð 1,650þ stgr. Uppl: 899 0410



Toyota RAV4 árg. 2006, ekinn 103 þús., sjálfskiptur, með dráttarkrók. Fallegur og vel meðfarinn bíll. Verð kr. 2.150.000. Engin skipti. Uppl. í síma 896 0828.

## 0-250 þús.



**ALMERA - TILBOÐ 75 ÞÚS**

Nissan Almera árg ,98, beinskipt, ek. 200 þús. endurskoðun Tilboð 75 þús. S. 891 9847

## 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR TILBOÐ 590 ÞÚS**

NISSAN ALMERA 2003 ek 118 þús, ssk, drattarkr., nú skoðaður 15, lítur vel út ásett verð 750 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á visalani í 36 man 841 8955



**SJÁLFSKIPTUR YARIS 1.3**

Toyota Yaris 1.3vvti. árg ,02. ek. aðeins 130þús km. 5d. ný skoðaður. tímakeðja. álfelgur. virkilega fallegur og sparneytinn bíll. Tilboðsverð: 699þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**EKINN AÐEINS 125ÞÚS KM**

Opel Astra Sport. árg ,00. ek aðeins 125þús km. bsk. 3dyra. sko ,15. ný tímareim. mjög heill og góður bíll. Tilboðsverð aðeins 350þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

**0-400 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-400. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



VW Passat 4Motion. Nýskr. 07/04, ekinn 189 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 890.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.320251.



SUBARU Forester. Nýskr. 04/03, ekinn 170 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 690.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.320135.



NISSAN X-Trail Sport. Nýskr. 09/03, ekinn 135 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.390.000.** Rnr.142362.



HYUNDAI Getz. Nýskr. 06/08, ekinn 91 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 990.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.281429.



HYUNDAI Trajet 7 manna Metan. Nýskr. 07/05, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.280.000.** Rnr.191533.



HYUNDAI Terracan GLX. Árgerð 2006, ekinn 186 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.690.000** **Tilboðsverð 1.390.000.** Rnr.191407.



SUBARU Legacy Wagon. Nýskr. 03/04, ekinn 210 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 990.000** **Tilboðsverð 750.000.** 100% VISA/ EURO lán mögulegt. Rnr.131255.

Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is

## til sölu

**Vorum að fá nokkra Suzuki Jimny bílaleigubíla í sölu.**



**Árgerð 2008. Eknir 106-120 þús. km.**
**Ásett verð 1.390.000,-**

TOYOTA Reykjanesbæ

**Upplýsingar hjá Toyota Reykjanesbæ S: 420 6600**

# Ódýrasti nýji smábíllinn.



**Mitsubishi Space Star.**
**Árgerðir 2014.**
**Beinskiptir.**
**Eigum til bíla á lager.**
**Verð aðeins**
**1.690.000kr.**
**Raðnúmer 156798.**

STÓRA BÍLASALAN

***Sjá nánar á www.stora.is***
**Klethálsi 2 • 110 Rvk**
**S. 586 1414 • www.stora.is**



![2] | KL. 21:45
**Stand Up Guys**
Skemmtileg mynd með Al Pacino, Christopher Walken og Alan Arkin í aðalhlutverkum.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

[2] | KL. 20:10
**Mike And Molly**
Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.



[2] | KL. 20:35
**NCIS: Los Angeles**
Spennuþáttaröð með Chris O´Donnell og LL Cool J í aðalhlutverkum.



KL. 22:00
**The Hangover 3**
Bráðskemmtileg gamanmynd með Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms í aðalhlutverkum.



KL. 19:05
**Seinfeld**
Ein vinsælasta gamanþáttaröð allra tíma með Jerry Seinfeld í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 21:20
**X Factor UK**
Einn vinsælasti þáttur veraldar er loksins kominn til Íslands. Simon Cowell, Mel B, Cheryl Cole og Louis Walsh skipa dómnefndina.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 8 | 7 | | 1 | | |
| | 4 | | 6 | 9 | 1 | | | 8 |
| 5 | | | | | 4 | | | 7 |
| | | | | 8 | 2 | 6 | | 1 |
| | 1 | | | 4 | | | | 2 |
| | 7 | | | 1 | | | 3 | |
| 8 | 3 | 6 | | | | | | |
| 7 | | | 1 | 2 | 3 | | | |
| | | | 9 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | | | | | 5 | | |
| 4 | | 2 | | | | 6 | | 1 |
| 5 | 3 | | | | | | | |
| | | 8 | 7 | 5 | | 1 | | |
| 2 | | | 6 | | 9 | | 4 | 5 |
| | | 4 | 1 | | 3 | | | |
| | | | 2 | | 6 | | 1 | |
| | 6 | 7 | 3 | | 5 | 2 | | |
| 3 | | | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | | | | 8 | |
| 1 | | 5 | | | | | 3 | |
| | | | | | 3 | | 2 | 7 |
| | | | 6 | 7 | | 5 | 9 | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | 4 | | 3 | | 7 | | 8 |
| | 2 | | | 9 | 8 | 6 | | 1 |
| 4 | 5 | | | 2 | | | | |
| | | | 4 | | | 3 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 2 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 8 |
| 9 | 4 | 1 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 5 |
| 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 5 | 8 | 7 | 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 3 | 9 | 6 | 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 7 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 5 |
| 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 6 | 9 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 1 | 3 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 4 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 8 | 4 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 | 2 |
| 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Sumt fólk vill smjör ofan á heppni sína."**

*Thomas Hardy*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** samtök, **6.** í röð, **8.** kæla, **9.** rúm ábreiða, **11.** íþróttafélag, **12.** víðátta, **14.** hroki, **16.** í röð, **17.** tæki, **18.** bókstafur, **20.** tveir eins, **21.** snöggur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** golf áhald, **4.** Grænlendingur, **5.** fley, **7.** ódæll, **10.** hugfólginn, **13.** fæðu, **15.** ljómi, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** áb, **8.** ísa, **9.** lak, **11.** KR, **12.** flæmi, **14.** dramb, **16.** hí, **17.** tól, **18.** enn, **20.** ii, **21.** snar. **LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** baldinn, **10.** kær, **13.** mat, **15.** blik, **16.** hes, **19.** na.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Egyptinn Amin Bassem (2.657) hafði hvítt gegn Gunnari Frey Rúnarssyni (2.048) á N1 Reykjavíkurskákmótinu 2014.**

**Hvítur á leik:**



**14. Bxh6! gxh6 15. Dxh6 Rxd4 16. He5! Bf5 17. Bxf5 Rxf3+ 18. gxf3 Dxb2?** (18. ... Bf8! er best) **19. Hae1 Dxc3 20. Hxe7 Hxe7 21. Hxe7 Hf8 22. He3 Da1 23. Kg2 Hd8 24. f4 Re4 25. Bh7+ Kh8 26. Bg6+** og svartur gafst upp.

**www.skak.is:** NM barnaskólasveita hefst í dag.


ÚTSALA
Grillbúðin
Mikið úrval Aukahluta með 20 - 50% afslætti
Mikið úrval Garðhúsgagna með 30 - 50% afslætti
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
99.900
FULLT VERÐ 119.900
9,4 KW
weber
79.900
FULLT VERÐ 109.900
13,4 KW
129.900
FULLT VERÐ 149.900
18,7 KW
LANDMANN
89.900
FULLT VERÐ 119.900
13,2 KW
149.900
FULLT VERÐ 209.900
19,2 KW
69.900
FULLT VERÐ 109.900
10,8 KW
Niðurfellanleg hliðarborð
64.900
FULLT VERÐ 79.900
8,0 KW
Niðurfellanleg hliðarborð
84.900
FULLT VERÐ 98.900
10,5 KW
99.900
FULLT VERÐ 119.900
14,8 KW
LANDMANN
Opið kl. 11 - 18 virka daga
Opið kl. 11 - 16 laugardaga
Komdu og fáðu ráðleggingar
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is


**HNÚKAÞEYR** Hörkublásarar sem hafa spilað saman af og til frá 2003.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hlý fjallagola úr suðri í Kaldalónssalnum

Blásaraoktettinn Hnúkaþeyr kemur fram í Hörpu á sunnudaginn á hádegistónleikum og hlakkar til að spila fyrir þá gesti sem þar eru á ferðinni.

„Þetta er aðlaðandi efnisskrá sem við höfum verið að æfa og við vonumst til að höfða til ferðamanna, bæði íslenskra og erlendra. Fólk þarf ekki að vera forfallnir unnendur klassískrar tónlistar, bara kunna að meta fagra tónlist,“ segir Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari og einn af spilurum í Hnúkaþey. Sveitin er að undirbúa hádegistónleika á sunnudaginn í Kaldalónssal Hörpu klukkan 12.30. Miðasala fer fram á www.harpa.is

Íslenska orðið hnúkaþeyr stendur fyrir hlýja fjallagolu úr suðri. Blásaraoktett með því nafni var stofnaður 2003 og samanstendur af blásurum sem hafa verið virkir í íslensku tónlistarlífi síðustu tvo áratugi, ýmist sem meðlimir Sinfóníuhljómsveitar Íslands eða sjálfstætt starfandi. „Við höfum komið saman af og til en lítið verið um tónleika hjá okkur í tvö ár. Svo þetta er nokkurs konar endurkoma,“ segir Mjöll.




# Æfir tónverk í Hörpu fyrir opnum tjöldum

Berglind M. Tómasdóttir, flautuleikari og tónskáld, hefur gjörning í dag í Hörpuhorni sem mun standa yfir í mánuð. Hún ætlar að æfa þar verkið Cassandra's Dream Song eftir Brian Ferneyhough og eru gestir hvattir til að fylgjast með.

„Það sem ég ætla að gera er að æfa stórt og mikið flautuverk eftir mann sem heitir Brian Ferneyhough í Hörpuhorninu, sem er á 2. hæð og snýr að Seðlabankanum. Ég er ekkert byrjuð að æfa en ætla að vera þarna á hverjum degi til 10. október og það er alls ekki ofáætlaður tími,“ segir Berglind M. Tómasdóttir, flautuleikari og tónskáld. Hún segir um ákveðna tilraun að ræða. „Annars vegar er ég að skoða hvaða máli það skiptir fyrir mig að æfa mig í almannarými, hvort það hafi áhrif til góðs eða ills og svo ætla ég að skrásetja allar þessar æfingar.“

Hingað til kveðst Berglind bara hafa æft sig heima eins og almennt gerist. „Þetta er ákveðið trikk, svipa á sjálfa mig að læra þetta verk. Ég hefði sennilega aldrei nennt því annars því það er brjálæðislega mikil vinna! Ég var beðin að vera með stórt opnunarverk á Myrkum músíkdögum sem eru í lok janúar 2015 og þessi gjörningur og einhvers konar niðurstöður hans eru liður í því.“

Ekki kveðst Berglind vita til að svona gjörningur hafi verið gerður áður en telur víst að svo hafi verið. „Það hefur allt verið gert áður en það er ólíklegt að einhver hafi æft akkúrat þetta verk 20 sinnum í 40 mínútur. En þetta er dálítið í anda dagsins í dag. Mér finnst vera sterkur þráður í listum núna almennt að leggja áherslu á ferlið en ekki bara lokaútgáfuna.“

Berglind vonar að einhverjir nenni að kíkja á hana og fylgjast með æfingunum. „Í tónlistarnámi er áherslan á tónleika eða stigspróf innbyggð. Alltaf er verið að æfa og stefna að einhverjum áfanga. En hvað með að gera þessar æfingar að aðalatriði? Kannski finnst einhverjum það áhugaverðara en lokaútkoman,“ segir hún.

Hún segir fólki líka velkomið að trufla hana og spjalla við hana um verkið. „Ég hef bara gaman af því að vera trufluð. Það er partur af þessari tilraun.

Æfingar hennar hefjast að jafnaði klukkan 13 og standa í 40 mínútur. Sú fyrsta er í dag.

gun@frettabladid.is


**FLAUTULEIKARINN** „Þetta er ákveðið trikk, svipa á sjálfa mig að læra þetta verk. Ég hefði sennilega aldrei nennt því annars því það er brjálæðislega mikil vinna!“ segir Berglind. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Mér finnst vera sterkur þráður í listum núna almennt að leggja áherslu á ferlið en ekki bara lokaútgáfuna.**

## Um Berglindi Maríu

Berglind María Tómasdóttir er flautuleikari og tónskáld sem vinnur þvert á miðla. Hún hefur unnið talsvert með vídeólist, leikhús og tónlist í performönsum sínum. Hún hefur komið fram á Listahátíð í Reykjavík, Bang on a Can-maraþoninu í San Francisco, Sumartónleikum í Skálholtskirkju, CMMAS-tölvutónlistarsetrinu í Morelia í Mexíkó, Myrkum músíkdögum, MSPS New Music Festival í Shreveport, Louisiana, REDCAT í Los Angeles og Nordic Music Days, svo fátt eitt sé nefnt.

Hún hefur jafnframt leikið inn á fjölda hljóðrita, meðal annars sem einleikari ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Berglind stundaði nám í flautuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og Konunglega danska konservatoríið og lauk nýverið doktorsprófi í flutningi samtímatónlistar frá Kaliforníuháskóla í San Diego.

# Fundin verk og fleiri frá París

Parísar-pakkinn nefnist sýning Hallgríms Helgasonar myndlistarmanns og rithöfundar í Tveimur hröfnum listhúsi á Baldursgötu 12 sem er opnuð í dag.

„Þetta eru kaldhæðnislegar myndir af heitustu hugðarefnum mannsins,“ eru orð Hallgríms Helgasonar, rithöfundar og myndlistarmanns, um verkin á sýningunni „Parísar-pakkinn“. Hún verður opnuð í dag klukkan 17 í Tveimur hröfnum listhúsi á Baldursgötu 12. Sem umfjöllunarefni nefnir Hallgrímur ástina, hamingjuna, heimilið og sjálfsímynd hvers og eins – „hina brosandi passamynd“. Titill sýningarinnar vísar til þess að hluti hennar er verk sem Hallgrímur taldi glötuð en fundust í kjallara i París fyrir tveimur árum. Sem betur fór komst pakkinn heim og nú er innihald hans, ásamt fleiri verkum hans frá þessu tímabili til sýnis.

Sýningin mun standa til 11. október.

-gun


**Á SÝNINGUNNI** Ástin, heimilið og hamingjan eru meðal umfjöllunarefna.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Gott verð í Bónus 11.–14. sept

### Ferskt **Grísakjöt**



1098 kr. kg.

Bónus ferskar grísakótilettur



659 kr. stk

Bónus ferskur grísabógur




639 kr. kg.

***100 kr.*** VERÐLÆKKUN

Verð áður: 739 kr.kg

### Ferskt **Ungnautakjöt**




1595 kr. kg.

Íslandsnaut: **Ferskt ungnautahakk**




498 kr. kg.

Íslandsnaut: **2 x 140 g ungnautahamborgarar**

Lambakjöt af nýslátruðu **Lambakjöt af nýslátruðu** Lambakjöt af nýslátruðu

## Ferskt íslenskt lambakjöt af nýslátruðu




1495 kr. kg.

K.F. Ferskt lambalæri




1895 kr. kg.

K.F. Ferskur lambahryggur




859 kr. kg.

Ferskt lambasúpukjöt 1.flokkur




295 kr. kg.

Kjarnafæði **Fersk lambalifur**

HAUST 2014 SLÁTRUN




295 kr. kg.

Kjarnafæði **Fersk lambahjörtu**

AFGREIÐSLUTÍMI **FIMMTUDAGUR** **11:00-18:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI **FIMMTUDAGUR** **11:00-18:30**



**TRÍÓ REYKJAVÍKUR** Guðný, Peter og Gunnar eru einbeitt við spilamennskuna.

# Ókeypis tónleikar á Kjarvalsstöðum

Íslensk þjóðlög og píanótríó hljóma í hádeginu í dag á Kjarvalsstöðum á tónleikum Tríós Reykjavíkur.

Listasafn Reykjavíkur og Tríó Reykjavíkur hafa verið í samstarfi um hádegistónleikaröð á Kjarvalsstöðum síðan 2008 við góðar undirtektir. Tríóið er skipað Guðnýju Guðmundsdóttur á fiðlu, Gunnari Kvaran á selló og Peter Máté á píanó.

Á slíkum tónleikum í dag verða flutt fjögur íslensk þjóðlög í útsetningu Herberts H. Ágústssonar. Þau voru frumflutt á 100 ára afmæli Íslandsbyggðar í Gimli í Manitobafylki í Kanada árið 1989. Þar má nefna Fuglinn í fjörunni og Sofðu unga ástin mín. Einnig verður eitt frægasta píanótríó Beethovens leikið, það er Píanótríóið op. 70 nr. 1 í D-dúr.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.15. Aðgangur að þeim er ókeypis. - gun






**Á SÝNINGUNNI** Hver og einn kjóll er einstakur. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hvað á barnið að heita?

Sýning á skírnar- og nafnakjólum Berglindar Birgisdóttur verður opnuð á morgun, laugardag í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi klukkan 14.

Kjólarnir eru saumaðir úr endurunnu efni sem á sér sína sögu. Gömul sængurver, dúkar, munnþurrkur, milliverk og gardínur eru meðal þess sem nýtt er í kjólasauminn.

Grunnsniðið er einfalt en útlit kjólanna ræðst af efnisvalinu. Hvort sett er pífa neðan á kjól, blúnda eða milliverk í hann miðjan, fer líka eftir lögun og mynstri efnisins. Galdurinn felst í næmu auga fyrir því að nýta gamlan og slitinn textíl, jafnvel götóttan og blettóttan, og færa þannig gamla sögu í nýjan búning. Engir tveir kjólar eru eins. - gun



**MÓTETTUKÓRINN** Kórinn heldur brottfarartónleika á morgun.

# Mótettukórinn til Spánar

Hádegistónleikar verða í Hallgrímskirkju á morgun, 13. september, klukkan 12 undir yfirskriftinni Brottfarartónleikar með Mótettukórnum. Hann er nefnilega að fara til Spánar nú um miðjan september og syngur meðal annars á tónleikum í dómkirkjunni í Barcelona 19. september og í Santa Susanna-kirkjunni í Girona 21. september. Jafnframt tekur kórinn þátt í kórakeppni sem haldin er í hinum þekkta strandbæ Lloret de Mar.

Á efnisskránni eru fjölmargar kórperlur bæði íslenskar og erlendar. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Miðaverð er 2.000 krónur en 1.500 fyrir Listvini Hallgrímskirkju, námsmenn, öryrkja og eldri borgara.

Frítt fyrir börn innan 12 ára aldurs. - gun



EIRÍKUR HAUKSSON

EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON

STEFÁN JAKOBSSON

# LED ZEPPELIN

# HEIÐURSTÓNLEIKAR

## HOF 03.10.2014 | HÖRPU 04.10.2014

Led Zeppelin er af mörgum talin ein áhrifamesta rokkhljómsveit allra tíma. Hennar bestu lög verða flutt á tónleikunum og sjá rokkararnir Eiríkur Hauksson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Stefán Jakobsson um að þenja raddböndin.

Hljómsveitina skipa þeir Gulli Briem á trommur, Kristján Grétarsson og Eyþór Úlfar Þórisson á gítar, Ingi Björn Ingason bassaleikari og Þórir Úlfarsson á hljómborð, ásamt strengjasveit. Sérstakir gestir eru Dagur Sigurðsson og Birgir Haraldsson söngvarar og Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari Gildrunnar.

Tónlistarstjóri: Þórir Úlfarsson.

## MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU OG HOFS

HOF DÆGURFLUGAN HARPA

Brandenburg



**ALLIR SEXÍ** Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna koma fram á einu stærsta réttarballi landsins í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Loksins alvöru sveitaball

„Fólk er alltaf að biðja um alvöru sveitaball og ég held að böllin verði bara ekki meira sveitó og skemmtilegri en ballið í kvöld,“ segir tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson en hann er á leið austur að spila á réttarballi í Árnesi í kvöld. Hann kemur þar fram með hljómsveitinni sinni, Reiðmönnum vindanna, en sú sveit hefur verið ákaflega vinsæl og þá sérstaklega í sveitinni, eftir að hafa gefið út nokkrar plötur með gömlum og góðum lögum og hestalögum.

Helga langar gjarnan að taka þátt í réttunum fyrir ballið. „Mig langar mikið að kíkja við og fá þetta beint í æð, það verður stemning og svo er auðvitað fjöldi manns sem syngur saman ættjarðarlögin í fjór- eða fimmraddasöng,“ segir Helgi. Hann hvetur einnig borgarbúa til að skella sér austur og fá sveitamenninguna og stemninguna beint í æð. „Ég held líka að þetta sé eitt stærsta réttarball, eða sveitaball sem fer fram á Íslandi, ég hlakka mikið til.“

Ballið hefst klukkan 23.00 í félagsheimili Árnesinga, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, skammt frá Flúðum. - glp

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 12. SEPTEMBER 2014**

## Uppákomur

**16.00** Ungt fólk á öllum aldri kemur saman í Bókasafni Kópavogs og tjáir sig með krít á gangstéttir og veggi. Einnig verður hljóðkerfi fyrir þá sem vilja koma frá sér rappi, upplestri eða öðru. Eitt orð eða lengri texti. Allir velkomnir að leggja sitt að mörkum til líflegrar uppákomu.

## Bókmenntir

**20.00** Nú er komið að annarri útgáfu ungskáldafélagsins Fríyrkjunnar. Í tilefni þess verður haldið ljóðakvöld á Bar 11 þar sem skáldin lesa upp úr nýprentaðri bók. Útgáfan verður til sölu á 2.000 krónur.

## Málþing

**15.00** Á málstofunni heldur Dr. Damien Degeorges fyrirlestur um áskoranirnar fram undan í málefnum Grænlands og Íslands. Hann fjallar um efnahagslegan stöðugleika sem forsendu aukins samstarfs við Asíuríki og vegur kosti þátttöku í ASEM-ráðstefnunni þar sem málefni norðurslóða verða til umfjöllunar. Málstofan fer fram á ensku og er opið öllum. Áhugasamir skrái sig í netfang: caps<\@>hi.is

## Myndlist

**12.00** Myndlistarkonan Silja Hinriks sýnir verk sín á Garðatorgi í Garðabæ. Frítt inn.

**14.00** Opnar vinnustofur með Andy Bolus, betur þekktur sem Evil Moisture og John Dunn í Listaháskóla Íslands - Þverholti. Vinnustofurnar eru opnar öllum, starfandi listamönnum og nemendum. Ekkert þátttökugjald. Boðið verður upp á hressingu í lok. Ef þátttakendur hafa áhuga á að halda áfram með verkefni á laugardeginum verður það skipulagt í lok dags.

**15.00** Katrín Helena Jónsdóttir, myndlistarnemi og Marteinn Sindri Jónsson, heimspekinemi, opna í dag sýninguna Brosið: Kunngjörningar og kortlagningar í Kubbnum á 2. hæð í Myndlistardeild Listaháskóla Íslands, Laugarnesi. Á sýningunni gefur að líta afrakstur rannsóknarverkefnis á mörkum heimspeki og myndlistar sem hefur brosið sem fyrirbæri mannlegrar tjáningar að viðfangsefni sínu.

**17.00** Velkomin á opnun sýningar á gömlum verkum Hallgríms Helgasonar, í Tveimur hröfnum listhúsi í dag á milli kl. 17 og 19.

## Tónlist

**20.00** Á fyrstu hæðinni á Dollý verða plötusnúðarnir DJ Moff og DJ Turkin en á efri hæðinni verða plötusnúðarnir DJ Anna Rakel og DJ Ýr

**20.00** DJ Sunna og DJ GLM leika ljúfa hipphopp tóna fyrir dansi á Prikinu í kvöld.



**20.00 Stórbrotið tónlistarkvöld frá trúbadorunum Andra, Steina og Eika á English Pub.**

**21.00** DJ Raggi spilar tónlist á Lebowski bar í kvöld.

**21.00** DJ SpEgill þeytir skífum á Frederiksen Ale House á Hafnarstræti 5.



**21.00** Á Paloma verður RVK Soundsystem með reggítóna efri hæðinni en á neðri hæðinni verður DJ Ómar að þeyta skífum.

**23.00** DJ Maggi Lego (með yfirvaraskeggið) hitar upp Kaffibarinn í kvöld.

## Samkoma

**19.00** Vaka -Félag Lýðræðissinnaðra Stúdenta heldur fyrir Októberfest SHÍ. Samkoman mun fara fram í kjallaranum á Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum sem er svo skemmtilega í göngufæri frá Októberfest tjaldinu. Frír bjór verður í boði þannig að fyrstur kemur, fyrstur fær.

## Tónleikar

**12.15** Jazz í hádeginu er ný tónleikaröð í Gerðubergi sem myndar skemmtilegt mótspil við Klassík í hádeginu. Boðið er upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem er til þess fallinn að kynna djasstónlist fyrir almenningi. Hver efnisskrá er flutt tvisvar, frumflutt á föstudegi kl. 12.15 og endurtekin á sunnudegi kl. 13.15.

**21.00** Hljómsveitin Captain Syrup mun skemmta gestum Bars 11 með afar hressilegri funk tónlist í kvöld. Húsið er opnað klukkan 21.00 og aðgangur er ókeypis. Eftir það er síðan ljóðakvöld Fríyrkjunnar.

**21.00 Ljótu hálfvitarnir spila fyrir dansi á Café Rosenberg í kvöld.**

**21.00** Trúbadorarnir Tryggvi og Biggi Olgeirs leika ábreiður af frægum lögum á Dönsku kránni í kvöld.

**22.00** Föstudaginn 12. september verða rokktónleikar á Dillon sem alvöru rokkarar geta ekki látið fram hjá þér fara. Hljómsveitirnar Brött brekka, Bob og Caterpillarmen koma fram. Tónleikarnir ættu að hefjast klukkan 22 og er frítt inn.

**22.00** Föstudaginn 12. september næstkomandi verður djöflarokksveisla á Gamla Gauknum. Vánagandr verður með varning til sölu á staðnum. Hljómsveitirnar Misþyrming, Naðra, Mannvirki og Úrhrak spila fyrir slammi. 1.000 kr inn.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*






# Göngum til góðs

## TAKK ÍSLAND!

**Rauði krossinn þakkar öllum landsmönnum fyrir stuðning og velvilja í landssöfnuninni Göngum til góðs, laugardaginn 6. september.**

Við þökkum sérstaklega sjálfboðaliðum sem gengu til góðs um allt land og þeim sem sóttu sér söfnunarappið og/eða lögðu til söfnunarinnar með öðrum hætti. Í ár var safnað fyrir hjálparstarfi á Íslandi.

Rauði krossinn sinnir mörgum brýnum verkefnum og þátttaka sjálfboðaliða í þeim skiptir gífurlega miklu máli. Neyðarvarnir, skyndihjálp, áfallahjálp, Hjálparsími Rauða krossins 1717, heimsóknavinir og fatasöfnun eru meðal þessara verkefna.

Þú getur tekið þátt í starfi okkar með því að hafa samband við Rauða krossinn í þinni heimabyggð og boðið fram krafta þína.

Rauði krossinn þakkar eftirtöldum fyrirtækjum margvíslegan stuðning vegna söfnunarinnar:

EIMSKIP · Síminn · Íslandsspil · 365 · HVÍTA HÚSIÐ

TJARNARGATAN · ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN · Vífilfell · Íslandsbanki · NOVA · vodafone · já

vísir · M · PÓSTURINN · World Class Iceland · TOYOTA · PLANT · VÍNBÚÐIN · KRÓNAN

Þeir sem ekki fengu heimsókn um helgina geta enn gefið í söfnunina með því að hringja í söfnunarnúmer Rauða krossins eða sækja sér söfnunarappið í Google Play store eða App Store.

Söfnunarsími Rauða krossins

| 904 1500 | 904 2500 | 904 5500 |
|---|---|---|
| (1.500 kr. framlag) | (2.500 kr. framlag) | (5.500 kr. framlag) |

Rauði krossinn
Af mannúð í 90 ár




**STÝRIR SJÖ ÞÁTTUM** Sigrún fylgir meðal annars eftir björgunarsveitarmanni sem slasast á fjöllum og ökumanni sem hafnar á hvolfi í á eftir bílveltu. MYND/STÖÐ 2

# Neyðarlína Sigrúnar hefur göngu sína á ný

Önnur þáttaröð Neyðarlínunnar hefst í september.

„Þetta eru sjö þættir og í hverjum tökum við fyrir eitt mál, þau eru jafn ólík og þau eru mörg,“ segir dagskrárgerðarkonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, sem fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna á ögurstundu í annarri seríu þáttarraðarinnar Neyðarlínan.

„Fyrri þáttaröðin gekk vel og þess vegna langaði mig að gera aðra, og er mjög spennt fyrir því að það fari í loftið,“ segir Sigrún jafnframt, en um er að ræða raunveruleg símtöl viðmælenda þar sem kallað er eftir hjálp. Símtölin eru spiluð og rætt við sjúkraflutningamenn, lækna, björgunarsveitarmenn, neyðarverði og aðstandendur.

Björgunarsveitarmaður sem slasast alvarlega á fjöllum, ung kona sem eignast barn ein á baðherbergisgólfi, sjúkraflutningur í einu versta óveðri sem gengið hefur yfir í áratug, ökumaður sem hafnar á hvolfi í á eftir bílveltu og fjölskyldufaðir sem hálsog hryggbrotnar í sumarbústað er meðal þess sem fjallað verður um í þessari þáttaröð, en sú fyrri var sýnd haustið 2012 og hlaut tilnefningu til Edduverðlauna.

Fyrsti þátturinn verður sýndur þann 21. september á Stöð 2.

- þij

# Hlakkar til að komast aftur í ömurleikann

Breski grínistinn Stephen Merchant lýkur Reykjavík Comedy Festival í október.



**ER KVÍÐINN FYRIR UPPISTANDINU** Merchant er best þekktur fyrir samstarf sitt við Ricky Gervais, en hann er einn handritshöfunda The Office. AFP/NORDICPHOTOS

„Ég er staddur í hinni sólríku Kaliforníu,“ segir breski grínistinn Stephen Merchant þegar blaðamaður hringir í hann. „Ég var ekki að monta mig, vel á minnst.“ Merchant mun ljúka Reykjavík Comedy Festival í október með uppistandssýningu hans Hello Ladies.

Undanfarið ár hefur hann unnið að samnefndum sjónvarpsþætti á HBO en Merchant er kannski best þekktur fyrir samstarf sitt við Ricky Gervais. Hann er handritshöfundur þáttanna The Office, Life's Too Short og Extras. Þá hefur hann vakið lukku sem stjórnandi útvarpsþáttarins The Ricky Gervais Show, ásamt Ricky og vini þeirra, Karl Pilkington.

Merchant á heima í London en keypti sér hús nýlega í Los Angeles „Þetta er klikkuð borg og stútfull af öllum þeim klisjum sem þú hefur heyrt. Hins vegar er ákveðinn drifkraftur hér. En ég er á leiðinni aftur til London og ég hlakka svolítið til að komast aftur í ömurleikann, einmitt þegar er orðið skítkalt þar og kaldranalegt.“

Að sögn Merchants var hann að leggja lokahönd á síðasta þátt Hello Ladies sem verður 90 mínútna langur. Aðspurður um stöðu sjónvarps segir Merchant að gullöld sé í gangi. „Það er svo mikið af áhugaverðum karakterstúdíum, samfélagsrýni og ögrandi efni sem er nú í sjónvarpi. Það er aftur á móti mjög erfitt að gera allt að tíu eða tuttugu þáttum. Þegar maður gerir kvikmynd er ákveðinn fókus sem felst í því að segja sögu á 90 mínútum.“

Merchant segist vera byrjaður aftur með uppistand eftir hlé. „Uppistand er eitthvað sem ég gerði til að byrja með. Síðan þegar ég fór að vinna í sjónvarpi hætti ég því þar sem ég þoldi ekki stressið. Þegar ég byrjaði síðan aftur að fikta við uppistand uppgötvaði ég að ég var byrjaður að fjarlægjast áhorfendur örlítið. Þegar þú ert að skrifa handrit ferðu að hugsa öðru vísi. Þegar þú ert aftur á móti staddur á sviði og þarft að láta fólk hlæja á staðnum, þá kviknar á einhverju öðru í heilanum,“ segir Merchant og bætir við að meira að segja grínmeistarinn Billy Connelly hafi oft þurft að kasta upp áður en hann fór á svið. „Ég er samt ekki svo slæmur. Ekki koma á sýninguna og halda að ég sé að þurrka æluna af mér þegar ég kem inn á svið.“

Hello Ladies fjallar aðallega um samskipti Merchants við kvenfólk. „Þegar ég byrjaði aftur í uppistandi fattaði ég að efnið sem fólk bregst best við eru sögur um rómantískar hrakfarir. Það er góð leið til að brjóta múra. Ef þú ert ekki George Clooney hefurðu líklega farið á slæmt stefnumót áður. Mér finnst þannig efni mjög fyndið – það sameinar fólk. Ég hélt að frægðin myndi hjálpa mér í kvennamálunum en núna er mér bara hafnað af enn fallegri konum en áður.“

Að lokum spyr blaðamaður Merchant hvort hann vilji segja eitthvað við þjóðina. „Já, ég vil segja: hressið ykkur aðeins við, í guðanna bænum!“

- þij

**FRÉTTABLAÐIÐ** ER HELGARBLAÐIÐ



ÁGREININGUR UM ÁKÆRUEFNI

**Fyrrverandi lögreglumaður** hjá sérstökum saksóknara missti trúna á embættið vegna ágreinings meðal starfsmanna um hvernig skilgreina ætti markaðsmisnotkun og umboðssvik. Stærstu sakamál embættisins hafa verið reist á þessum tveimur ákæruefnum.

**Sjálfstætt Skotland vel raunhæfur möguleiki**



**Alex Salmond** hefur barist fyrir sjálfstæði Skotlands í meira en þrjá áratugi. Nú hyllir undir að draumur hans geti orðið að veruleika. Á fimmtudaginn ganga Skotar að kjörborðinu.



**Óspennandi líf í augum margra**

„Menn velja á milli þess að vera í vinnunni eða endalausum partýum,“ segir stórsöngvarinn **Kristinn Sigmundsson.** Hann æfir með Íslensku óperunni í fyrsta sinn síðan 1989.

**Sjálfsvíg á Íslandi**



**Sjálfsvígstíðni** er há á Íslandi. Eftirlifendur kalla eftir stuðningi og fólk sem hefur reynt sjálfsvíg kallar eftir úrræðum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS** *Ómissandi hluti af góðri helgi*




MIRANDA KERR FOR ESCADA JOYFUL

# Prjón frá toppi til táar

Það er ekkert nýtt að prjónið komi sterkt inn á haustin, en í ár kemur það svo sannarlega inn af krafti. Þá er bara taka upp prjónana og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín.



MARC JACOBS



STELLA MCCARTNEY



CELINE



SONIA RYKIEL

# Trommusettið fer fremst á sviðið

Trommararnir Birgir Jónsson og Kristinn Snær Agnarsson standa fyrir trommuleiksveislu í Hörpu til styrktar MND félaginu á Íslandi.

„Okkur Kidda datt þetta í hug í sumar, á Eistnaflugi nánar tiltekið. Við stóðum allir trommararnir saman og vorum að ræða saman um trommuleik og annað og þá kom þessi umræða upp,“ segir Birgir Jónsson, trommuleikari hljómsveitarinnar Dimmu. Hann og trommuleikarinn Kristinn Snær Agnarsson standa fyrir tónleikum til heiðurs John Bonham, trommuleikara Led Zeppelin, undir nafninu Stóri hvellur, en allur ágóði af tónleikunum rennur til styrktar MND félaginu. „Tenging slagverkssamfélagsins á Íslandi við MND samtökin er augljós enda var trommuleikarinn Rafn Jónsson einn af stofnendum samtakanna áður en sjúkdómurinn dró hann til dauða eftir hetjulega baráttu árið 2004,“ segir Birgir. Sonur Rafns, Egill Rafnsson sem er einn af okkar flottari rokktrommurum, kemur sérstaklega frá London, þar sem hann býr, til þess að spila á tónleikunum.



JOHN BONHAM

Á tónleikunum verður trommusettið í forgrunni. „Við ætlum að brjóta reglurnar og stilla trommusettinu fremst og hafa það framarlega í mixinu. Það verður gaman þegar þessir trymblar fara í spor Bonhams en hann er af flestum talinn vera einn af áhrifamestu rokktrommuleikurum tónlistarsögunnar. Þetta er kvöld trommaranna,“ segir Birgir léttur í lundu.

Fyrir utan alla trommarana ellefu koma einnig fram aðrir frábærir hljóðfæraleikarar og söngvarar. „Það eru einhverjir sex söngvarar, sex gítarleikarar og fjórir bassaleikarar sem koma fram á tónleikunum. Allt eru þetta frábærir hljóðfæraleikarar sem eru mjög framarlega í senunni.“

Tónleikarnir fara fram þann 12. október næstkomandi í Hörpu en um sömu helgi verður einnig haldin mikil trommarahátíð í hátíðarsal FÍH þegar Trommarinn 2014 fer þar fram. „Þessi helgi verður algjör veisla fyrir alla trommuleikara og trommuáhugamenn,“ bætir Birgir við.

gunnarleo@frettabladid.is

## Þeir trommuleikarar sem koma fram

- Arnar Geir Ómarsson **(HAM)**
- Arnar Gíslason **(Dr. Spock, Mugison)**
- Birgir Jónsson **(DIMMA)**
- Björn Stefánsson **(Mínus)**
- Egill Rafnsson **(Sign, Grafík)**
- Hallur Ingólfsson **(XIII, HAM)**
- Halldór Lárusson **(Júpíters, Bubbi & MX-21)**
- Hrafnkell Örn Guðjónsson **(Agent Fresco)**
- Kristinn Snær Agnarsson **(John Grant)**
- Kristján B. Heiðarsson **(Nykur, Skurk)**
- Jón Geir Jóhannsson **(Skálmöld)**
- Þorvaldur Þór Þorvaldsson **(Jónsi, Bloodgroup)**




**FREMST Á SVIÐIÐ** Birgir Jónsson og Kristinn Snær Agnarsson standa fyrir tónleikunum Stóra hvelli, sem eru til styrktar MND samtökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sjö leiðir til þess að öðlast heilbrigðara og síðara hár

Heilsuvísir tók saman sjö frábær ráð til að hjálpa hárinu að síkka og halda því heilbrigðu, ýmislegt getur haft áhrif á heilsu hársins.

Það er ekki til nein töfralausn til þess að fá hárið til að síkka hraðar en þú getur haft áhrif á það með því að lifa heilbrigðu lífi.

**Borðaðu hollan mat**
Gættu þess að borða þinn skammt af prótíni á dag. Keratín er prótín sem er aðaluppbyggingarefni hársins, húðarinnar og naglanna og er það sett saman úr amínósýrum sem þú færð úr prótínríkri fæðu. Þumalputtareglan er sú að meðalmanneskjan þarf svona u.þ.b. 0,8-1,3 g fyrir hvert kíló þannig að 60 kg kona þarf svona um 60 grömm á dag.

Egg, hnetur, baunir og fitusnautt kjöt er frábær uppspretta prótíns.

**Járn- og sinkskortur**
Járn- og sinkskortur getur leitt til hárloss og ýmissa hárvandamála. Taktu inn þinn ráðlagða dagskammt, það hjálpar.

**Borðaðu fitu**
Jebbss … líkaminn þarf á fitu að halda en ekki hvaða fitu sem er. Taktu inn góðar olíur eins og Omega 3-olíur, lýsi eða góðar fræolíur á hverjum degi. Vittu til, húðin og hárið munu taka stakkaskiptum.

**Forðastu stress**
Stress er einn versti óvinur þinn. Það getur leitt til hárloss og stífni í hársrótinni. Slakaðu á, farðu út að hreyfa þig, hugleiddu og farðu í jóga.

**C- og B12-vítamín**
Ástæðan fyrir þurru og líflausu hári getur verið skortur á C-vítamíni. Líkaminn á erfitt með að frásoga og nýta járn ef C-vítamínið er ekki nægjanlegt. Sama gildir um B12-vítamín.

**Vertu með raunhæfar væntingar**
Hárvöxtur tekur sinn tíma. Hárið vex að meðaltali um 1-2 cm á mánuði. Það getur tekið allt að 6 mánuði að sjá árangur af öllu því góða sem að þú ert að gera.

**Nuddaðu hársvörðinn**
Með því að nudda hársvörðinn eykurðu blóðflæðið um höfuðið og örvar með því hárvöxtinn.



**HÁRVÖXTUR TEKUR SINN TÍMA** Hárið vex að meðaltali 1-2 cm á mánuði. AFP/NORDICPHOTOS



FRAMLEIÐENDURNIR STEVEN SPIELBERG OG OPRAH WINFREY
BJÓÐA ÞÉR UPPÁ SANNKALLAÐA VEISLU
Helen MIRREN
Om PURI
Manish DAYAL
Charlotte LE BON
FROM THE AWARD-WINNING DIRECTOR OF "CHOCOLAT"
The HUNDRED-FOOT JOURNEY
BASED ON THE BELOVED, BEST-SELLING NOVEL
"A TRUE MASTERPIECE"
Charlotte Observer
"A FEAST FOR THE SENSES"
Arizona Republic
"DELICIOUS FOR THE SOUL"
New York Observer
"LEAVING YOU FULFILLED AND SMILING...HARD!"
Front Row
KOMIN Í KVIKMYNDAHÚS UM LAND ALLT
EGILSHÖLL
uno
SAMBÍÓIN

# Mér var ekki nauðgað

BAKÞANKAR
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



Kunningjakona mín birti mjög áhrifamikinn pistil á Facebook í vikunni. Í pistlinum lýsti hún því hvernig henni var byrlað nauðgunarlyf á skemmtistað í Reykjavík. Hve heppin hún hefði verið að lenda ekki í klóm þess sem sá sér leik á borði þegar hann setti lyfið í drykkinn hennar.

**FYRIR** níu árum, nánast upp á dag, var mér og vinkonu minni byrlað nauðgunarlyf á bar í Reykjavík. Bar sem við heimsóttum nánast hverja helgi. Oftar en ekki vorum við ágætlega hífaðar þegar á barinn var komið en þetta kvöld vorum við allsgáðar. Og nei, við vorum ekki klæddar eins og „druslur“. Og nei, við höfðum ekki hátt og „báðum um“ að vera nauðgað. Við vildum bara fá okkur einn bjór, spjalla saman og fara síðan heim áður en skemmtanalífið færi í þriðja gír.

**VIÐ**, eins og þessi kunningjakona mín, vorum heppnar. Eftir þennan eina bjór man ég ekkert fyrr en ég vaknaði heima hjá mér í engum skóm mörgum klukkutímum seinna. Ég var aum í líkamanum. Og enn þá undir einhvers konar áhrifum.

**SÍÐAN** hitti ég fólk sem hitti mig þetta kvöld. Gott fólk, sem betur fer. Það náði að tengja saman atburði kvöldsins og var það morgunljóst að einstaklingnum sem fannst það vænlegt til árangurs að byrla mér lyf hefði ekki tekist ætlunarverk sitt. Hann nauðgaði mér ekki. Og ekki vinkonu minni heldur.

**STUNDUM** segi ég frá þessu kvöldi og færi það auðvitað í kómískan búning. Til að láta það ekki á mig fá. En oft kemur upp í huga minn hugsunin „hvað ef ég hefði ekki verið svona heppin? Hvar væri ég í dag? Hvernig væri líf mitt öðru vísi?“

**ÞESSUM** spurningum get ég ekki svarað því ég hreinlega get ekki ímyndað mér hvar ég væri stödd ef ég hefði ekki sloppið. Það fylgdi því nógu mikil skömm og reiði að vera ekki nauðgað þetta kvöld.



**SEX TÍMA ROKKBÍÓMYND** Ragnar segir eitt lag verða að algjörum massa í myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND MYND

# Spiluðu sama lagið í sex klukkutíma

## Ragnar Kjartansson frumsýndi A Lot of Sorrow í Luhrine Augustine Bushwick-galleríinu í New York í gær. Verkið er samstarf Ragnars og The National.

Ragnar Kjartansson frumsýndi vídeóverkið sitt A Lot of Sorrow í Luhrine Augustine Bushwick-galleríinu í New York í gær. Verkið er upptaka af gjörningi Ragnars sem gerður var í samstarfi við hljómsveitina The National á MoMA-safninu í New York. Þá spilaði hljómsveitin lagið sitt Sorrow í sex klukkustundir samfleytt.

„Ég var ógeðslega ánægður með þetta, hvað annað getur maður sagt?“ segir Ragnar í samtali við Vísi. „Þetta er sex klukkutíma löng rokkbíómynd. Verkið var eiginlega gert með það að markmiði að búa til þessa mynd, því það var svo mikill áhugi á því að búa til rokkmynd sem hverfist um eitt lag. Eitt lag verður að einhverjum massa, verkið gengur út á að gera skúlptúr eða málverk úr tónlist.“

Ragnar segir að myndin hafi haft alla estetík dæmigerðrar rokktónleikamyndar, „nema það er alltaf sama lagið og alltaf sömu aðstæðurnar“. Ragnar segir að köppunum í The National hafi alls ekki leiðst það að spila sama lagið í sex tíma. „Þeir héldu alltaf áfram að spila og það fór aldrei í neitt rugl, þeir verða reyndar svolítið „kreisí“. Þetta var rosa mikið í öldum, stundum verða þeir rosalega tilfinningasamir, stundum missa þeir hálfpartinn einbeitinguna en þeir spila þetta alltaf eins og á popptónleikum.“

Ragnar segir að kveikjan að hugmyndinni hafi verið tónleikar Mínuss með Curver Thoroddsen í Hafnarhúsinu árið 2003 þar sem var líka spilað í afar langan tíma. „Það var dálítið kveikjan að hugmyndinni en síðan þá hefur þetta verið í maganum lengi. Munurinn er að það var spuni á meðan þetta var í rauninni mjög formfast.“

Gítarleikari The National, Aaron Dessner, sagði í viðtali við Guardian að gjörningurinn hefði verið mögnuð upplifun fyrir hljómsveitina. „Ég held að öllum hafi fundist þetta vera einn besti dagur í lífi hljómsveitarinnar, þegar kemur að því að gera eitthvað merkingarfullt og undarlega stórbrotið,“ sagði hann. - þij


SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:30 - 8:30 - 10:10 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR VIP 2D: | KL. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20 | |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 10 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 4:10 - 6:20 | 10 |
| INTO THE STORM | KL. 10:20 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 8 | 7 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D: | KL. 3:30 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| LUCY | KL. 10:30 | 16 |
| TARZAN ÍSL TAL | KL. 3:30 | 7 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 - 8 - 10:20 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA TURTLES | KL. 3D: 10:35 KL. 2D: 5:40 - 8 | 10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 5:20 - 10 | 12 |
| INTO THE STORM | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:40 - 8 - 10:40 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:10 | 16 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| FADING GIGOLO | KL. 6 - 8 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 8 | L |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: | KL. 5:40 | 10 |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:35 | 16 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| LET'S BE COPS | KL. 8 | 12 |
| THE NOVEMBER MAN | KL. 10:15 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 8 | L |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:10 | 16 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| INTO THE STORM | KL. 10:35 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NOVEMBER MAN | KL 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE NOVEMBER MAN LÚXUS | KL 10.10 | 16 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 3D | KL 3.30 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 3.30 - 5.45 - 8 | 12 |
| PARÍS NORÐURSINS LÚXUS | KL 8 | 12 |
| THE GIVER | KL 10.10 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| LET'S BE COPS LÚXUS | KL 3.30 - 5.45 | 12 |
| EXPENDABLES | KL 8 - 10.40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 5.50 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE GIVER | KL 8 - 10.15 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 - 8 | 12 |
| DAWN..PLANET OF THE APES 3D | KL 10.15 | 14 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 - 10.40 | 14 |

Miðasala á: e Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PÓSTURINN PÁLL | 3:50 - ÍSL TAL | L |
| THE NOVEMBER MAN | 5:45, 8, 10:20 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | 4:30, 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| LIFE OF CRIME | 10 | 12 |
| LUCY | 8 | 16 |
| DINO TIME | 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

EUROPA CINEMAS BÍÓ★PARADÍS MIÐASALA Á midi.is

"Grípandi sýn á listamanni sem hefur fulla stjórn á list sinni"
Variety




"Frábær mynd, einstaklega sönn"
Ólafur Páll Gunnarsson, Rás 2

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



BJÖRN THORS
NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
HELGI BJÖRNS
ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!
5000 MANNS HAFA SÉÐ PARÍS NORÐURSINS
„BJÖRN THORS ER FRÁBÆRLEGA HEILLANDI LEIKARI"
– HOLLYWOOD REPORTER
„HAFSTEINN OG HULDAR, FRÁBÆRT TVÍEYKI"
– HALLGRÍMUR HELGASON, FB
„ALGER SNILLD. FRÁBÆRLEGA FYNDIN OG HITTIR ALLT GOTT FÓLK FÁRÁNLEGA VEL"
- EINAR KÁRASON, FB
„GULLFALLEG KVIKMYNDATAKA"
– VARIETY
„PISSFYNDIN. ÓÞÆGILEG. DRAMATÍSK Á KÖFLUM. MANNESKJULEG. RAUNVERULEG. SORGLEG. HÚN HEFUR ALLT SEM GÓÐ BÍÓMYND ÞARF AÐ HAFA EN ER SAMT SVO STÓRKOSTLEGA EINFÖLD"
- GUÐRÚN VEIGA, MBL
„HELGI BJÖRNS STELUR SENUNNI"
– DR. GUNNI, EYJAN
„EINHVER SÚ ALLRA BESTA MYND SEM ÉG HEF SÉÐ LENGI"
– LISTAUKINN, RÁS 1
„ÉG VERÐ AÐ FARA AFTUR Á ÞESSA MYND"
– MIKAEL TORFASON, MBL
„ÉG TEK OFAN ALLA MÍNA HATTA FYRIR HELGA BJÖRNS... NANNA KRISTÍN Á STÓRLEIK... "
– SILJA AÐALSTEINS, TMM
„YNDISLEGA MEINFYNDIÐ GAMANDRAMA... HAFSTEINN GUNNAR SIGURÐSSON ER EINN EFNILEGASTI LEIKSTJÓRI EVRÓPU"
– SCREEN DAILY
PARÍS
SÁ SEM FERÐAST LENGST VEIT MINNST
NORÐURSINS

## Klárar ferilinn með Sköllunum



**KÖRFUBOLTI** Páll Axel Vilbergsson endurnýjaði á dögunum samning sinn við úrvalsdeildarlið Skallagríms en Páll Axel hefur verið burðarásinn í liði Skallagrímsmanna síðustu tvö leiktímabil í Dominos-deild karla.

Páll Axel, sem varð 36 ára fyrr á árinu, var með 22,2 stig að meðaltali í leik ásamt því að taka 7,2 fráköst á síðasta tímabili. Bætti hann metið á síðasta tímabili yfir flestar þriggja stiga körfur frá upphafi í úrvalsdeild karla í körfubolta.

Páll hefur hampað Íslands- og bikarmeistaratitlunum oftar en einu sinni með liði Grindvíkinga sem hann lék lengstum með á ferlinum en Grindavík er uppeldisfélag hans. Þá á Páll Axel að baki um 100 A-landsleiki fyrir Íslands hönd.

Samningur Páls Axels við Skallagrím gildir svo lengi sem hann spilar körfubolta í úrvalsdeild. **- kpt**

## Breytingar gerðar á maraþoninu

**HLAUP** Pétur Sturla Bjarnason, sem hafnaði í öðru sæti á Íslandsmótinu í maraþonhlaupi, sem fer fram samhliða Reykjavíkurmaraþoninu, kærði úrslitin í karlaflokki til yfirdómnefndar. Hann telur sig hafa undir höndum gögn sem sýna að sigurvegari hlaupsins, Arnar Pétursson, hafi svindlað í hlaupinu. Þetta kom fram í Kjarnanum.

Pétur bendir á að Arnar hafi notast við svokallaða „héra“ meðan á hlaupinu stóð. Var um að ræða tvo hjólareiðakappa sem hvöttu hann áfram í hlaupinu ásamt því að stýra hraðanum og brjóta vind fyrir hlaupara sem á eftir honum koma. Yfirdómnefndin tók kæruna fyrir þar sem viðurkennt var að hjólreiðamenn hefðu fylgt Arnari eftir þrjá fjórðu af hlaupinu.

Hins vegar var málinu vísað frá þar sem ósannað þótti að Arnar hefði notið aðstoðar hjólreiðamannanna. Þó yrði fylgst betur með hlaupurum á næsta ári.

Breytinga er að vænta á Reykjavíkurmaraþoninu en fram kemur í dómsúrskurði yfirdómnefndar Reykjavíkurmaraþonsins að breytingar séu nauðsynlegar til þess að tryggja að hlutir, líkt og ásökunin sem kæra Péturs Sturlu Bjarnasonar á hendur Arnars Péturssonar byggist á, gerist ekki aftur. **- kpt**



**HELDUR TITLINUM** Reglum verður samt breytt eftir hlaup Arnars.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**NÝTT LÍF** Það verður spennandi að sjá Guðmund með danska liðið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Fyrsti hópur Guðmundar

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari Danmerkur, hefur valið 20 leikmenn í æfingahóp fyrir leiki gegn Litháen og Bosníu í undankeppni EM 2016.

Leikirnir fara fram 30. október og 2. nóvember, en danska liðið mun dvelja við æfingar í Silkeborg. Guðmundur mun fækka um einn leikmann í hópnum fyrir leikina í undankeppninni.

Guðmundur valdi meðal annars hinn 39 ára gamla varnarmann Kasper Nielsen, sem gekk nýverið til liðs við lið Dags Sigurðssonar, Füchse Berlin.

Helsta stjarna Dana, stórskyttan Mikkel Hansen, verður ekki með vegna verkefna með félagsliði sínu og það sama á við um Morten Olsen og Jesper Nøddesbo. **- iþs**

## Barcelona í úrslit

**HANDBOLTI** Það verða Barcelona og Al Sadd frá Katar sem keppa til úrslita á HM félagsliða.

Al Sadd kom mjög á óvart með því að leggja Evrópumeistara Flensburg í undanúrslitum í gær. Liðið var sex mörkum undir í hálfleik en vann síðari hálfleikinn 16-9 og komst þar með í úrslit.

Guðjón Valur Sigurðsson og félagar gerðu aftur á móti engin mistök gegn Al Jaish og unnu sannfærandi sigur, 39-29.

Guðjón Valur var sem fyrr áberandi í liði Barcelona en hann skoraði sjö mörk í leiknum og var markahæstur í sínu liði. Það verður svo áhugavert að sjá hvernig Al Sadd gengur gegn ofurliði Barcelona. **- hbg**



**STERKUR** Guðjón er markahæstur í flestum leikjum Barcelona.
MYND/BARCELONA



**NÓG AÐ GERA** Aron er með mörg járn í eldinum, en auk þess að vera þjálfari íslenska landsliðsins í handbolta stýrir hann danska liðinu Kolding.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Stefnum áfram hátt

**Kolding hefur gengið flest í haginn síðan landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson tók við. Hann stefnir á að vinna alla titla sem í boði eru í vetur, þrátt fyrir mikil meiðsli. Aron kveðst ánægður með ástandið á íslensku landsliðsmönnunum.**

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson situr ekki auðum höndum. Auk þess að þjálfa íslenska karlalandsliðið í handbolta stýrir hann KIF Kolding København sem er handhafi allra þeirra titla sem í boði eru í Danmörku.

Aron tók við Kolding eftir að EM í Danmörku lauk vegna veikinda þáverandi þjálfara liðsins. Undir stjórn Arons varð Kolding bikarmeistari eftir sigur á Bjerringbro/Silkeborg og danskur meistari eftir tvo sigra á Álaborg í úrslitaeinvígi. Kolding hélt uppteknum hætti með því að vinna Álaborg í leiknum um danska Ofurbikarinn í lok síðasta mánaðar.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Aron að Kolding myndi hvergi slaka á í vetur. „Markmiðið er að vinna alla titla sem í boði eru hér í Danmörku. Við erum tvöfaldir meistarar og stefnum áfram hátt,“ sagði Aron sem gerir ráð fyrir því að Kolding muni berjast um danska meistaratitilinn við Álaborg, Skjern, Team Tvis Holstebro og Bjerringbro-Silkeborg.

### Mikil meiðsli

Aron hefur verið í töluverðum vandræðum vegna meiðsla leikmanna Kolding sem situr í efsta sæti dönsku deildarinnar með fimm stig eftir þrjár umferðir: „Það voru leikmenn, sem voru búnir að vera meiddir í lengri tíma, sem við héldum að væru orðnir klárir þegar við höfum undirbúninginn en voru ekki í því ástandi sem við bjuggumst við,“ sagði Aron. Til að mynda eru Kim Andersson og Kasper Irming, báðar hægri skyttur liðsins, að stíga upp úr langvarandi meiðslum, auk þess sem Lasse Boesen hefur lent í miklum hremmingum.

„Þegar Boesen var að koma aftur eftir erfiða axlaraðgerð fékk hann gigtarsjúkdóm, þannig að hann gat ekkert gert í langan tíma. Andersson spilar bara vörnina hjá okkur, en hann getur lítið skotið á markið, og Irming er hægt og rólega að koma til baka eftir krossbandaslit,“ sagði Aron og bætti við:

„Svo fór Lasse Andersson, ungur strákur sem spilar vinstra megin fyrir utan, í aðgerð í sumar vegna langvarandi hnémeiðsla. Hann verður vonandi klár um næstu mánaðamót. Og svo fékk varnarjaxlinn Lars Jørgensen skot í höfuðið gegn Álaborg og gat þar af leiðandi ekki verið með okkur í síðasta leik gegn Skanderborg.“

### Viljum gjarnan komast lengra

Kolding er meðal þátttökuliða í Meistaradeild Evrópu, en Aron og félagar drógust í sterkan riðil; með spænska stórveldinu Barcelona, Besiktas frá Tyrklandi, pólska liðinu Wisła Płock, Alingsås HK frá Svíþjóð og ríkjandi Evrópumeisturum Flensburg. Aron segir að fyrsta markmið sé að komast upp úr riðlinum:

„Fyrst er að komast upp úr þessum sterka riðli. Við komumst í 16-liða úrslit í fyrra (þar sem Kolding tapaði fyrir Metalurg Skopje) og viljum gjarnan komast lengra í ár.“ Aron bætti þó við að það gæti reynst þrautin þyngri ef liðið yrði í jafn miklum meiðslavandræðum og í byrjun tímabilsins.

### Ánægjulegar breytingar

Það styttist í næstu verkefni íslenska landsliðsins, en framundan eru tveir leikir, gegn Ísrael á heimavelli og Svartfjallalandi á útivelli í undankeppni EM 2016. Serbía er fjórða liðið í riðli Íslands, en efstu tvö liðin í riðlunum sjö, sem og liðið sem er með bestan árangur í þriðja sæti, komast í lokakeppnina sem haldin verður í Póllandi.

Margir af íslensku landsliðsmönnunum skiptu um félög í sumar. Landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson fór frá Kiel til Barcelona, Snorri Steinn Guðjónsson frá GOG í Danmörku til franska liðsins Sélestat, Ásgeir Örn Hallgrímsson færði sig um set í Frakklandi, frá Paris SG til Nîmes, og svo mætti lengi telja. Aron er ánægður með þær breytingar sem hafa orðið á högum þessara leikmanna:

„Mér finnst vera betra ástand á landsliðsmönnunum núna, en það var lengi vel síðasta vetur. Þá voru þó nokkrir leikmenn að glíma við meiðsli eða voru í liðum þar sem þeir fengu ekki mörg tækifæri,“ sagði Aron sem sér fram á bjartari tíma:

„Flestir leikmannanna eru búnir að ná sér af meiðslunum og eru í stærri hlutverkum en áður. Þeir ættu því að vera í betri leikæfingu þegar landsliðið kemur saman. Það var þarft því ástandið í fyrra var ekki nógu gott,“ sagði Aron að lokum. **ingvithor@365.is**



flexi GÆÐIN SKIPTA MÁLI
DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini
Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins S: 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

# SONOS

## FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM




### Hvað er SONOS?

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er. Spilaðu það sem þú vilt hvar sem er á heimilinu í gegnum Sonos kerfið sem er mjög einfallt í uppsetningu.

Spotify · Google play

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**



# Ekki rætt um Jón Daða



**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson staðfesti við Fbl að óvíst væri hvort Jón Daði Böðvarsson myndi leika með A-landsliðinu eða U21 árs landsliðinu í næsta mánuði. Er þetta í annað skipti sem þetta gerist en síðast veitti KSÍ Eyjólfi heimild til þess að velja leikmenn úr A-landsliðinu enda hafði liðið fallið úr leik í undankeppninni á þeim tíma. Annað er upp á teningnum núna og sagði Eyjólfur að þeir myndu ræða þetta þegar að því kæmi.

„Við erum ekkert búnir að ræða þetta, við skoðum þetta þegar nær dregur. Okkar hugmynd er auðvitað að gera það besta fyrir bæði landslið og núna skiptir þetta máli fyrir bæði lið ólíkt stöðunni síðast,“ sagði Eyjólfur sem var glaður að sjá Jón Daða skora í sínum fyrsta mótsleik.

„Ég er auðvitað bara ánægður að hann sé kominn svona langt. Þetta er frábær strákur sem er samviskusamur og á eftir að ná langt. Við erum í því að búa til landsliðsmenn.“ **- kpt**



**SPENNTUR** Eyjólfur Sverrison leiddi í annað sinn lið íslenska U-21 árs landsliðsins í umspil upp á sæti á EM. Ljóst er að mótherjar Íslands gríðarlega erfiðir sama hvaða liði þeir mæta en dregið verður í Genf í hádeginu á íslenskum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þessi lið eru gjörólík

**Eyjólfur Sverrisson og lærisveinar hans í U21 árs landsliðinu eru í pottinum í umspili upp á sæti á EM í annað sinn en Eyjólfur segir mikinn mun á liðunum.**

**Kristinn Páll Teitsson**
kristinnpall@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson og lærisveinar hans bíða spenntir eftir því að dregið verði í umspili um sæti á Evrópumótinu 2015 í Genf í dag. Sama hverjir mótherjarnir verða þá er ljóst að verkefnið verður gríðarlega erfitt en sex þjóðir koma til greina í dag: England, Portúgal, Ítalía, Danmörk, Spánn og Þýskaland. Strákarnir okkar hafa hins vegar sýnt að þeir óttast engan andstæðing og hafa sýnt getu sína, nú síðast með jafntefli gegn geysisterku liði Frakklands sem í eru leikmenn upp á tugi milljóna evra.

Eyjólfur var vitanlega sáttur eftir að hafa nælt í stig í Frakklandi en fyrri leik liðanna lauk með 4-3 sigri Frakklands í háspennuleik á Laugardalsvelli.

„Okkur grunaði að jafntefli myndi nægja. Við ætluðum að halda í stigið og reyna að taka þrjú stig í lokin, það mátti litlu muna en við erum sáttir með stigið í dag. Við vorum að mæta stjörnum prýddu liði Frakklands og við þurftum að vera fastir fyrir og reyna að loka á þá,“ sagði Eyjólfur en í liði Frakklands voru leikmenn frá Monaco, Arsenal og Chelsea.

Eyjólfur var þjálfari U21 árs liðsins þegar það komst í lokakeppni EM 2011 í Danmörku en hann segir að liðin séu ólík á sinn hátt. „Að mínu mati eru þetta gjörólík lið. Munurinn er helst sá að í dag erum við með líkamlega sterkara lið. Það var meira spil í liðinu árið 2011, við reyndum að spila boltanum hratt eftir jörðinni, en við erum með mun sterkara lið í dag. Við vorum gríðarlega öflugir í föstum leikatriðum í undankeppninni enda öflugir í loftinu,“ sagði Eyjólfur sem sagði að undankeppnin fyrir EM árið 2013 hefði verið góður skóli fyrir liðið. Ísland lenti í neðsta sæti riðilsins í þeirri undankeppni og voru efasemdir um Eyjólf sem þjálfara.

„Það var lærdómsrík undankeppni, við komum beint úr undankeppninni og fengum engan undirbúning fyrir þann hóp. Fyrir vikið fórum við beint í leikina og undirbúningurinn var einfaldlega ekki nægilega góður. Við lærðum mikið af þeirri keppni.“

### Reynum að búa til sigurvegara

Margir af leikmönnunum sem hafa gegnt lykilhlutverki í íslenska landsliðinu undanfarin tvö ár voru með U21 árs landsliðinu sem keppti í Danmörku. Eyjólfur segir að þrátt fyrir að góður árangur sé alltaf velkominn þá sé meginhlutverk liðsins enn í dag að undirbúa leikmenn fyrir landsliðið.

„Okkar markmið er auðvitað að búa til leikmenn fyrir landsliðið. Það sem við erum að reyna að innprenta strákunum er sigurvilji, að trúa að þeir séu að fara vinna fyrir alla leiki í stað þess að vona það besta. Við viljum búa til sigurvegara sem fara í leik til þess að ná í stigin þrjú og hafa lausnir til þess,“ sagði Eyjólfur en hann telur að leikmenn íslenska liðsins muni læra af leikjunum í umspilinu og leikjunum á móti Frakklandi.

„Þessir leikir eru gríðarlega mikilvægir fyrir þessa stráka, þetta eru öflug lið og þarf að verjast vel á móti þeim og þeir læra inn á það. Í leiknum skiptum við í 4-4-2 þegar skammt var til leiksloka sem hefur verið helsta leikkerfi íslenska liðsins og þeir brugðust vel við því,“ sagði Eyjólfur sem er í góðu samstarfi við Lars Lagerbäck og Heimi Hallgrímsson, landsliðsþjálfara Íslands. Þjálfarinn á engan óskamótherja í drættinum.

„Vonandi fáum við útileik fyrst og eigum þá heimaleikinn inni ef þetta fer í framlengingu. Við vitum að þetta verður alltaf gríðarlega erfiður mótherji en við sýndum á móti Frakklandi að við höfum í fullu tré við flesta. Ég ætla ekki að segja að við séum óttalausir, við verðum að vera fullkomlega einbeittir þegar að þessu kemur en vonandi getur óttinn hjálpað okkur,“ sagði Eyjólfur og bætti við að ekkert lið hentaði betur en annað.

## ÚRVALSLIÐ MÓTHERJANNA

**JACK BUTLAND** (ENG)
Einn efnilegasti markmaður Bretlandseyja. Gekk til liðs við Stoke í fyrra þrátt fyrir áhuga annarra stórliða.

**JAVIER MANQUILLO** (SPÁ)
Hægri bakvörður sem gekk til liðs við Liverpool á láni í vor frá spænsku meisturunum í Atletico Madrid. Hefur byrjað tímabilið vel.

**MARCO MUNIESA** (SPÁ)
Fór frá Barcelona til þess að fá fleiri tækifæri og gekk óvænt til liðs við Stoke. Varð næstyngsti leikmaður Barcelona á sínum tíma en hann er leikinn varnarmaður.

**JORDI AMAT** (SPÁ)
Ungur spænskur miðvörður sem hefur leikið 30 leiki fyrir Swansea á sínu fyrsta tímabili hjá félaginu. Sterkur varnarmaður sem getur borið boltann upp fyrir lið sitt.

**ERIC DIER** (ENG)
Ungur vinstri bakvörður sem var keyptur til Tottenham í sumar og hefur slegið í gegn með tveimur mörkum í fyrstu tveimur leikjum sínum.

**EMRE CAN** (ÞÝS)
Sterkur miðjumaður sem kom til Liverpool í sumar frá Bayern Leverkusen fyrir tæpar tíu milljónir punda. Sýndi fína takta á undirbúningstímabilinu.

**IKER MUNIAIN** (SPÁ)
Þrátt fyrir að vera aðeins 21 árs hefur hann leikið 164 leiki fyrir Athletic Bilbao. Gríðarlega góður leikmaður sem er reglulega orðaður við mörg af stærstu liðum heims.

**SERGI ROBERTO** (SPÁ)
Hefur verið kallaður næsti Xavi og næsti Iniesta, miðjumaður frá Barcelona sem hefur alla hæfileikana sem leikmaður Barcelona þarf. Lék 17 leiki með liðinu á síðasta tímabili og fær veigameira hlutverk á þessu tímabili.

**GERARD DEULOFEU** (SPÁ)
Eyddi síðasta tímabili á láni hjá Everton, tekniskur leikmaður með markanef og eru miklar væntingar bornar til hans hjá Barcelona en hann er á láni hjá Sevilla í eitt ár.

**WILFRIED ZAHA** (ENG)
Sprækur leikmaður sem Sir Alex Ferguson greiddi á sínum tíma 15 milljónir punda fyrir. Náði ekki að sýna sitt rétta andlit á síðasta tímabili en skoraði sigurmark Crystal Palace um helgina.

**SAIDO BERAHINO** (ENG)
Hefur vakið töluverða athygli á Englandi, skoraði sigurmark WBA á Old Trafford á síðasta tímabili og hefur skorað tvö mörk í þremur leikjum á þessu tímabili.



# FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA



## VIKUTILBOÐ Á FARTÖLVU SEM BREYTIST Í SPJALDTÖLVU MEÐ EINUM SMELLI !

**Transformer Book opnar nýja möguleika. Notaðu hana sem fartölvu í skólanum og sem spjaldtölvu til að kíkja á netið í sófanum heima með einum smelli. Öflugur vélbúnaður og fislétt tölva með langri rafhlöðuendingu.**

## SÉRSTAKT VIKUTILBOÐ

# 69.990

**FULLT VERÐ 84.990**

GILDIR TIL OG MEÐ 17. SEPTEMBER

ASUS ASU-T100TADK024H

**Glæsilega hönnuð fartölva og spjaldtölva sem vegur aðeins um 1 kíló með sprækum fjögurra kjarna Intel Atom örgjörva. Kristaltær og skarpur 10.1" HD LED snertiskjár með 1366x768 punkta upplausn. 2GB LPDDR3 vinnsluminni, 64GB Flash diskur fyrir gögnin og Intel HD grafikkjarni. Windows 8.1 stýrikerfi og Office 2013 Home & Student pakkinn með Word, Excel, PowerPoint og OneNote fylgir með.**

### Ný kynslóð fartölva
Transformer Book tilheyrir nýrri kynslóð fartölva sem hafa það framyfir venjulegar fartölvur að með einum smelli er hægt að taka skjáinn úr lyklaborðsvöggunni og nota sem spjaldtölvu.

### Vinnuþjarkur á ferðinni
Þessi nýji flokkur fartölva er sérstaklega hentugur fyrir þá sem vilja hafa fartölvuna fislétta og netta með rafhlöðu sem dugir vinnu- eða skóladaginn.

### Spjaldtölvan fyrir netið
Það er mjög þægilegt að geta smellt spjaldtölvunni úr fartölvunni með einu handtaki og notað án lyklaborðsins fyrir netið og Facebook.

### Intel Atom Quad Core
Sprækur fjögurra kjarna Intel Atom örgjörvi ásamt 64GB Flash minni tryggir hraða vinnslu og stuttan svartíma.

### IPS skjágæði
Kristaltær 10.1" skjár með IPS skjátækni og 1366x768 punkta upplausn tryggir frábær myndgæði. Sérstök birtustilling fyrir lestur til að minnka augnþreytu.

### Office 2013 pakkinn fylgir með
Vinsæli Office 2013 Home & Student með Word, Excel, PowerPoint og OneNote fylgir með Transformer Book.

### 11 tíma rafhlöðuending
TransformerBook kemur með rafhlöðu með allt að 11 tíma endingu og dugar því lengur án hleðslu en flestar fartölvur.

### Glæsileg hönnun
Asus hafa verið í fararbroddi í að framleiða fartölvur og spjaldtölvur sem eru ekki aðeins traustar og vandaðar heldur eru líka glæsilega hannaðar og flottar.

### PROMENNT ÓKEYPIS WINDOWS 8.1 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !
Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8.1 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.1.




**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS**

tl.is TÖLVULISTINN

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.10**

**Mike and Molly**

Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



**NCIS**

**STÖÐ 2 KL. 20.35** Fjórða þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni.



**The Biggest Loser Ísland**

**SKJÁR EINN KL. 19.30** Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný. Í þessari þáttaröð einbeita þjálfarar sér hins vegar ekki einungis að keppendum, heldur heilu og hálfu bæjarfélögunum sem keppendur koma frá. Nú skulu fleiri fá að vera með.



**Dagur Rauða nefsins**

**RÚV KL. 19.35** Bein útsending frá Degi rauða nefsins sem haldinn er í samvinnu við UNICEF. Grín og alvara í bland með þjóðþekktum grínistum, leikurum, skemmtikröftum og tónlistarmönnum.

**Bylgjan kl. 16.00**

**Veistu hver ég var?**

ÍvarGuðmundsson skemmtir hlustendum með flottustu 80's-tónlistinni.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle**
**08.30 Drop Dead Diva**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Last Man Standing**
**10.40 The Smoke**
**11.25 Junior Masterchef Australia**
**12.15 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Michael Jackson Life of an Icon**
**15.30 Hulk vs. Wolverine**
**16.30 Young Justice**
**16.50 The Big Bang Theory**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Super Fun Night**
**19.45 Impractical Jokers**
**20.10 Mike and Molly**
**20.35 NCIS. Los Angeles** Fjórða þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni.
**21.20 Louie** Skemmtilegir gamanþættir um fráskilinn og einstæðan föður sem baslar við að ala dætur sínar upp í New York ásamt því að reyna koma sér á framfæri sem uppistandari.
**21.45 Stand Up Guys** Gamansöm mynd frá 2012 með Al Pacino, Christopher Walken og Alan Arkin í aðalhlutverkum.
**23.20 Insidious** Spennutryllir frá 2010 sem fær hárin til að rísa.
**01.00 Scorpion King 3. Battle for Re**
**04.25 The Girl**
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**11.15 Leiðin til Frakklands**
**12.15 Gummersbach - RN-Löwen**
**13.35 Þýsku mörkin**
**14.05 Portúgal - Albanía**
**15.45 Demantamótin**
**17.50 Ísland - Tyrkland**
**19.30 La Liga Report**
**20.00 Meistaradeild Evrópu**
**20.30 Tékkland - Holland**
**22.10 Danmörk - Armenía**
**23.55 Euro 2016 - Markaþáttur**
**00.45 UFC Now 2014** Flottir

## SPORT 2
*enski boltinn*

**12.25 Andorra - Wales**
**14.10 Premier League World**
**14.40 Newcastle - Crystal**
**16.30 Sviss - England**
**18.20 Man. City - Stoke**
**20.00 Match Pack**
**20.30 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.00 Messan**
**21.45 Burnley - Man. Utd.**
**23.25 Messan**
**00.10 Enska úrvalsdeildin - upphitun**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Kling Klang **21.30** Eldhús meistaranna

## STÖÐ 3

**17.10 Raising Hope**
**17.30 The Neighbors**
**17.50 Cougar Town**
**18.15 The Secret Circle**
**19.00 Top 20 Funniest**
**19.45 Britain's Got Talent**
**21.20 X-factor UK**
**22.05 Grimm**
**22.50 Sons of Anarchy**
**23.35 Longmire**
**00.15 Top 20 Funniest**
**00.55 Britain's Got Talent**
**02.30 X-factor UK**
**03.15 Grimm**
**03.55 Sons of Anarchy**
**04.40 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar**07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram!**08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Skógardýrið Húgó **09.44** Gulla og grænjaxlarnir **09.56** Tommi og Jenni**10.00** Lukku-Láki**10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll**11.00** Dóra könnuður**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.22** Skógardýrið Húgó**13.44** Gulla og grænjaxlarnir**13.56** Tommi og Jenni**14.00** Lukku-Láki **14.25** Latibær **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór**15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Elías**16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.22** Skógardýrið Húgó**17.44** Gulla og grænjaxlarnir**17.56** Tommi og Jenni**18.00** Lukku-Láki **18.25** Latibær **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Dýrafjör **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.55 Strákarnir**
**18.20 Frasier**
**18.45 Friends**
**19.05 Seinfeld**
**19.30 Modern Family**
**19.55 Two and a Half Men**
**20.15 Réttur**
**21.00 Homeland**
**21.55 A Touch of Frost**
**00.05 Shameless**
**00.50 Footballers' Wives**
**01.35 Réttur**
**02.20 Homeland**
**03.15 A Touch of Frost**
**05.20 Shameless**
**06.05 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45 Rumor Has It**
**13.20 Diary of a Wimpy Kid. Dog Days**
**14.55 Save Haven**
**16.50 Rumor Has It**
**18.25 Diary of a Wimpy Kid. Dog Days**
**20.00 Save Haven**
**22.00 The Hangover 3**
**23.40 Game of Death**
**01.15 Don't Be Afraid of the Dark**
**02.50 The Hangover 3**

## RÚV

**15.40 Ástareldur**
**16.30 Ástareldur**
**17.20 Kúlugúbbarnir**
**17.44 Nína Pataló**
**17.51 Sanjay og Craig**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Nautnir norðursins**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Dagur rauða nefsins** Bein útsending frá Degi rauða nefsins sem haldinn er í samvinnu við UNICEF. Grín og alvara í bland með þjóðþekktum grínistum, leikurum, skemmtikröftum og tónlistarmönnum. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson.
**23.40 Wallander – Svik** Sænsk sakamálamynd frá 2013. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfið sakamál. Leikstjóri er Charlotte Brändström og meðal leikenda eru Krister Henriksson og Charlotta Jonsson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.15 Kaldastríðsklækir**
**03.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Talk**
**09.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.25 Marvel. Assembling a Universe**
**16.10 Friday Night Lights**
**16.55 The Moaning of Life**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 The Talk**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.30 The Biggest Loser - NÝTT** *(1.27)* Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný. Í þessari þáttaröð einbeita þjálfarar sér hins vegar ekki einungis að keppendum, heldur heilu og hálfu bæjarfélögunum sem keppendur koma frá. Nú skulu fleiri fá að vera með!
**20.15 The Biggest Loser** *(2.27)* Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný. Í þessari þáttaröð einbeita þjálfarar sér hins vegar ekki einungis að keppendum, heldur heilu og hálfu bæjarfélögunum sem keppendur koma frá. Nú skulu fleiri fá að vera með!
**21.00 The Saint** The Saint, smellur frá árinu 1997, skartar stjörnunum Val Kilmer og Elisabeth Shue í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um Simon Templar sem er farsæll þjófur og huldumaður og gengur undir ýmsum dýrlinganöfnum við iðju sína. Hann nær ítrekað að leika á yfirvöld og kemst upp með stóra og smáa þjófnaði.
**23.00 The Tonight Show**
**23.40 Law & Order. SVU** *(4.24)*
**00.25 Revelations**
**01.10 The Tonight Show**
**01.50 The Tonight Show**
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour **2014 13.00** LPGA Tour **2014 16.10** Golfing World **2014 17.00** PGA Tour **2014 22.00** Champions Tour **2014** - Highlights **22.55** Web.com Tour Highlights

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


DAGUR RAUÐA NEFSINS
KLUKK!
#rauttnef
VERTU MEÐ!
Ekki missa af degi rauða nefsins
á RÚV klukkan 19:35 í kvöld!
unicef
PIPAR\TBWA • SÍA

FÖSTUDAGSLAGIÐ



**Because the Night með Patti Smith.**

Ása Ninna Pétursdóttir, eigandi GK Reykjavík og Suit.

# Tilnefnd til evrópskra verðlauna

Önnur sjónvarpsþáttaröðin um Ástríði er tilnefnd til evrópsku sjónvarpsverðlaunanna, Prix Europa, sem eru eftirsóttustu verðlaun sinnar tegundar í Evrópu.



„Ég þekki þessi verðlaun ekki mikið en þetta hlýtur að vera mjög mikill heiður," segir leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir sem leikur Ástríði en önnur þáttaröðin um Ástríði er tilnefnd til evrópsku sjónvarpsverðlaunanna, Prix Europa, sem er stærsta hátíð sinnar tegundar í Evrópu. „Ég veit svo sem ekki hvernig þetta er valið og svona en þykir ótrúlega gaman að fólk skuli vera að horfa á þetta í Evrópu og þykja þetta eitt besta sjónvarpsefnið."

Þáttaröðin sem sýnd var síðastliðið haust hefur vakið mikla lukku og fékk til að mynda fjórar tilnefningar til Edduverðlauna árið 2014 og hlaut verðlaunin í flokknum leikið efni ársins.

Ilmur Kristjánsdóttir leikur ekki einungis titilhlutverk þáttanna því hún er einnig einn handritshöfunda ásamt Hannesi Páli Pálssyni, Maríu Reyndal og Sigurjóni Kjartanssyni en Silja Hauksdóttir var leikstjóri. „Það er mjög gaman að leika hana og gera hana klaufska og svona. Það byggist svolítið á því að maður hafi skrifað hana og sé með þetta allt í hausnum," bætir Ilmur við en hún er einnig meðframleiðandi.

Ilmur er nú að leika í fimmtu seríunni af Stelpunum og er einnig að undirbúa sig fyrir nýja þáttaröð sem kallast Ófærð og verður tekin upp í vetur.

Ekki liggur fyrir hvort þriðja serían af Ástríði fer í framleiðslu á næstunni. - glp

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur, 283 stk. verkfæri



179.900 m/vsk

Okkar besta verð

Verslanir

www.sindri.is / Sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður



**SKEMMTANASTJÓRINN** Guðni Ágústsson hefur mikla reynslu sem skemmtanastjóri og fór létt með hlutverkið í Afanum.

# Lék sjálfan sig óvart

Guðni Ágústsson þreytir frumraun sína í kvikmyndaleik í myndinni Afanum. Hann hafði þó ekki hugmynd um að hann væri á leið á hvíta tjaldið fyrir en eftir tökur.

„Ég hef svolitla æfingu sem leikari eftir að hafa verið í pólitíkinni, maður þarf stundum að leika aðeins á þeim vettvangi," segir Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, en hann er óvænt á leið á hvíta tjaldið. Um er að ræða hlutverk í kvikmyndinni Afanum sem tekin er upp að hluta á Kanaríeyjum. „Ég var staddur á Kanarí sem skemmtanastjóri fyrir ferðaskrifstofuna Vita og vissi bara af því að það væri verið að taka upp kvikmynd þarna en þegar ég fór út hafði ég ekki hugmynd um að ég væri að fara að leika í henni," segir Guðni, en hann sat einmitt í sömu flugvél og aðstandendur myndarinnar á leiðinni út og varð fyrst var við fólkið þá.

Guðni leikur í raun sjálfan sig í myndinni. „Guðni Ágústsson er mjög sannfærandi sem Guðni Ágústsson og leikur sjálfan sig mjög vel. Hann slær líklega Jóhannesi Kristjánssyni eftirhermu við," segir Bjarni Haukur Þórsson, leikstjóri myndarinnar, um frammistöðu fyrrverandi ráðherrans.

Guðni er skemmtanastjóri í kvikmyndinni og á stórleik þrátt fyrir að hafa ekki haft hugmynd um að hann myndi lenda á hvíta tjaldinu þegar verið var að taka upp atriðið. „Ég er bara ég sjálfur og var til dæmis ekkert sminkaður og fékk enga leikstjórn, þannig að ég bíð spenntur og á eflaust eftir að roðna þegar að ég sé myndina," segir Guðni glaður í bragði.

Hann hefur þó ekki einungis leikið á hinu pólitíska sviði, því hann var frægur héraðsleikari á árum áður. „Í Héraðsskólanum á Laugarvatni lék ég til dæmis mæta menn á borð við Lykla-Pétur, Jón Hreggviðsson og Svart þræl í Nýársnóttinni og drap þar kónginn og fékk mikla athygli. Ég hafði alveg hugsað mér að verða leikari en ég valdi mér stjórnmálin."

> ➜ Guðni Ágústsson er mjög sannfærandi sem Guðni Ágústsson og leikur sjálfan sig mjög vel.
>
> *Bjarni Haukur Þórsson, leikstjóri Afans*

Bjarni Haukur hefur þó orð á því hve vel Guðni lítur út. „Hann var ekki bara ótrúlega skemmtilegur heldur einnig í hörku formi og var þræltanaður," segir Bjarni um Guðna. „Ég er í World Class, geng á fjöll og syndi, þannig að ég er orðinn léttur frá því sem var, frá því ég var í pólitíkinni. Annars fer ég ekki í ljós þannig að tanið kemur bara af útivistinni," bætir Guðni við. Hann fer einu sinni á ári sem skemmtanastjóri til Kanaríeyja og kann vel við sig þar. „Þar er mjög gaman að vera með þessum skemmtilegu Íslendingum, við spilum til dæmis framsóknarvist, mínígolf og bingó og hlæjum mikið," segir Guðni.

Afinn verður frumsýndur 25. september í kvikmyndahúsum land allt. gunnarleo@frettabladid.is




Póst dreifing

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is

# Snýst um að byggja upp útgerðir

Nýtt íslenskt borðspil í bígerð. Blanda af Hættuspilinu og Útvegsspilinu.

Nýtt íslenskt skemmtispil að nafni Aflakló er nú í bígerð. Í því keppast leikmenn við að byggja upp útgerðarveldi sín með því að sækja sjóinn, selja afla og klekkja á andstæðingum. „Á hverju horni leynast hættur í formi norskra útgerðarmanna, ríkisstjórnarinnar og Grænfriðunga," segir Bjarki Vigfússon, einn höfunda spilsins. Hann tekur þó fram að menn þurfi alls ekki að vita neitt um sjávarútveg eða sjómennsku til að geta spilað og að spilið muni henta aldurshópnum 10 ára og eldri.

Spilinu er lýst sem nokkurs konar blöndu af tveimur vinsælustu spilum Íslandssögunnar, Hættuspilinu og Útvegsspilinu. Þá er mikið lagt í útlitið á spilinu en finnski hönnuðurinn Milja Korpela sér um teikningar og hönnun.

Hópsöfnun fyrir spilinu hófst í gær á Karolina Fund.

„Þetta verður flott og eigulegt spil en við þurfum smá hjálp við að fjármagna framleiðsluna. Þetta er jólagjöfin í ár og mjög hagkvæmt að kaupa spilið núna í hópfjármögnun," segir Bjarki en hann hefur unnið að spilinu ásamt Hauki Má Gestssyni og Milju. Bjarki og Haukur starfa sem hagfræðingar og verkefnastjórar hjá Íslenska sjávarklasanum. Milja er vöru- og grafískur hönnuður. Þau hafa unnið að Aflakló í hjáverkum síðustu mánuði en til stendur að gefa spilið út fyrir jól. - þij



**FORSALA** Milja Korpela, Haukur Már Gestsson og Bjarki Vigfússon nota forsölu til þess að fjármagna framleiðsluna.



Íslenskt fjölskyldufyrirtæki
og framleiðsla síðan 1984
TE & KAFFI
MALAÐ
ESPRESSO
ROMA
7 7 6 6
MALAÐ
COLOMBIA
SANTOS
5 6 4 5
Sérvalið
HANDBRAGÐ
MEISTARANS
af brennslumeistara
ILMANDI
HLUTI AF DEGINUM
TE & KAFFI NOTAR EINGÖNGU ÚRVALS KAFFIBAUNIR
FRÁ BESTU RÆKTUNARSVÆÐUNUM, SÉRVALDAR OG
BRENNDAR AF BRENNSLUMEISTARA.
TE & KAFFI
BAUNIR
AMERICA
RAINFOREST
8 5 5 4
HANDBRAGÐ
MEISTARANS
BAUNIR
FRENCH
ROAST
2 7 2 7
TE & KAFFI
MALAÐ
JAVA
MOKKA
3 7 3 5
HANDBRAGÐ
MEISTARANS
TE & KAFFI
MALAÐ
AFRICA
WILDFORE
4 4 7 4

FRÉTTABLAÐIÐ
**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**
**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frosti Gnarr hitti Leiðan dreng

Þúsundþjalasmiðurinn Frosti Gnarr var staddur í Gautaborg í Svíþjóð á dögunum til að spila undir fyrir rapparann og Íslandsvininn Zebra Katz á Way Out West-hátíðinni. Í skrautlegu eftirpartíi lenti Frosti í því að rekast á ungstirnið Yung Lean, sem vakið hefur gríðarlega athygli í rappheiminum undanfarið ár með afar sorglegri rapptónlist, enda heitir grúppan hans The Sad Boys eða Leiðu drengirnir. Lean var þó ekkert sorgmæddur að sögn Frosta heldur var hann mjög hress. Kapparnir smelltu mynd af sér saman í góðu yfirlæti.

- þij



### Jóhann aftur á DV

Hallgrímur Thorsteinsson, nýr ritstjóri DV, hefur ákveðið að ráða **Jóhann Hauksson**, blaðamann og fyrrverandi upplýsingafulltrúa ríkisstjórnarinnar, sem sína hægri hönd. Þetta staðfestir Jóhann í samtali við blaðið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á hlutverk hans að vera það að þróa nýja leiðaraopnu blaðsins og koma skikki á ýmis mál sem þarfa að laga á blaðinu. Jóhann mun hefja störf á mánudag. Á sínum tíma skildi leiðir Jóhanns og DV vegna ólíkra sjónarmiða hans og Reynis Traustasonar, þáverandi ritstjóra.

- sa



### Mest lesið Vísir

1 Sagan geymir afar öflug þeytigos
2 Mesta öskjusig á Íslandi síðan 1875
3 Fékk fimm aukadaga í íbúðinni
4 Kort afhjúpa leyndardóma
5 Skemmdir á bílum daglegt brauð: „Þessi heiði er alveg skelfileg“




